

Háskóli Íslands
Félagsvísindadeild



Hegðun, líðan og félagslegar aðstæður
11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi

Sjónarhorn barna, foreldra, kennara og starfsmanna barnaverndar

Halldór Sigurður Guðmundsson
Leiðbeinandi: dr. Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Lokaritgerð til meistaraþráðu í félagsráðgjöf, 30 einingar
September 2005

Útdráttur

Leitað var eftir upplýsingum um félagslegar aðstæður og eftir samræmdu mati á vandkvæðum í úrtaki 90 barna á aldrinum 11-18 ára innan barnaverndar á Íslandi. Brottfall var 47%. Upplýsingar um félagslegar aðstæður bárust frá foreldrum 27 barna. 144 staðlaðir matslistar ASEBA bárust frá foreldri/um, kennara, börnunum sjálfum og starfsfólki barnaverndar, varðandi 48 börn. Barnaverndarmálin höfðu staðið yfir í 4-44 mánuði og 30% málanna áður verið í vinnslu hjá barnaverndaryfirvöldum. Rannsóknin var meginndleg og úrtakið slembiúrtak úr málaskrá opinna mála hjá barnaverndarnefndum í 13 umdæmum. Við tölfræðilega úrvinnslu var gerð dreifigreining og aðhvarfsgreining. Helstu niðurstöður voru að heildarvandkvæði, félagsleg færni og námsleg staða barnanna mælast á klínískum mörkum. Munur er á mati upplýsingagjafanna en sá munur er breytilegur eftir einkenna- og færniþáttum. Vísbending er um að foreldrar og kennarar meti erfiðleika meiri en barnið sjálft og starfsfólk barnaverndar gerir. Félagslegar aðstæður fjölskyldna barnanna einkennast af álagsþáttum s.s. skertri starfsorku, lítilli menntun og lágum tekjum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að 11-18 ára börn innan barnaverndar mælast með þrisvar til fjórum sinnum meiri vandkvæði en íslensk börn almennt og álíka mikil og börn sem leita aðstoðar innan geðheilbrigðiskerfisins. Samanburður við úrtak barna innan barnaverndar í Noregi og við klínískt úrtak í Bandaríkjunum sýnir að íslensku börnin eiga við álíka mikinn vanda að etja og þarlend börn. Niðurstöður benda til mikilvægis notkunar staðlaðs matstækis á vandkvæðum barna innan barnaverndar og gefa tilefni til umræðu og frekari rannsókna á sviði barnaverndar á Íslandi.

Abstract

This study provides information regarding the social circumstances and the nature and degree of problems experienced by a sample of 90 children, in families seeking assistance within the Child protection services in Iceland. Drop-out rate was 47%. Empirical data regarding the social circumstances was collected from the parents of 27 children between the ages of 11 and 18, and multi informant assessment regarding 48 children based on 144 ASEBA questionnaires from parents, teachers, social worker, and children's self report's. Child protection services had been active between 4 and 44 months in all cases. Thirty percent had been involved with child protection at least once on previous occasions. Subjects were randomly chosen from active cases in 13 jurisdictions of Child protection services in the country. Data was analyzed using descriptive statistics (t-tests and analysis of variance). Several common stressful factors were found in the social environment of participants. These include a diminished capacity and motivation to work, low education status, and low income. Results indicate that scores fall within the clinical range on the scales of total difficulties, social competence, and school competence. A significant difference was found between respondents. This difference is more pronounced on some symptom and competence items and less noticeable on others. Overall, results indicate that parents and teachers perceive problems to be more serious than do Child protection service providers and the children themselves. Results of the ASEBA show that children receiving assistance within the Child protection services in Iceland are experiencing three to four times more total problems than the normal population. This difference is comparable to problems among children in a psychiatric setting. Compared with Norwegian data and a US clinical sample, Icelandic children appear to be experiencing the same degree of difficulties. The importance of maintaining a positive collaborative relationship with children, their parents, and other important figures in the child's life, is discussed. The advantages of standardized assessment tools and different professions and institutions joining forces with Child protection services are

highlighted. It follows that greater attention and more research need to be conducted in this area.

Formáli

Þessi rannsókn var unnin sem 30 eininga lokaverkefni til meistaraþráðu í félagsráðgjöf við Félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá áramótum 2004 til hausts 2005. Bestu þakkið vil ég færa öllum foreldrum og starfsfólki barnaverndarumdæma sem gáfu samþykki sitt fyrir þátttöku í rannsókninni og öðrum sem gáfu sér tíma til þátttöku í verkefninu. Enn fremur vil ég koma á framfæri þökkum til þeirra sem sýnt hafa rannsókn þessari áhuga, gefið góð ráð og á annan hátt verið hvetjandi. Sérstakar þakkið vil ég færa dr. Freydísi Jónu Freysteinsdóttur, leiðbeinanda mínum, fyrir uppbyggilega og mikilvæga leiðsögn sem hefur verið mér mjög mikilvæg. Einnig vil ég færa Helgu Rínu Péturs, sérfræðingi hjá Barnaverndarstofu, og David Jakobowitz, tæknilegum ráðgjafa hjá ASEBA, þakkið fyrir aðstoð og gagnlegar leiðbeiningar við tölfraðilega vinnslu.

Einnig vil ég sérstaklega þakka vináttu og stuðning Sólrunar Engilbertsdóttur og móður hennar, Ingunnar Jónasdóttur. Samstarfsfélögum mínum, þeim dr. Guðrúnu Bjarnadóttur og dr. Helgu Hannesdóttur, vil ég þakka stuðninginn og margar góðar ábendingar. Vinkonu minni, Önnu Ólafíu Sigurðardóttur, vil ég þakka ómetanlega hvatningu og áhuga.

Að lokum vil ég færa fjölskyldu minni þakkið fyrir að sýna þessari rannsókn áhuga. Innilegar þakkið fær eiginkona mín, Ingileif Ástvaldsdóttir, sem hefur hvatt mig áfram og veitt mér dýrmætan stuðning, góð ráð og umburðarlyndi meðan ég vann að þessu verkefni.

Rannsóknin hlaut styrk að upphæð 80.000,- kr. Úr B-hluta vísindasjóðs Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| Útdráttur | 2 |
| Abstract | 3 |
| Formáli | 5 |
| Efnisyfirlit | 6 |
| Myndaskrá | 8 |
| Töfluskrá | 9 |
| Fylgiskjalaskrá | 10 |
| 1. Kafli Inngangur | 11 |
| Tilgangur rannsóknar | 11 |
| Val á viðfangsefni..... | 11 |
| Tengsl rannsóknar við hugmyndafræðilegan ramma | 12 |
| Mikilvægi rannsóknar | 14 |
| Rannsóknarspurningar | 15 |
| 2. Kafli Fræðileg umfjöllun | 17 |
| Barnavernd á Íslandi | 17 |
| Löggjöf | 17 |
| Hlutverk og markmið barnaverndar..... | 18 |
| Mál til umfjöllunar barnaverndarnefnda 1996-2003..... | 18 |
| Tílefni afskipta..... | 19 |
| Úrræði barnaverndarnefnda | 21 |
| Fjölskylduaðstæður barna innan barnaverndarkerfisins | 21 |
| Hvert leita barnaverndaryfirvöld eftir upplýsingum? | 22 |
| Samstarf við aðila máls í barnaverndarmálum..... | 23 |
| Hugmyndafræðilegur rammi | 24 |
| Fyrirbyggjandi starf | 25 |
| Mat á misbresti í aðbúnaði barna | 27 |
| Afleiðingar misbrests í uppeldi..... | 28 |
| Ólíkt mat aðila | 29 |
| Fræðilegur bakgrunnur | 30 |
| Viðbrögð barna þegar misbrestur verður í uppeldi | 31 |
| Líkan Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar..... | 35 |
| Rannsóknir á líkani Patterson's | 37 |
| Íslenskar rannsóknir um líðan, hegðunarerfiðleika og andfélagslega hegðun barna..... | 39 |
| Spurninga- og matslistar Achenbach's | 41 |
| Líðan og hegðun – þáttgreining Achenbach-matslistanna | 43 |
| Samantekt | 44 |

| | | |
|-----------------|---|------------|
| 3. Kafli | Aðferð..... | 46 |
| | Rannsóknarsnið | 46 |
| | Framkvæmd | 48 |
| | Úrtakið | 49 |
| | Fyrirlögn | 50 |
| | Gagnasöfnun | 50 |
| | Siðferðilegir þættir | 51 |
| | Mælitæki..... | 51 |
| | Spurningalisti varðandi bakgrunn og samstarf | 52 |
| | Forprófun..... | 52 |
| | Úrvinnsla gagna..... | 53 |
| 4. Kafli | Niðurstöður..... | 54 |
| | Almennt um svarendahópinn og gögnin | 54 |
| | Félagslegar aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar | 56 |
| | Þátttaka, samskipti og mat foreldra á samstarfi við barnaverndaryfirvöld um málefni barnsins | 57 |
| | Hegðun og líðan barna á aldrinum 11 til 18 ára sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af? | 58 |
| | Sjálfsmat barnanna | 58 |
| | Mat foreldra | 62 |
| | Mat kennara / starfsmanna skóla | 65 |
| | Mat starfsfólks barnaverndar | 67 |
| | Samanburður á mati upplýsingagjafa | 69 |
| | Samanburður við íslensk börn - viðmiðunarhópur | 75 |
| | Samanburður við Íslensk börn innan geðheilbrigðiskerfisins | 76 |
| | Mat barna og barnaverndarstarfsfólks á Íslandi og Osló | 77 |
| | Samanburður við klínískt úrtak bandarískra barna | 79 |
| 5. Kafli | Umræða..... | 81 |
| | Skil í rannsókninni..... | 81 |
| | Mat á áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna..... | 82 |
| | Hlutfallsskipting kynjanna..... | 83 |
| | Upplýsingagjafar í umhverfi barnanna meta erfiðleika barnanna meiri en börnin sjálf..... | 83 |
| | Erfiðleikar barnanna falla að líkani Patterson's..... | 84 |
| | Staða barnanna og tími afskipta barnaverndaryfirvalda | 85 |
| | Hátt hlutfall foreldra eru öryrkjar og/eða heimavinnandi | 88 |
| | Álagsþættir fjölskyldna..... | 88 |
| | Ólíkur vandi utan og innan höfuðborgarsvæðis | 89 |
| | Börn innan barnaverndar og sérþjónusta skóla og geðheilbrigðisþjónusta | 90 |
| | Hversu viðeigandi má ætla að stuðningsaðgerðir séu miðað við vanda barnsins/anna? | 91 |
| | Hagnýting niðurstaðna og ábendingar | 92 |
| | Heimildaskrá | 95 |
| | Fylgiskjöl | 103 |

Myndaskrá

| | |
|--|----|
| Mynd 1: Hlutfall sem er yfir 65 t-gildum á einstökum þáttum eftir kyni, að mati barna (YSR)..... | 59 |
| Mynd 2: Hlutfall barna sem skora yfir 60 t-stigum á líðan, hegðun og heildarvanda að mati foreldra/forráðamanna (CBCL)..... | 63 |
| Mynd 3: Hlutfall sem er yfir 65 t-gildum á einstökum þáttum, skipt eftir kyni, að mati forráðamanna (CBCL)..... | 64 |
| Mynd 4: Meðaltal t-gilda á líðan, hegðun og heildarvanda eftir upplýsingagjöfum. 70 | |
| Mynd 5: Hlutfall matslista sem eru yfir viðmiðunarmörkum (yfir 60 t-gildi)..... | 71 |
| Mynd 6: Meðaltal færniþátta að mati foreldra, barna og starfsfólks barnaverndar. .. | 72 |
| Mynd 7: Hlutfall matslista upplýsingagjafa sem eru yfir 65 t-gildum samkvæmt DSM flokkunarkerfi..... | 73 |
| Mynd 8: Hlutfall vandamála einstakra barna sem skora hærra en 65 t-gildi, að mati upplýsingagjafanna (CBCL, TRF, YSR) – ASEBA flokkun..... | 74 |

Töfluskrá

| | |
|--|----|
| Tafla 1: Fjöldi og hlutfall svarlista ASEBA sem bárust um drengi og stúlkur eftir upplýsingagjöfum..... | 55 |
| Tafla 2: Meðaltal t-gilda á sjálfsmatslista drengja og stúlkna varðandi líðan, hegðun og heildarvanda (YSR)..... | 58 |
| Tafla 3: Meðaltal t-gilda (t-score) eftir kyni að mati barna (YSR) varðandi virkni, félagslega færni og lífsleiki-/heildarfærni..... | 60 |
| Tafla 4: Meðaltal hrágilda á færniþáttum drengja og stúlkna að mati barnanna (YSR). | 61 |
| Tafla 5: Mat foreldra/forráðamanna (CBCL) á líðan, hegðun og heildarvanda drengja og stúlkna..... | 62 |
| Tafla 6: Meðaltal virkni, félaglegrar færni, skóla-/námslegrar færni og heildarlífsleikni drengja og stúlkna að mati foreldra (CBCL)..... | 64 |
| Tafla 7: Niðurstöður samkvæmt mati kennara/starfsmanna skóla (TRF) á líðan, hegðun og heildarvanda drengja og stúlkna..... | 66 |
| Tafla 8: Mat kennara og starfsmanna skóla á þáttum er varða aðlögun barnsins (TRF). | 67 |
| Tafla 9: Mat starfsmanna barnaverndar á líðan, hegðun og heildarvanda eftir kyni barns (CBCL)..... | 67 |
| Tafla 10: Virkni, félagleg færni, skóla-/námsleg færni og heildarlífsleikni drengja og stúlkna að mati starfsfólks barnaverndar (CBCL)..... | 68 |
| Tafla 11: Heildarvandi drengja og stúlkna í hrágildum (raw score), að mati upplýsingagjafa..... | 76 |
| Tafla 12: Samanburður heildarvanda og heildarfærni drengja og stúlkna innan barnaverndar á Íslandi og barnaverndar Osló..... | 78 |
| Tafla 13: Meðaltal heildarvanda drengja og stúlkna innan barnaverndar á Íslandi | 79 |

Fylgiskjalaskrá

| | |
|---|-----|
| Fylgiskjal 1: Töflur og línurit unnið upp úr ársskýrslum Barnaverndarstofu..... | 104 |
| Fylgiskjal 2: Líkan Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar..... | 109 |
| Fylgiskjal 3: Truflandi þættir fyrir skilvirku uppeldi - Patterson..... | 110 |
| Fylgiskjal 4: Einkennaþættir/flokkar (syndrome scale) ASEBA og DSM varðandi börn 6-18 ára..... | 111 |
| Fylgiskjal 5: Spurningar á CBCL, YSR og TRF raðað eftir einkennaþáttum/flokkum | 112 |
| Fylgiskjal 6: Bréf til barnaverndarumdæma/sveitarfélaga..... | 115 |
| Fylgiskjal 7: Kynningabréf til foreldra/forráðamanna og upplýst samþykki..... | 116 |
| Fylgiskjal 8: Bréf til þátttakenda og leiðbeiningar um fyrirlögn..... | 119 |
| Fylgiskjal 9: Skráningarblað vegna brottfalls..... | 120 |
| Fylgiskjal 10: CBCL – spurningalisti fyrir foreldra og starfsfólk barnaverndar..... | 121 |
| Fylgiskjal 11: TRF – spurningalisti fyrir kennara..... | 125 |
| Fylgiskjal 12: YSR – spurningalisti fyrir börn og unglunga 11-18 ára..... | 129 |
| Fylgiskjal 13: Sérstakur spurningalisti fyrir foreldra og varðandi samskipti og samstarf..... | 133 |

1. Kafli Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um tilgang þessarar rannsóknar og mikilvægi þess að slík rannsókn sé gerð innan barnaverndar á Íslandi, fyrir félagsráðgjöf og samfélagið í heild. Skýrt verður frá vali viðfangsefnisins, tengsl rannsóknar við hugmyndafræðilegan ramma og settar fram rannsóknarspurningar sem leitað er svara við.

Tilgangur rannsóknar

Með þessari rannsókn er sjónum beint að líðan, hegðun og félagslegri stöðu 11-18 ára barna sem barnaverndaryfirvöld á Íslandi hafa afskipti af. Niðurstöður byggjast á megindlegri rannsókn sem fram fór síðari helming ársins 2004 og fyrri hluta árs 2005. Rannsókninni er ætlað að varpa ljósi á hegðun, líðan og félagslegar aðstæður barnanna og fjölskyldna þeirra og verða þannig innlegg í umræðu og þróun þess mikilvæga og vandasama starfs sem fram fer á vegum barnaverndaryfirvalda. Það er von höfundar að rannsóknin geti orðið til að auka skilning og bæta aðstæður barna innan barnaverndar hér á landi og um leið orðið grundvöllur frekari rannsókna og umræðu.

Val á viðfangsefni

Á tímabilinu 1996-2002 hefur tilkynningum til barnaverndarnefnda fjölgað mikið og sömuleiðis börnum sem þær hafa afskipti af, bæði með könnun mála og sértækum aðgerðum (Barnaverndarstofa, 2000, 2004) (fylgiskjal 1). Þessi aukning er mest í eldri aldurshópum barna, það er 13-18 ára, og vekur upp spurningar um hvað kunni að valda þessari þróun. Er hegðun og líðan barna að breytast eða er umhverfið að gera aðrar kröfur til barnanna? Hvað veldur því að aukningin í þessum aldurshópi en er óveruleg hjá yngri aldurshópum? Eða kann skýringin að vera breyting á sjálfræðisaldri, úr 16 í 18 ára, sem gerð var í byrjun árs 1998? Þessar og margar fleiri spurningar vakna við að skoða þróun síðustu ára.

Athugun á tölulegum upplýsingum (Barnaverndarstofa, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004) gefur takmarkaðar upplýsingar eða svör við þessum spurningum og ekki liggja fyrir samræmdar upplýsingar eða rannsóknir varðandi hegðun, líðan eða félagslegar aðstæður barnanna. Með þetta í huga og reynslu rannsakanda af tíu ára starfi við barnavernd beindist áhuginn að því að rannsaka hegðun, líðan og félagslegar aðstæður 11-18 ára barna. Með því að nota staðlað matstæki, sem mælir hegðun og líðan barna og byggir á upplýsingum og mati margra aðila sem vel þekkja til barnsins í hverju tilviki, er hægt að fá fram ólík sjónarhorn og jafnframt að bera niðurstöður saman við aðrar mælingar fyrr og síðar (Achenbach og Rescorla, 2001; Guðrún Pálmadóttir, 2003).

Hér á landi og víða erlendis hefur á undanförunum árum verið bent á þörfina fyrir rannsóknir innan barnaverndar sem meðal annars miði að úrbótum á vinnulagi, samræmdara mati og aðgengilegri tölfærði (sbr. t.d. Anni G. Haugen, 2004; Bache-Hansen, 1995; Barnaverndarstofa, 2002; Christensen og Egelund, 2002; Christensen, 1998; Borup, 2002; Department of Health, HMSO, 1995; Grinde, 1997). Með rannsókn þessari verður leitast við að finna og skilgreina vanda og styrkleika 11-18 ára barna innan barnaverndar. Slíkar upplýsingar eru grundvöllur mats á hvort endurmeta þurfi aðferðir og áherslur í fyrirbyggjandi starfi barnaverndarinnar til að hindra óæskilega þróun, t.d. andfélagslega hegðun, og bregðast fyrr og betur við erfiðleikum barnanna.

Tengsl rannsókna við hugmyndafræðilegan ramma

Líta má á barnaverndarstarf í eðli sínu sem fyrirbyggjandi starf þar sem fyrst og fremst er reynt að hafa áhrif á þá þætti sem mestu máli skipta til að börnum líði sem best og þroskist eðlilega og frekari vandi sé fyrirbyggður. Verkefni barnaverndar eru margþætt og varða öll stig fyrirbyggjandi aðgerða og snerta ólíkar þarfir barna (Barnaverndarlög, 2002; Killén, 1991, 2000; Sandbæk, 1995).

Kari Killén (1991) setur fram tillögur um hvaða þætti þarf að skoða við mat á aðbúnaði barna, þætti, sem varða bæði umhverfi og persónulega hagi barns og foreldra. Hún telur slíka athugun verða að taka mið af þeim einkennum sem barn

sýnir um leið og horft er til þroska þess, aðstæðna og umhverfis. Þá skipti máli að greina á milli eiginleika barnsins annars vegar og viðbragða þess og lausna hins vegar (Killén, 1991).

Þróunarlíkan Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar var valið sem hugmyndafræðilegur rammi þessarar rannsóknar. Mörg einkenni, sem líkanið gerir ráð fyrir að börn geti sýnt á unglingsárum, eru mörg hver þau sömu og fram koma í skýrslum barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2000, 2004). Styrkur líkansins liggur í skýringagildi þess um að rekja megi þróun hegðunar og líðan unglunga sem ferli frá leikskólaaldri í gegnum skólaár til unglingsára og gefur því vísun til þess hvar áherslu ætti að leggja í fyrirbyggjandi aðgerðum (Patterson, DeBaryshe og Ramsey, 1989).

Erlendar rannsóknir hafa sýnt að félagsleg staða barna og fjölskyldna þeirra, sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af, eru önnur og erfiðari en gengur og gerist (Andenæs, 2002; Backe-Hansen og Havik, 1997; Christensen og Egelund, 2002; Department of Health, HMSO, 1995; Jonassen, Clausen og Kristofersen, 1997; Killén, 2000; Ólafur Örn Bragason, 2003). Sama virðist eiga við hér á landi því árin 1998-2003 búa aðeins 30-40% barnanna með báðum foreldrum sem er mun lægra en það 72% hlutfall hjóna eða fólks í sambúð með börn árið 2000 á landinu öllu (Barnaverndarstofa, 2002). Vitað er að aðstæður fjölskyldna þar sem einn aðili aflar heimilinu tekna eru erfiðari en þar sem fleiri fyrirvinnur eru, auk allra annarra verkefna við uppeldi og heimilisstörf en þannig eru oft á tíðum aðstæður foreldrar barna sem njóta aðstoðar barnaverndar (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Íslensk rannsókn sem þessi getur veitt frekari upplýsingar og aukið þekkingu á hegðun, líðan og félagslegum aðstæðum 11-18 ára barna og fjölskyldna þeirra. Hún er því mikilvæg forsenda þess að hægt sé að bera saman veikleika- og styrkleikaþætti barnanna og fjölskyldna þeirra við það sem vísbendingar eru um í öðrum rannsóknum og líkani Patterson's (1989).

Í þessari rannsókn er reynt að fá fram samræmt mat foreldra, kennara, barnsins og starfsmanna á stöðu barnsins. Þá skiptir líka miklu máli að þannig er fengin fram nákvæmari greining á styrkleikum og vanda barnanna því slík greining er grundvöllur samanburðar og íhlutunar barnaverndar á hverjum tíma. Rannsóknin

gengur út frá því lykilatriði að greining á vanda og styrkleikum barnsins byggist á sjónarmiðum og mati þeirra sem best þekkja til barnsins og munu óhjákvæmilega koma að málum þess við úrlausn vandans. Athyglisvert er síðan að skoða hvort og þá í hverju munurinn á mati þessara aðila liggur, t.d. út frá aldri og kyni, enda er sameiginlegur skilningur þeirra aðila sem næst barninu standa, mikilvægur grundvöllur að samstarfi í barnavernd.

Mikilvægi rannsókna

Rannsóknin hefur bæði fræðilegt og hagnýtt gildi. Aukin þekking á börnum og fjölskyldum barna innan barnaverndar er mikilvæg (Andenæs, 2002; Backe-Hansen, 1997; Christensen og Egelund, 2002; Department of Health, HMSO, 1995; Killén, 2000), enda um að ræða sérstakan hóp barna sem samfélagið telur á hverjum tíma að veita þurfi sérstaka aðstoð og vernd. Almenn er þörf meiri upplýsinga um stöðu barna sem þarfnast þjónustu og aðstoðar barnaverndaryfirvalda og æskilegt er að upplýsingar, sem nú þegar er að finna í ársskýrslum, væru enn meira samræmdar svo hægt væri að vinna frekar úr þeim og rannsaka (Barnaverndarstofa, 2003).

Barnaverndarmál eru og verða eitt af viðkvæmustu vandamálum hvers samfélags. Ástæðu þess er meðal annars að finna í að þá er tekist á um rétt barna sem búa við óviðunandi aðstæður til sérstakrar umönnunar og verndar foreldra sinna og almennra viðmiða um að samfélagið skuli hlutast til og aðstoða börn sem ekki búa við viðunandi aðstæður (Barnaverndarlög, 2002). Afskipti hins opinbera af einkalífi og fjölskyldum er afar viðkvæmt mál og krefst nærgætni og vandaðra vinnubragða í hvívetna. Barnaverndarstarfið hér á landi sætir í vaxandi mæli opinberri umfjöllun fjölmiðla og gagnrýni ef marka má fjölda birtra greina Morgunblaðsins um barnaverndarmál. Á tímabilinu frá árinu 1995 til ársloka 2002 fjölgar umfjöllunum blaðsins úr 83 í 139 (Morgunblaðið, 2004). Svipuð þróun hefur átt sér stað í öðrum löndum, t.d með rannsóknarnefndum í einstökum málum í Bretlandi og sjónvarpsþáttum og blaðagreinum á Norðurlöndum (Andersson og Lundström, 2004; Eirixsen og Skivenes, 2000). Ákvarðanir í málum og meðferð einstakra mála er háð endurskoðun, málskoti eða dómi og auknar kröfur eru í nýjum barnaverndarlögum frá

árinu 2002 um málsmeðferðina. Barnaverndarmálum fjölgar ár frá ári og álag á starfsfólks virðist aukast. Svo virðist sem takmörkuð vitneskja sé fyrirbyggjandi um raunverulega stöðu barna í upphafi barnaverndarmála eða á síðari stigum eða hver árangur er af stuðningsúrræðum eða öðrum úrræðum (Barnaverndarstofa, 2000, 2001, 2002, 2004). Upplýsingar vantar frá börnunum sjálfum (Barnaverndarstofa, 2001 og 2002) og auka þarf áherslu á þátttöku foreldra (Barnaverndarlög, 2002; Nordisk barnevernkongress, 2003) og þar með auka möguleikana á sameiginlegum skilningi á vanda barnsins, styrkleikum þess og líðan.

Með rannsókninni er leitað upplýsinga um líðan og hegðun eldri hóps barna innan barnaverndar með það í huga að fá samræmdar upplýsingar frá mörgum aðilum sem best þekkja til barnsins. Til þess er notað staðlað og alþjóðlegt mælitæki. Notkun staðlaðs mælitækis eykur samræmi í upplýsingaöflun og skjalfestir mat aðila á ákveðnum tímamarki og gerir jafnframt ráð fyrir upplýsingasöfnun, þátttöku og samstarfi við foreldra og barn sem og aðra er að málum barnsins koma (Achenbach og Rescorla, 2001; Achenbach, Pecora og Wetherbee, 2003).

Upplýsingar um hegðun, líðan og félagslegar aðstæður þess hóps barna innan barnaverndar sem mest hefur fjölgað á síðustu árum er mikilvægt innlegg í endurskoðun á stefnu stjórnvalda og mótun tillagna um úrbætur í fyrirbyggjandi aðgerðum í barnavernd. Rannsókn þessi er innlegg í þá umræðu og þróun.

Rannsóknarspurningar

Í starfi rannsakanda við barnaverndarmálefni hafa matslistar Achenbach's verið nýttir. Með notkun þeirra er leitast við að fá fram upplýsingar um hegðun og líðan barnanna eins séð frá sjónarhóli þeirra sem best þekkja til og næst barninu standa. Það hefur, að mati rannsakanda, leitt til meiri áherslu á barnið sjálft og á margan hátt auðveldað samstarf við foreldra og aðra sem að málefnum barnsins koma.

Rannsóknarhugmyndir og rannsóknaraðferð eiga rætur sínar í þessari reynslu. Einnig hefur rannsakandi áhuga á að kanna hvort börn innan barnaverndar á aldrinum 11-18 ára eiga eitthvað sameiginlegt og þá hvað. Með rannsókninni verður leitast við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum og fá fram upplýsingar sem geta orðið

lýsandi fyrir verkefni barnaverndarinnar. Um leið er gerð tilraun til að skoða hvaða þætti barnaverndarstarfsins þyrfti að athuga frekar eða leggja meiri áherslu á í framtíðinni. Rannsóknarspurningarnar eru;

- 1) Hvernig er hegðun og líðan barna á aldrinum 11-18 ára sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af?
- 2) Hverjar eru fjölskylduaðstæður þessara barna?
- 3) Hver er þátttaka, samskipti og mat foreldra á samstarfi við barnaverndaryfirvöld um málefni barnanna?

2. Kafli Fræðileg umfjöllun

Í þessum kafla verður fjallað um hlutverk og skipan barnaverndar á Íslandi og þróun málaflokksins á síðustu árum. Þá er gerð grein fyrir hugmyndafræðilegum bakgrunni rannsóknarinnar og fræðilegum þáttum þroska- og félagssálfræðinnar og forvarna sem lúta að barnavernd.

Barnavernd á Íslandi

Löggjöf

Ný lög um barnavernd tóku gildi 1. júní 2002 (Barnaverndarlög, 2002). Nýju lögini tóku við af lögum frá 1992 en með nýjum lögum 2002 komu nokkur nýmæli sem ætlað er að skerpa á ákveðnum meginreglum barnaverndarstarfs, stækkun umdæma, málsmeðferðarreglum og flutningi úrskurðarvalds til dómstóla (Barnaverndarstofa, 2002), svo nokkuð sé nefnt.

Með þessum breytingum var leitast við að bregðast við auknum samfélagslegum og þjóðréttarlegum kröfum, tryggja réttarstöðu málsaðila og markvissari málsmeðferð. Fyrstu barnaverndarlögin voru sett á Íslandi árið 1932 (Frumvarp til barnaverndarlaga, 2001). Þau lög voru síðan endurskoðuð og ný sett árið 1947, 1966 og síðan 1992. Svo virðist sem þörfin fyrir eftirlit og aðstoð við börn og fjölskyldur hafi orðið meiri samhliða uppbyggingu byggðakjarna og bæja og uppbyggingu skólakerfis og almennrar samfélagslegrar þjónustu. Engu að síður er lagasetning á þessu sviði löngu seinna á ferðinni hér á landi en meðal nágrannaþjóða, svo sem á Norðurlöndum (Anni G. Haugen, 2004; Frumvarp til barnaverndarlaga, 2001).

Frá upphafi hafa sveitarfélög skipað barnaverndarnefndir og þær síðan starfað í viðkomandi sveitarfélagi. Ríkisvaldið hefur hins vegar haft með höndum ákveðna þætti, svo sem eftirlit með starfi barnaverndarnefnda og framkvæmd sérhæfðra meðferðarúrræða. Hvort tveggja er nú í höndum Barnaverndarstofu (Barnaverndarlög, 2002).

Hlutverk og markmið barnaverndar

Börnum, sem búa við óviðunandi aðstæður eða stofna heilsu sinni og þroska í hættu, skal séð fyrir nauðsynlegri aðstoð. Hana skal veita með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og þegar við á beita úrræðum til verndar einstökum börnum (Barnaverndarlög, 2002).

Meginreglur barnaverndarstarfs samkvæmt 4. gr. í barnaverndarlögunum frá 2002 eru:

- Beita skal þeim ráðstöfunum sem ætla má að barni séu fyrir bestu. Hagsmunir barna skulu ávallt hafðir í fyrirrúmi.
- Taka skal tillit til sjónarmiða og óska barna eftir því sem aldur og þroski gefur tilefni til.
- Stuðla skal að stöðugleika í uppvexti barna, það er að sem minnst röskun verði á lífi þeirra.
- Leitast skal við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra.
- Leitast skal við að eiga góða samvinnu við aðra sem fjalla um málefni barna.
- Gæta skal samræmis og jafnræðis í öllu starfi og ákvörðunum.
- Leitast skal við að reyna almenn úrræði til stuðnings fjölskyldu áður en gripið er til annarra úrræða. Ávallt skal miða við að beitt sé vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að er stefnt og íþyngjandi ráðstöfun því aðeins ráðgerð að markmiðum aðgerða verði ekki náð með öðrum hætti.

Mál til umfjöllunar barnaverndarnefnda 1996-2003

Árið 2000 hóf Barnaverndarstofa að gefa út ársskýrslur sínar þar sem fram koma upplýsingar sem byggðar eru á skráningum og skýrslum allra barnaverndarnefnda á Íslandi frá árinu 1996. Í þessum kafla er farið yfir þær tölulegu upplýsingar sem fyrir liggja í ársskýrslum barnaverndarnefnda á tímabilinu 1996-2003.

Tilkynningum til barnaverndarnefnda og börnum, sem barnaverndarnefndir fjalla um, hefur fjölgað verulega samkvæmt ársskýrslum Barnaverndarstofu. Er

heildarfjöldi tilkynninga árið 2003 alls 5.012, var 2.738 árið 2000 og var 978 árið 1996. Tilkynningar eru þó ekki allt mál sem eru könnuð því heildarfjöldi barna, sem barnaverndarnefndir og starfslið þeirra höfðu afskipti af árið 2003 er 4.695, sem aftur skiptist í 2.543 mál sem hófust á árinu og 2.152 mál frá fyrri árum. Á árinu 2000 eru ný mál 1778 og eldri mál 1.532 (Barnaverndarstofa, 2004). Þessi aukning hefur væntanlega í för mér sér aukið vinnuálag starfsmanna þar sem ekki er að sjá nema óverulega fjölgun starfsmanna (úr 73 í 80 stöðugildi árin 2000 til 2004) á vegum barnaverndarnefnda samkvæmt yfirliti í ársskýrslum Barnaverndarstofu (2000, 2004).

Stígandi þróun hefur verið í þessa átt á öllu ofangreindu tímabili, 1996-2003, (fylgiskjal 1). Á árinu 2001 er í fyrsta sinn fjöldi tilkynninga meiri en fjöldi barna. Árið 1999 verður fjöldi barna, sem afskipti hófust af innan ársins, meiri en fjöldi þeirra sem afskipti hófust af fyrr og er þessi munur vaxandi síðan, það er ný mál eru tíðari en eldri mál. Athyglivert er að fjöldi barna þar sem afskipti hófust fyrr (það er ekki innan ársins) er í kringum 1.500 börn og helst nokkuð stöðugur frá árinu 1997 en hækkar í 2.025 börn árið 2002 og hækkar lítillega árið 2003. Samstarfið við foreldra og börn er veigamikill hluti barnaverndarstarfsins, sérstaklega í ljósi þess að aðeins voru kveðnir upp 38 úrskurðir sem fela í sér einhvers konar þvingandi ráðstöfun, það er í málum um 0,8% af heildarfjölda þeirra barna sem fjallað var um á árinu 2003 (Barnaverndarstofa, 2004).

Tilfni afskipta

Tilfni afskipta hefur samkvæmt flokkun að mati barnaverndarstarfsmanna verið að breytast á síðustu árum. Í ársskýrslum Barnaverndarstofu er um að ræða tvo meginflokka, það er „börn sem þolendur“ og „börn sem gerendur/áhættuhegðun barna“. Innan flokkunarhópsins „börn sem gerendur“ er vísað til afskipta, sem byggjast á háttsemi barnanna sjálfra, svo sem neyslu á vímuefnum, barn stefni eigin heilsu og þroska í hættu, afbrot, hegðunarerfiðleikar, erfiðleikar í skóla eða skólasókn áfátt. Með flokknum „börn sem þolendur“ er vísað til afskipta sem byggjast á háttsemi forsjáraðila, svo sem vanrækslu, andlegu eða líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi og misnotkun foreldra á vímuefnum (Barnaverndarstofa, 2004).

Sú breyting hefur orðið á samkvæmt þessari flokkun, að hlutfall barna sem „þolendur“ hefur lækkað úr 73,3% árið 1996 í 49,6% árið 2002 en er síðan orðin 56,8% árið 2003. Á sama hátt hefur hlutfall barna, sem sýna áhættuhegðun, hækkað úr 25,5% árið 1996 í 38,1% árið 2002 og var 35,8% árið 2003. Líklegt er að breytt og bætt skráning og hækkun á sjálfræðisaldri (frá 1. jan. 1998) skýri hluta af fjölgun mála þar sem barnið sýnir áhættuhegðun auk þess sem nokkuð vantar af upplýsingum frá barnaverndarnefndum árin 2002 og 2003. Einnig kann þessi breyting eða þróun að vera að einhverju leyti vegna afstöðu barnaverndarnefnda til hvaða tegundir mála hafi forgang en Christensen og Egelund (2002) færa rök fyrir því í rannsókn sinni að barnaverndarnefndir séu frekar tilbúnar að hefja könnun máls ef tilefni tilkynningarinnar lýtur að einkennum eða vanda barnsins og áhættuhegðun heldur en ef samsvarandi vandi er hjá foreldrum (t.d. áfengis- og vímuefnanotkun).

Þá er athyglisvert að skoða þessa þróun þar sem börnin sjálf eru oftast gerendur og líta jafnframt til þeirra breytinga sem orðið hafa á kynjaskiptingu og aldri barnanna. Svo virðist sem hlutfall drengja og stúlkna sé orðið nokkuð stöðugt í hópi barna innan barnaverndar (fylgiskjal 1). Drengir eru um 60% og stúlkur um 40% þeirra barna sem barnaverndarnefndir hafa haft afskipti af á síðustu árum (Barnaverndarstofa, 2000, 2004). Þetta er áþekkt hlutfall og kemur fram í rannsóknum í Noregi og Danmörku (Christensen og Egelund, 2002). Veruleg fjölgun hefur orðið hér á landi í elsta hópnum og í stað þess að börn á aldinum 13-18 ára væru um 40% þeirra barna sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af er sá aldurshópur orðinn rúmlega 60% heildarfjöldans og hefur þessi þróun verið sýnileg jafnt og þétt á öllu tímabilinu (fylgiskjal 1). Það er mun hærra hlutfall en í Noregi og Danmörku þar sem aldurshóparnir dreifast nokkuð jafnt innan skjólstæðingahóps barnaverndar (Christensen og Egelund, 2002). Ef litið er til aldurs og kyns barna, sem barnaverndarnefndir höfðu afskipti af, kemur fram í skýrslum barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2000, 2004) að mjög svipuð fjölgun hefur orðið á síðustu árum í elsta aldurshópnum (13-18 ára) hjá báðum kynjum.

Úrræði barnaverndarnefnda

Helstu tillögur barnaverndarnefnda eru úrræði inni á heimili eða í um fjórum af hverjum fimm tilgreindum úrræðum samkvæmt ársskýrslum barnaverndarnefndar (Barnaverndarstofa, 2004). Í því felst að foreldrum og/eða barni er leiðbeint, fjölskyldu útveguð tilsjón eða barni útvegaður persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda, eða annar viðeigandi stuðningur, t.d. sumardvöl og foreldrar aðstoðaðir við að leita sér meðferðar. Í um 20% tilvika er tilgreind aðstoð utan heimilis og er þá átt við Stuðla eða langtímameðferðarúrræði, vistheimili, sambýli, einkaheimili og fósturheimili tímabundið. Það er athyglisvert í þessum tölum (fylgiskjal 1) að heldur virðist hafa dregið úr aðstoð inni á heimili og lítils háttar aukning er á aðstoð utan heimilis á tímabilinu 1998-2002. Árið 2003 verður sýnileg aukning í aðstoð inni á heimili og munar þar mest um aukningu í að foreldrum og barni er leiðbeint (Barnaverndarstofa, 2000, 2004).

Úrræði barnaverndaryfirvalda hér á landi virðast því oftast beinast að samskiptum og samspieli foreldra og barna og persónulegum vanda barns eða foreldra með einhvers konar ráðgjöf og stuðningi við þætti eða gæði í tengslum aðila í milli. Rannsóknir Andenæs (2004) í Noregi á aðstæðum og aðbúnaði fósturbarna benda hins vegar til að stuðningur barnaverndar sé of þröngur ef horft er til þarfa fjölskyldunnar því aðrir þættir eins og félagsleg staða (menntun, atvinna, tekjur) fjölskyldunnar geri það að verkum að foreldrarnir eigi í verulegum erfiðleikum með að veita börnum sínum marga þætti daglegs lífs líkt og flestir aðrir foreldrar geta. Andenæs (2004) vísar einnig til annarra norrænna og breskra rannsókna sem leitt hafa til sömu niðurstöðu um að félagsleg staða fjölskyldu sé ekki eins ríkjandi sjónarhorn í könnun barnaverndarmála eins og andleg líðan.

Fjölskylduaðstæður barna innan barnaverndarkerfisins

Á árunum frá 1997 til 2001 hefur hlutfall barna, sem býr hjá báðum foreldrum sínum, verið um þriðjungur af öllum börnum sem skráð eru hjá barnaverndarnefndum (fylgiskjal 1). Þetta hlutfall breyttist á árunum 2002 og 2003 og verður þá það hæsta sem skráð er á tímabilinu, 41,3%, án þess að nokkrar skýringar liggi fyrir en vert er

að veita því athygli að upplýsingar vantar um fjölskyldugerð hjá nokkrum hópi barna (Barnaverndarstofa, 2004).

Í ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2002 vegna upplýsinga ársins 2001 kom í ljós að samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands reyndust hjón eða fólk í sambúð með börn yngri en 18 ára vera um 72% fjölskyldna hér á landi. Fjölskylduaðstæður barna, sem afskipti voru af, eru því aðrar en almennt gerist og oftast en önnur börn búa þau aðeins með öðru foreldri sínu sem oftast er móðirin (Ólafur Örn Bragason, 2003; Guðný Hildur Magnúsdóttir, 1998; Andenæs, 2004). Svipaðar tölur eru í Danmörku (24%) og Noregi (25%) (Nordisk barnevernkongress, 2003; Bache-Hansen, 1997; Christensen og Egelund, 2002). Þá hefur öðrum fjölskyldugerðum fjölgað á síðustu árum og er Ísland í öðru sæti yfir lönd innan Evrópska efnahagssvæðisins árið 1998 hvað varðar hlutfallslegan fjölda einstæðra foreldra með börn undir 25 ára aldri á framfæri (Hagstofa Íslands, 2003). Aðstæður fjölskyldna barna innan barnaverndar hér á landi ættu því að vera svipaðar eða jafnvel erfiðari en í öðrum löndum og því má ætla að meira álag sé á fjölskyldur hér á landi.

Sé horft til árána fram til 2003 virðist sem rúmlega þriðjungur eða 41% barna, sem barnaverndaryfirvöld hafa afskipti af hér á landi, búi hjá báðum foreldrum, rúmlega þriðjungur eða 37% búi hjá móður og tæplega þriðjungur búi hjá öðrum, svo sem föður (6%), móður og stjúpföreltri (5,3%), fósturforeldrum (3,7%) eða öðrum (Barnaverndarstofa, 2004).

Hvert leita barnaverndaryfirvöld eftir upplýsingum?

Athugun á tölum barnaverndarnefnda árin 1996-2001 (Barnaverndarstofa, 2000, 2002, 2004) sýnir að helstu upplýsingagjafar í könnun mála eru foreldrar, barn og skóli (fylgiskjal 1). Svo virðist sem þessir þrír upplýsingagjafar standi að baki um 77% tilvika þar sem leitað er upplýsinga árið 2001. Af þessu er hlutur foreldra um 34%, barnsins tæp 19% og skóla tæp 19%. Aðrir aðilar eins og lögregla, skyldmenn og heilbrigðisstofnanir eru skráðir upplýsingagjafar í 6,3-9,4% tilvika en önnur barnaverndarnefnd og aðrir óskilgreindir aðilar standa fyrir 5%. Sambærilegra upplýsinga var ekki aflað og er ekki að finna í ársskýrslum ársins 2002 og 2003 að

öðru leyti en varðandi barnið sjálft, en fram kemur að árið 2002 var aðeins í 21% tilvika getið um að rætt hafi verið við barnið sjálft. Hvað varðar árið 2003 er þess getið að við könnun máls hafi í 43% tilvika verið leitað til barnsins sjálfs. Bent er á það í ársskýrslu Barnaverndarstofu (2001) sem athyglisvert að ekki sé oftast leitað upplýsinga hjá foreldrum og barni við könnun á grundvelli barnaverndartilkygningar. Þessar tölur vekja upp spurningar í ljósi þess að megin áhersla í starfi barnaverndarnefndanna eru stuðningsúræði sem að öllu jöfnu gera kröfu um náðið samstarf við foreldra og jafnframt við barnið. Í málum um 2/3 allra barna lýkur könnun með því að talið er tilefni til stuðningsaðgerða (Barnaverndarstofa, 2002).

Úttekt nema í félagsráðgjöf við félagsvísindadeild Háskóla Íslands á vinnslu barnaverndarmála á skrifstofu barnaverndarnefndar Reykjavíkur sýndi að sjaldan var rætt við börnin sjálf (Elín Gunnarsdóttir, 2001). Þetta er í takt við norrænar niðurstöður eins og kemur fram í rannsókn Christensen og Egelund (2002) en höfundar benda á að iðulega séu börnin sjálf ekki í forgrunni barnaverndarmálanna. Þess í stað beinist athygli barnaverndarinnar að samskiptum og aðstæðum á heimilinu sem kunni að vera áhættuskapandi fyrir barnið án þess að sjónarmið þess eða staða komi fram.

Samstarf við aðila máls í barnaverndarmálum

Samstarf við foreldra er mjög veigamikill þáttur í öllu barnaverndarstarfinu og er grundvallaratriði varðandi árangur stuðningsaðgerða eins og nýlegar rannsóknir í Noregi og Danmörku hafa sýnt (Andenæs, 2004; Christensen og Egelund, 2002; Christensen, 1998; Nordisk barneverndkongress, 2003; Norges forskningsråd, 2002;). Barnaverndarlög áskilja að gerð sé skrifleg áætlun í máli, sbr. 23. gr. laganna, en þar skal setja niður verkáætlun og verkefni hvers aðila málsins. Skrifleg áætlun var aðeins gerð í 57% mála (1.027 áætlanir) á árinu 2002, eða einungis í málum 44% þeirra barna sem afskipti voru af árin 2002 og 2003, og því ljóst að nokkuð skortir á að fylgt sé ákvæði barnaverndarlaga í framkvæmd bæði hér á landi og erlendis (Barnaverndarstofa, 2003, 2004; Christensen og Egelund, 2002).

Samstarfi og áætlanagerð virðist einnig vera ábótavant þegar mál eru lengra komin eins og fram kom í rannsókn nema í félagsráðgjöf sem fjallaði um umgengi barna í varanlegu fóstri við kynforeldra. Hún sýndi að aðeins 59% fósturheimilanna fengu heimsókn barnaverndarstarfsmanna einu sinni eða oftár árið 2001 (Barnaverndarstofa, 2003).

Skilningur eða greining foreldra á þeim vanda sem við er að glíma virðist líka vera önnur en starfsmanna (Christensen og Egelund, 2002) og því mikilvægt með tilliti til samvinnu og árangurs að samstarf sé um þau atriði í aðgerðaáætlun og mat á árangri. Í sömu rannsókn (Christensen og Egelund, 2002) kemur einnig fram að ekki reyndist hafa verið talað við 38% til 50% barna áður en þau fóru í fóstur þó svo þau hafi haft aldur til og lög kveðið á um slíkt. Í heildina er það niðurstaða þeirra að bæta þurfi könnunarferlið og gefa fjölskyldunni meiri upplýsingar.

Margar rannsóknir (Christensen og Egelund, 2002; Cleazon, 1987; Department of Health, HMSO, 1995; Oterholm, 2003; Killén, 1991, 2000; Ary, Duncan, Biglan, Metzler, Noell og Smolkowski, 1999b) hafa sýnt að þörf er á meira samráði og samstarfi við foreldra og börn í barnaverndarmálum. Slíkt samráð og samstarf er oftast lykillinn að vænlegum árangri og sé vöntun á því getur það orðið kostnaðarsamt og tímafrekt og jafnvel eyðilagt árangur á stuttum tíma. Í sömu rannsóknum er einnig að finna hvatningu um frekari rannsóknir og þróun á hagnýtum verkfærum og matslistum sem bætt geti vinnulag, skráningu og samræmingu mats (Ary o.fl., 1999b; Department of Health, HMSO, 1995; Christensen og Egelund, 2002; Christensen, 1998; Cleazon, 1987; Oterholm, 2003; Killén, 1991).

Hugmyndafræðilegur rammi

Hér verður gerð grein fyrir hugmyndafræðilegum ramma rannsókna þessarar. Fyrst verður gerð grein fyrir sjónarhorni fyrirbyggjandi starfs sem sumir vilja meina að liggja til grundvallar barnaverndarstarfi. Síðan verður fjallað um afleiðingar eins og þær birtast hjá börnum sem hafa orðið fyrir misbresti í uppeldi. Þá er fjallað um kenningu og líkan Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar. Í lokin eru reifaðar nokkrar rannsóknir um bæði efnin.

Fyrirbyggjandi starf

Þegar fjallað er um barnaverndarstarf má gera ráð fyrir að mörgum detti fyrst í hug að tiltekinn skaði hljóti þegar að hafa orðið, þá væntanlega sem tilefni afskipta. Hins vegar er einnig hægt að líta á barnaverndarstarf sem forvörn eða fyrirbyggjandi, t.d. þegar horft er út frá aðstoð við barn eða foreldra til að fyrirbyggja óæskilega þróun eða alvarlegri afleiðingar.

Áhersla samfélagsins á málefni barna, sem birtist meðal annars í sérstökum lögum um barnavernd, hefur því á þann hátt skírskotun til áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir og að koma í veg fyrir vanda, líkt og margar áherslur samfélagsins í sömu átt, t.d. í heilbrigðismálum. Fyrirbyggjandi áhersla á sér bakgrunn í samfélagslegri stefnu um að hægt sé að koma í veg fyrir félagsleg vandamál eða frekari vanda, líkt og t.d. heilbrigðisvandamál, þar sem reynt er að hafa áhrif á þá þætti sem máli skipta til að sem flestu fólki líði sem best og varðveiti heilsu sína (Sandbæk, 1995; Bunkholt, 1989; Killén, 1991, 2000). Kröfum um fyrirbyggjandi starf er mætt með ákvæðum barnaverndarlaga um almenna vernd, almenna tilkynningaskyldu og tilkynningaskyldu starfsstétta sem hafa með málefni barna að gera.

Barnaverndarnefndum ber þá að meta efni tilkynningar og þörf á könnun eða rannsókn. Að því loknu skal málinu lokið eða gerð er áætlun um stuðningsaðgerðir eða íhlutun (Barnaverndarlög, 2002).

Fyrirbyggjandi starfi er hægt að skipta í þrjá til fjóra flokka (Sandbæk, 1995; Killén, 2000). 1) **Almennar aðgerðir**, forvarnir sem beinast að öllum almenningi og hafa að markmiði að hindra að vandamál komi upp. Stundum eru slíkar aðgerðir rökstuddar með hugtökunum *jöfnun* og *réttlæti* þar sem ætlunin er að ná til sem flestra án þarfagreiningar. 2) **Sértækar forvarnir** beinast að ákveðnum einstaklingum, hópum eða tímabilum í lífi fólks þar sem fyrir liggur skilgreind þörf eða áhætta sem bæta á úr. 3) **Íhlutandi forvarnir** beinast að einstaklingum sem eru í sérstakri áhættu og miða að því að draga úr vanda eða afleiðingum hans. Íhlutun barnaverndarinnar beinist þá að stuðningi eða aðgerðum sem ætlað er að draga úr afleiðingum af misbresti í uppeldi og koma í veg fyrir alvarlegri afleiðingar og aðgerðir, svo sem fósturráðstöfun eða þvingunarúræði. Áhætta og viðkvæmni mála á

Þessu stigi er mikil, meðal annars þar sem hluti af aðgerðum getur falist í eftirliti en ekki aðeins stuðningi eða meðferð.

Líta má svo á að verkefni barnaverndar sé að starfa samtímis á öllum stigum fyrirbyggjandi starfs (Barnaverndarlög, 2002). Sú staða gerir barnaverndarhlutverkið flókið og erfitt þar sem skammt er milli stuðnings- og eftirlitshlutverksins. Hætt er við að áherslu á fyrri stig fyrirbyggjandi starfs verði fyrirferðarminni en lög og áhugi gera ráð fyrir vegna „bráða- eða slökkviaðgerða“ síðari stigs forvarna. Þá má álykta að fjölgun tilkynninga og barna, sérstaklega fjölgunin í hópi eldri barna án sjáanlegrar fjölgunar starfsfólks eða þróunar á nýjum úrræðum eða vinnuaðferðum, leiði til minnkandi áherslu á fyrri stig fyrirbyggjandi starfs meðal yngri barna og foreldra þeirra. Í umræðu um öll stig fyrirbyggjandi aðgerða verður tímamunktur aðgerða kjarni málsins eins og fram kemur hjá Jörgensen (1996). Það er tímasetningin sem skipti mestu máli, það er áður en tiltekið ástand verður til eða versnar (Jörgensen, 1996).

Jörgensen (1996) veltir því einnig upp hvort reynslan af fyrirbyggjandi aðgerðum sé þess eðlis að ætla megi að þær skili sér. Hann bendir á að félagslega illa staddar fjölskyldur, sem teljist í áhættu að beita börn ofbeldi eða vanrækja það, hafi takmarkað gagn af ráðgjöf og leiðbeiningu og vísar hann til alþjóðlegra rannsókna máli sínu til stuðnings. Hann bendir á að rannsóknir sýni að til að árangurs megi vænta af fyrirbyggjandi aðgerðum innan barnaverndar þurfi þær að snúast um félagslega aðlögun og sjálfsstyrkingu, það er um áherslu á eflingu styrkleika (*empowerment*). Það verði best gert með samvinnu þar sem virt er mat fjölskyldunnar á vanda og tillögum til lausnar og úrbóta.

Samstarf barnaverndarinnar við foreldra og barn er lykillinn að árangri í barnaverndarmálum. Barnaverndarlögin leggja áherslu á samvinnu og sama gera ýmsir fagaðilar enda sýna niðurstöður rannsókna að samstarf við fjölskyldur er mikilvægast til að árangur náist (Ary o.fl., 1999b; Christensen og Egelund, 2002; Cleazon, 1987; Department of Health, HMSO, 1995; Jörgensen, 1996; Killén, 1991; Oterholm, 2003; Sandbæk, 1995). Eigi að síður sýna tölur frá barnaverndarnefndum hér á landi (Barnaverndarstofa, 2000, 2001, 2002, 2003, 2004) að aðeins í um 21%-44% tilvika er rætt við barnið sjálft í könnun máls og í hluta skráðra mála (5,6% árið

2003) liggja ekki fyrir upplýsingar um heimilisaðstæður barns eða ekki vitað um aðstæður þess. Svipaðar tölur er að finna úr rannsóknum á hinum Norðurlöndunum (Christensen og Egelund, 2002).

Mat á misbresti í aðbúnaði barna

Almennt er talið að misbrestur á aðbúnaði barna, hvort sem hann er líkamlegur eða andlegur, sé afleiðing af samspili ytri álagsþátta og samlífs foreldris og barns og persónulegra þátta hjá foreldri og barni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005; Killén, 1991). Killén (1991, 2000) bendir enn fremur á að munur sé á mati á stöðu eða vanda barna milli fjölskyldna og því alvarlegri sem misbresturinn er því meiri líkur séu á að árhersla sé lögð á að leita vandans í persónuþáttum foreldra og aðstæðum.

Killén (1991) telur að skoða verði og greina sálfélagslega þætti hjá barninu þar sem núverandi staða er metin um leið og reynt er að skilja ferlið sem er í gangi eða hefur verið í gangi. Athugun á þessum ytri og innri þáttum og samskiptum foreldris og barns verða þannig grundvöllur breytinga og aðgerða.

Í sálfélagslegri athugun er gerð tilraun til að skilja fjölskylduna út frá umhverfi sínu. Það er ekki nóg að skoða samskiptin innan fjölskyldunnar heldur verður að leita líka eftir samskiptum og stöðu fjölskyldunnar í umhverfi sínu og hvernig umhverfið hefur áhrif á hana. Samskipti innan fjölskyldunnar, bakgrunnur og persónulegir þættir einstaklinganna innan hennar og fjárhagsleg staða, hefur allt áhrif á hvernig foreldrum gengur að gegna uppeldishlutverki sínu. Afar mikilvægt er að halda þörfum barnsins á lofti í þessari athugun (Killén, 1991). Það er því þörf á einhvers konar vinnulagi eða formi sem gerir ráð fyrir ólíkum sjónarhornum.

Vistfræðilíkan Belsky's er dæmi um slíka nálgun. Vistfræðilíkanið skiptist í fjögur megin svið sem innihalda einstaklingsþætti, fjölskylduþætti, samfélagsþætti og menningarþætti. Hver þáttur inniheldur áhættuþætti og verndandi þætti sem hafa áhrif hver á annan og einnig milli megin sviðanna. Samkvæmt líkaninu á misbrestur sér stað þegar magn áhættuþátta er umfram magn verndandi þátta (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004a, 2004b, 2005).

Grundvallaratriði við mat á stöðu barna, sem tilkynnt eru til barnaverndar, er því heildarsýnin.

Afleiðingar misbrests í uppeldi

Afleiðingar misbrests í uppeldi barna geta verið margþættar og komið fram sem vandi varðandi líðan barnsins; hegðunargvandi, félagslegir erfiðleikar, námserfiðleikar og líkamleg einkenni (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004a, 2005).

Með *líðan* er vísað til innri vanda hjá barninu, svo sem depurðar, kvíða, hlédrægni og líkamlegrar vanlíðanar. Hegðunarerfiðleikar barns geta birst meðal annars sem árásgjörn og reiðitengd hegðun eða í að virða ekki fyrirmæli eða reglur. Slík innri vandkvæði eða hegðunarerfiðleikar barnsins geta við langvarandi ástand leitt til geðrænna erfiðleika (Achenbach og Rescorla, 2001; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004a, 2005). Félagslegir erfiðleikar barns geta einnig verið afleiðing misbrests í uppeldi. Barnið nær þá ekki að stofna til tengsla eða viðhalda tengslum við jafnaldra sína, svo sem vegna vanlíðunar, hegðunar sinnar eða foreldra sinna eða vegna aðstæðna fjölskyldunnar. Hætt er við að barnið verði þá utanveltu og einangri sig eða leiti vinfengis við aðra en jafningja sína í skóla. Erfiðleikar barns í námi, hvort heldur er vegna sérstakra þarfa barnsins, vanlíðan eða hegðunar, geta líka verið afleiðing misbrests í uppeldi. Samstarf, stuðningur og hvatning foreldra við nám barna sinna er mikilvægt. Fá barnið ekki stuðning við verkefni sín kann það að leiða til námserfiðleika og vanda sem barnið á við að etja í lengri eða skemmri tíma. Vímuefnaneysla og afbrot barns geta einnig í sumum tilfellum talist til alvarlegri afleiðinga misbrests í uppeldi (Ary o.fl., 1999b; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005).

Vandi drengja og stúlkna virðist mismunandi og viðbrögð umhverfisins eru ólík (Ingibjörg M. Guðmundsdóttir, 2000). Almennt er viðurkennt að vandi drengja sé meiri en stúlkna innan skólakerfisins. Vandi drengja virðist oftast tengjast hegðunarerfiðleikum og svo virðist sem fyrr sé brugðist við slíku innan grunnskólans en ef um er að ræða sálrænan eða námslegan vanda (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000; Helga Hannesdóttir, 2005). Kemur það meðal annars fram í árangri drengja og stúlkna í námi hér á landi og virðast drengir þurfa meira verklegt nám til að fá útrás fyrir athafnaþrá sína. Slíka ályktun má einnig styðja með tölum úr ársskýrslum barnaverndarnefnda á tímabilinu 1997-2003 um fjölda drengja og stúlkna, fjölgun í hópi „barna með áhættuhegðun“ og neikvæðari afstöðu drengja til skólans (Guðrún Kristinsdóttir, 2000). Niðurstöður rannsóknar á börnum, sem vísað var til

sérfræðipjónustu/félagspjónustu (Ingibjörg M. Guðmundsdóttir, 2000), sýndi að þrátt fyrir að fleiri drengjum sé vísað til þjónustunnar er vandi stúlkna meiri og fjölþættari. Vandí stúlkna varðaði innri þætti, svo sem lægra sjálfsmat, líkamlegar kvartanir, áhyggjur eða einbeitingarvanda. Vandí drengjanna reyndist oftara vera árásgirni, þeir brjóti boð og bönn eða dragi sig til baka frá umhverfi sínu (Ingibjörg M. Guðmundsdóttir, 2000).

Ólíkt mat aðila

Þegar fræðilegt efni og rannsóknarefni um barnavernd er skoðað kemur í ljós að lögð er mikil áhersla á að leitast þurfi við að fá fram viðhorf og mat margra aðila. Með því er reynt að fá heildarsýn sem jafnframt dregur fram styrkleika og veikleika barnsins og foreldra þess. Nýlegar rannsóknir og samantektir á niðurstöðum rannsókna á hinum Norðurlöndunum, sem staðið hafa yfir síðustu tíu til fimmtán ár, sýna fram á að ærin ástæða er til að gagnrýna vinnulag innan barnaverndar. Þar er meðal annars bent á að þátttöku og samstarf við foreldra, börn og aðra aðila þurfi að bæta enda sé það afar mikilvægur grunnur að árangri (Andenæs, 2004; Anni G. Haugen, 2004; Backe-Hansen og Havik, 1997; Backe-Hansen, 1995; Christansen og Egelund, 2002; Christansen, 1998; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004a, 2004b).

Starfsfólk barnaverndarnefnda virðist hafa annan skilning en foreldrar á tilvísunarástæðu eða vanda fjölskyldna jafnvel þótt samstarf sé gott og foreldrar hafi sjálfir leitað aðstoðar barnaverndaryfirvalda (Christansen og Egelund, 2002). Aðilar eru oftast sammála um uppeldisvanda á heimili, vanda í skóla, geðrænan vanda fullorðinna og erfiðleika barna. Foreldrar virðast hins vegar leggja meiri áherslu á geðrænan vanda barnsins, sambúðarerfiðleika og afleiðingar. Áhersla starfsmanna er aftur á móti á vanrækslu af hálfu foreldranna, misnotkun vímuefna og árekstra eða erfiðleika barnsins í leikskóla eða annarri stofnun. Foreldrarnir hafa því tilhneigingu til að horfa á „vanda barnsins“ en starfsmenn á „vanda foreldra“ (Christansen og Egelund, 2002).

Heildarsýnin sem aðferðafræði og ofangreindar niðurstöður rannsókna benda því til þess að barnaverndin og starfsmenn hennar þurfi í athugunum sínum að beita

aðferðum sem geri ráð fyrir upplýsingaöflun frá mörgum aðilum. Það þarf einnig að gera á þann hátt að foreldrar og aðrir séu virkir þátttakendur og auðvelt sé að skjalfesta og vinna sameiginlega með þeim sömu aðilum úr niðurstöðunum (Achenbach og Rescorla, 2001; Anni G. Haugen, 2004; Christansen og Egelund, 2002; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004b; Sandbæk, 1996).

Fræðilegur bakgrunnur

Hafa þarf í huga að hægt er að horfa til barnaverndarmála og leita skýringa á þeim út frá mörgum sjónarhornum. Það er þess vegna nauðsynlegt að rifja upp hluta þess fræðilega bakgrunns sem legið getur til grundvallar ólíkum áherslum á einstök sjónarmið.

Killén (1991) fjallar um sex fræðileg sjónarhorn sem lögð sé mismunandi mikil áhersla á í vinnuaðferðum í barnaverndarmálum. Þessi sjónarhorn ganga út frá kenningum í uppeldisfræði, sálfræði og félagsfræði, svo sem samskiptakenningum, kenningum um nám, félagskerfi og umhverfi. Grunnskilningur kenninganna gengur út frá því að öll börn verða fyrir álagi eða áreiti í daglegu lífi en viðbrögðin ákvarðast af þörfum eða hvötum barnsins og tengist aldri, kyni og umhverfi. Skýringa á hegðun og líðan barna og þeim einkennum sem þau sýna er því leitað með því að horfa til kenninga er lúta að grunnþáttum mannglegrar hegðunar og breytni (Bunkholt, 1989).

Sjónarhorn félagsfræðinnar er leit að skilningi á samskiptum manna og samfélagi eins og það kemur fram innan félagslegra eininga. Félagslegar einingar geta verið hópar, skipulagsheild eða samfélag. Fjölskyldan, vinahópurinn eða skólinn eru einingar, hópar og skipulagsheild í umhverfi barna sem teljast mikilvægir þættir í samskipta- og þroskaferli þeirra. En hegðun og líðan barna er mismunandi eftir aðstæðum og umhverfi (Martinussen, 1984).

Sameiginlegt kenningum um nám er að leggja áherslu á ferli, svo sem hugsun, íhugun og skilning á tengslum orsaka og afleiðinga. Viðbrögð einstaklingsins ráðast þá af því hvaða hegðun gefur jákvæðasta ávinninginn á þeim tíma sem hegðunin lærist. Þannig er hægt að skilja mismunandi þroska og viðbrögð einstaklinga í svipuðum aðstæðum. Hegðunarvandi eða áhættuhegðun er samkvæmt því ekki

tilkominn vegna árekstra heldur lærd hegðun sem reyndist gagnleg á öðrum tíma og í öðrum aðstæðum (Bunkholt, 1989; Killén, 2000; Patterson o.fl., 1989).

Viðbrögð barna þegar misbrestur verður í uppeldi

Killén (1991) fjallar um einkenni sem börn sýna við misbrest í uppeldi og greinir þar annars vegar á milli eiginleika barnsins sjálfs og hins vegar viðbragða, úrvinnslu og lausna barna. Killén (1991) tiltekur dæmi um eiginleika barna, skapferli barns, snemmfætt barn og aðra meðfædda eiginleika. Rannsóknir hafi sýnt að nýfædd börn hafa ólíkt skapferli og þekkt er aðgreiningin á „erfiða barninu“ sem hefur t.d. óreglulegar svefn- og matarvenjur og hins vegar „auðvelda barninu“ sem aðlagast vel, er vanafast og bregst jákvætt við áreiti. Barn sem fæðist fyrir tímamann eða er ekki fullproskað við fæðingu er oftár órólegt eða gefur ógreinileg skilaboð og kann að reynast foreldrum íþyngjandi í umönnun (Jónína Einarsdóttir, 2004). Aðrir meðfæddir eiginleikar, svo sem andleg eða líkamleg fötlun, kunna einnig að auka líkur á að barn verði fyrir misbresti í uppeldi (Killén, 1991).

Freydís Jóna Freysteinsdóttir (2005) skiptir neikvæðum afleiðingum misbrests í uppeldi barna í tvo meginflokka *innri þætti* t.d. *vanlíðan* og *ytri þætti* t.d. *hegðunarerfiðleika*. Sem dæmi um innri þætti eru kvíði og depurð og dæmi um hegðunarerfiðleika getur verið tilhneiging til að lenda í útistöðum, reiði- eða árásargirni og andfélagsleg hegðun.

Viðbrögð, úrvinnsla og aðferðir barna til að lifa af misbrest í uppeldi telur Killén (1991) að flokka megi á eftirfarandi hátt: 1) skynjun á umhverfinu, 2) að vera háð/óháð, 3) aðskilnaðarvandi og sorg, 4) depurð, 5) sál-líkamleg viðbrögð, 6) sjálfsmynd og sjálfsvitund, 7) skynjun á ábyrgð og sektarkennd, 8) þroskaseinkun, 9) námsvandi, 10) andleg fötlun og 11) úrræði og aðferðir til að lifa af, svo sem yfirdrífín aðlögun, hvatvísi og skemmdarfýsn. Killén (1991) bendir á að þegar barnaverndarstarfsmenn komist að baki þessara aðferða barna, finni þeir barn sem þarf að kljást við tilfinningar sínar sem geti einkennst af hjálparleysi, óvissu, sektarkennd, kvíða, sorg, tómleika, depurð og reiði.

Verður nú gerð stuttlega grein fyrir ofangreindum atriðum varðandi viðbrögð, úrvinnslu og aðferðir barna eins og Killén (1991) setur þau fram.

1) Skynjun barnsins á umhverfinu

Sé grundvallarþörfum barns ekki mætt á fyrstu mánuðum ævinnar gerir þroskakennning Erikson's ráð fyrir að barnið þroski með sér vantraust á umhverfi sínu í stað trausts. Við slíkar aðstæður getur barnið átt í erfiðleikum með að byggja upp traust til annarra. Dregið getur úr hæfni barnsins til að takast á við og leysa ný verkefni í tengslum við þroska sinn. Styrkleikar félagslega umhverfisins hafa þó mikil áhrif á úrlausn þeirra verkefna.

2) Að vera háð / óháð

Misbrestur í uppeldi kann að leiða til þess að barnið verði óeðlilega háð eða óháð öðru fólki og á þann hátt truflist þroskaferli þess. Óeðlilega háð barn hengir sig í fullorðna, leitar stöðugt líkamlegrar snertingar, þarfnast eftirtektar og leitar eftirtektar annarra með hegðun sinni. Barnið er upptekið af eignarhaldi sínu og reynir að stjórna öðrum og sækist eftir viðurkenningu foreldra sinna og annarra fullorðinna. Óháða barnið kann hins vegar að draga sig til baka og vera afskiptalítið og forðast nálægð.

3) Aðskilnaðarvandi og sorg barnsins

Þekkt eru viðbrögð barna við aðskilnaði við foreldra sína við sjúkrahúsinnlögn og óæskileg áhrif þess sem birtist með mótmælum, örvinglun og afneitun og síðan depurð. Vöntun á slíkum viðbrögðum telur Killén kunna að vera vísbendingu um annað en aðlögunarhæfni. Sorgarferli, af hvaða ástæðum sem það fer af stað, hindrar eðlilegt þroskaferli og verður oftast yfirsterkara á meðan sorgin stendur yfir. Hegðun og líðan barnsins kann að misskiljast og leiða til höfnunar fullorðinna og annarra barna. Kvíði og árásargirni geta verið viðbrögð barna sem verða fyrir vanrækslu eða ofbeldi. Þá grípa þau til varnarháttar sem þau jafnvel kunna að hafa lært heima og beinist ekki að neinu sérstöku heldur getur orðið viðvarandi hegðun til að losa um óþægilegar tilfinningar. Dulin árásargirni getur komið fram í sjálfseyðandi hegðun, depurð, afskiptaleyssi eða einangrun. Algengara sé að drengir sýni árásargirni en stúlkur noti frekar afneitun sem varnarhátt.

4) Depurð barnsins

Börn eru leitandi og krefjast athygli. Dapra barnið gerir minni kröfur og sýnir síður áhuga eða frumkvæði í samskiptum við önnur börn. Depurð barns sýnir sig gjarnan í leik og barn, sem býr við slæman aðbúnað, leikur sér lítið. Killén telur mikilvægt að átta sig á að óvanaleg virkni eða óvanalegt afskipta- eða áhugaleysi barns geti verið tilefni til nánari skoðunar.

5) Sál-líkamleg viðbrögð barnsins

Börn, sem alast upp við erfiðar aðstæður, verða oftár veik en önnur börn og bendir Killén (1991) á að þau vanti oft sálrænt tungumál og miðli vanlíðan sinni í gegnum verkja- og einkennalýsingar. Dæmi um slík sál-líkamleg einkenni eru höfuðverkir, magaverkir, svefnerfiðleikar og erfiðleikar í tengslum við matvenjur.

6) Sjálfmynd og sjálfsvitund barnsins

Uppspretta sjálfmyndar og sjálfsvitundar barnsins er viðmót foreldranna. Barn, sem fær upplifun af að vera ekki nógu gott eða óvelkomið eða ber ábyrgð á því sem miður fer, nær ekki að byggja upp góða sjálfmynd og sjálfsvitund. Killén vísar til þess að lág sjálfsvitund sé falin í öllum öðrum einkennum sem hún fjallar um og koma fram sem afleiðingar misbrests í uppeldi barna.

7) Skynjun barnsins á ábyrgð og sektarkennd – trúnaður og leynd

Hjá börnum fer mikil orka í að reyna að skilja aðstæður sínar þegar þau búa við misbrest í uppeldi. Til að halda mikilvægum aðilum í jákvæðu ljósi reyna þau (með hliðsjón af aldri) að gera sjálf sig ábyrg fyrir ástandinu og fá sektarkennd. Killén (1991) lýsir tilhneigingu barna til að halda trúnað við foreldra sína þrátt fyrir misbrest af foreldranna hálfu og hæfileikum barna til að dylja og fela það sem í raun er að gerast. Á þennan hátt getur barnið lært að hið rétta sé að fela vandann. Þegar barnið síðan ákveður að segja frá þarf það að viðurkenna að hafa logið og mætir þá jafnvel líka vantrú annarra fullorðinna.

8) Þroskaseinkun barnsins

Hegðunarröskun og þroskaseinkun barna kunna að vera afleiðingar af misbresti í uppeldi. Killén bendir á einkenni hvatvísi og árásargirni, einbeitingarvanda og félagsleg höft, depurð eða kvíða sem dæmi um slíkar afleiðingar. Einnig bendir hún á

að hegðunar- og þroskaseinkun geti verið fylgifyrsta misbrests í uppeldi vegna ofbeldis milli foreldra/sambúðaraðila.

9) Námsvandi barnsins

Þegar fyrir liggur þroskaseinkun og einbeitingarvandi barns fylgir því gjarnan námsvandi. Upplifun barnsins í samanburði við önnur börn einkennist þá af því að finnast því mistakast. Killén (1991) bendir á að frá þessu séu undantekningar þar sem sum börn ná árangri í skólaumhverfinu og nýti það sem friðarstað.

10) Andleg fötlun barnsins

Killén (1991) vísar til rannsókna sem sýni háa tíðni fötlunar sem afleiðingar líkamlegs ofbeldis og alvarlegrar vanrækslu. Dæmi um slíkt getur verið heilaskaði, vannæring, ótrygg tengslamyndun í frumbersku og viðvarandi andlegt ofbeldi.

11) Úrræði og aðferðir barnsins til að lifa af

Áhrifaleyfi, ruglingur og kvíði einkenna tilveru barna sem búa við misbrest í uppeldi. Leitin að úrræðum og lausnum til að komast af getur þróast í að barnið ráði sér sjálft, sé óháð og „of“ sjálfstætt. Nánasta umhverfi barnsins getur hins vegar skipt hér miklu máli auk meðfæddra eiginleika. Úrræði barna kunna að vera misjafnlega árangursrík og Killén (1991) útskýrir nánar tvö slík úrræði; yfirdrifna aðlögun, fyrirferð og skemmdarfýsn.

Yfirdrifin aðlögun vísar til þess að barnið tileinki sér hegðun og sýnist eldra en vænta má með tilliti til aldurs þess og þroska. Á þann hátt geta börn sýnt hegðun og málfar sem fullorðin væru. Fyrirferð/athafnasemi og skemmdarfýsn er hins vegar einkenni þess þegar aðlögunareiginleikar barns koma fram í árásargirni eða sjálfseyðandi hegðun. Barnið eyðileggur t.d. eigin sínar eða annarra, truflar eða skapar óróleika. Mjög lítið þarf til að barnið sýni árásargirni eða mistúlki skilaboð frá umhverfi sínu. Með því nær barnið einhvers konar eða ímyndaðri stjórn á ruglingslegu umhverfi sínu.

Tillögur Killén (1991, 2001) eru að nálgast þurfi vanda barna, sem búa við misbrest í uppeldi, og fjölskyldur þeirra með margháttuðum aðgerðum. Hún tilgreinir fjölskylduvinnu, virka íhlutun, stuðning við barnið á þess eigin forsendum, uppbyggingu félagslegs stuðnings við fjölskylduna og þverfaglega samvinnu og samhæfingu meðferðaraðila.

Líkan Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar

Patterson o.fl. (1989) hafa sett fram líkan (fylgiskjal 2) um þróun andfélagslegrar hegðunar sem byggt er á niðurstöðum fjölda rannsókna. Samkvæmt því er hægt að rekja þroskasögu unglings, sem brýtur af sér eða notar vímuefni, sem þróun er hefst á leikskólaaldri með vöntun á stuðningi, ögun og eftirliti foreldra. Barnið sýnir þá hegðunarvanda sem verður viðvarandi á síðari hluta leikskólaaldurs og fyrri hluta skólaaldurs og kemur meðal annars fram í vöntun á sjálfsstjórn, neikvæðni gagnvart skólaverkefnum og óhlýðni við hvers konar yfirvald. Hegðun barnsins styrkist síðan og barnið verður árásargjarnara bæði í orði og háttalagi. Þannig nær það að einhverju leyti stjórn á aðstæðum innan heimilis og utan. Einkennandi fyrir slík börn er slök félagsleg færni. Hegðun barnsins leiðir annars vegar til höfnunar af hálfu venjulegra jafningja og hins vegar til lélegs námsárangurs. Í upphafi unglingsáranna leiðir þetta ferli síðan til tengsla barnsins við önnur börn í svipaðri stöðu, sem sýna andfélagslega hegðun, svo sem afbrotahneigð og/eða vímuefnanotkun, og einnig til aukinnar hættu á depurð eða þunglyndi.

Fyrsta skrefið í ferlinu, samkvæmt líkani Patterson's (Patterson o.fl., 1989), eru uppeldisaðstæður heima. Fjölskyldur barna, sem sýna andfélagslega hegðun, hafa lengi verið rannsakaðar og einkenni þeirra fjölskyldna eru harðar og óútreiknanlegar refsingar, lítil jákvæð þátttaka foreldra í athöfnum barnsins og lítil stuðningur eða eftirlit með athöfnum þess (Sigrún Aðalbjarnardóttir og Kristín Lilja Garðarsdóttir, 2004). Rannsóknir hafa sýnt væg tengsl milli stjórnsamra uppeldishátta foreldranna sem geti valdið truflun í tengslamyndun foreldra og barns. Slík truflun geti annars vegar leitt til vöntunar á sjálfsstjórn barnsins eða hins vegar að barnið þjálfist og „læri“ ofbeldisfulla og andfélagslega hegðun af foreldrum sínum.

Næsta skrefið samkvæmt þróunarlíkani Patterson's og félaga (1989) er félagsleg höfnun eða útskúfun barnsins og ófullnægjandi árangur í skóla (fylgiskjal 2). Þegar barnið sýnir ofbeldisfulla hegðun aukast líkur á að umhverfið bregðist við og getur það gerst þannig að önnur börn hafni því og útskúfi og með slæmum árangri í skóla. Rannsóknir hafa sýnt að börn, sem sýna andfélagslega hegðun, ná lakari námsárangri, nota minni tíma við nám og vinna síður heimavinnu. Sama á við um höfnun jafningja í kjölfar andfélagslegrar hegðunar. Rannsóknir hafa einnig sýnt að

tengslin liggja frá andfélagslegri hegðun til höfnunar en ekki öfugt. Félagslegir erfiðleikar þessara barna eru miklir þar sem þau skortir færni í að stofna til tengsla við jafnaldra, þekkja viðmið jafningjahópsins, bregðast við áreiti á réttan hátt og taka þátt í félagslegum samskiptum í hópi (Patterson o.fl., 1989; Patterson og Stoolmiller, 1991).

Þriðja skrefið er þátttaka í hópi jafningja í svipaðri stöðu. Andfélagsleg hegðun og höfnun eðlilegra jafningja eru undanfarar þátttöku í hópi unglunga með svipuð vandamál og hafa rannsóknir sýnt að þar skapast grunnur til frekari þjálfunar andfélagslegrar hegðunar og vímuefnaneyslu. Jafningjahópurinn skapar tilefni, afstöðu og rökfærslu til frekari andfélagslegrar hegðunar og tækifæri til þátttöku. Þegar kemur á fullorðinsár eru afleiðingar andfélagslegrar hegðunar í æsku þekktar sem brottfall úr námi, óstöðugleiki á vinnumarkaði, vímuefnanotkun, sambúðarerfiðleikar, afbrot, stofnanadvöl og líkamlegir og geðrænir sjúkdómar. Í kjölfar höfnunar og námsferfiðleika barna eykst hætta á einkennum depurðar eða þunglyndis (Patterson og Stollmiller, 1991; Beyers og Loeber, 2003) sem einnig getur leitt til andfélagslegrar hegðunar (Beyer og Loeber, 2003).

Rannsóknir Patterson's og félaga (1989) benda til að fleiri þættir komi við sögu í þróun andfélagslegrar hegðunar barna, svo sem erfða- og umhverfisþættir. Færni foreldra í uppeldi verður fyrir truflandi áhrifum margra þátta eins og félagslegri stöðu fjölskyldunnar, álags og bakgrunns fjölskyldunnar (fylgiskjal 3). Tekjur, menntun, nánasta umhverfi og þjóðerni eru allt þættir í félagslegri stöðu. Dæmi um álags- og truflandi þætti eru atvinnuleysi foreldra, sambúðarerfiðleikar og skilnaður. Bakgrunnur fjölskyldumeðlima og/eða forfeðra sem sýnt hafa andfélagslega hegðun og vöntun á stuðningi og eftirliti við uppeldi, geta einnig haft áhrif á uppeldisaðstæður barna.

Tillögur Patterson's og félaga (1989) eru að forvarnir og íhlutandi aðgerðir þurfi að taka mið af þessu þróunarferli og innihalda þríþættar aðgerðir, foreldrafærniþjálfun, félagsþjálfun barnsins og námslega aðstoð.

Rannsóknir á líkani Patterson's

Líkan (kenning) Patterson's og félaga (1989) hefur ítrekað verið rannsakað og hefur sýnt sig hafa sterk (48-52%) fastheldnismörk (Ary, Duncan, Duncan og Hops, 1999a). Með því er vísað til að líkanið geti útskýrt allt að 52% af dreifingu andfélagslegrar hegðunar, áhættufullrar kynhegðunar, ófullnægjandi námsárangurs og vímuefnaneyslu. Rannsókn Ary og félaga (1999a) var gerð á 14-17 ára unglingum og fólu niðurstöður þeirra í sér að líkanið ætti til jafns við um drengi og stúlkur og að yfirfærslugildi þess gagnvart þróun á hegðunarerfiðleikum barna almennt sé meira en ætlað var í upphafi. Sömu niðurstöður um yfirfærslugildi líkansins og gildi þess gagnvart báðum kynjum komu fram í rannsókn á 5 ára drengjum og stúlkum (Eddy, Leve og Fagot, 2001). Niðurstöður þessara rannsókna benda til að fyrirbyggjandi aðgerðir þurfi meðal annars að beinast að félagslegu umhverfi barnanna og að fleiri en einu vandamáli í einu til að árangur náist.

Rannsókn á börnum undir þriggja ára aldri (O'Leary, Slep og Reid, 1999) sýndi að óstöðugar uppeldisaðferðir móður komu fram í hegðunarvandkvæðum barnanna og andfélagslegri hegðun, svo sem árásargirni og reiðihegðun. O'Leary og félagar benda á að sýnt hafi verið fram á með endurteknum rannsóknum að reiðitengd/árásargjörn hegðun og andfélagsleg hegðun hjá börnum á ólíkum aldri (2, 4, 6, og 9 ára), mælist mjög lítið breytt í endurtekinni mælingu tveimur til þremur árum síðar. Niðurstöðurnar styðja áherslu á foreldrahlutverkið sem grunn íhlutunar fyrir tveggja ára aldur barnanna (O'Leary o. fl., 1999).

Fleiri rannsóknir styðja kenningu Patterson's og félaga (1989) um þróun andfélagslegrar hegðunar. Thornberry, Ireland og Smith (2001) rannsökuðu vægi tímasetningar, það er hvenær á ævi barnsins misbrestur í uppeldi á sér stað og hversu neikvæðar afleiðingarnar væru á ungmennið/barnið. Skoðuðu þeir áhrifin út frá afleiðingum misbrests í uppeldi, það er á óhlýðni, vímuefnanotkun, áfengisvanda, þunglyndiseinkenni, ótímabæra þungun, brottfall úr skóla og líðan og hegðunarvanda á unglingsárum. Niðurstöður þeirra bentu til að þrálátur misbrestur í uppeldi hefði sterkari áhrif og ótvíræðari afleiðingar á unglínginn en tímabundin misbrestur í uppeldi á yngri árum barnsins.

Shortt, Capaldi, Dishion, Bank og Owen (2003) rannsökuðu félagsleg samskipti sem mikilvægan hluta í þróunarlíkani Patterson's. Beindist rannsókn þeirra að vægi vina á unglingsaldri og rómantískra félaga á unglingskeiði í tilkomu andfélagslegs lífsstíls á fullorðinsárum. Niðurstöður sýndu að tal/spjall og samskipti milli jafnaldra, sem innihélt umræðuefni um andfélagslega hegðun, ýtti undir slíka hegðun. Niðurstöðurnar voru settar upp í líkan sem sýnir sterk tengsl frá neikvæðum samskiptum innan fjölskyldu og andfélagslegrar hegðunar 11-12 ára barna yfir í umgengni við óhlýðna jafningja. Sú staða leiddi til tengsla við óhlýðinn eða andfélagslegan hóp 15-16 ára unglunga og áfram til fullorðinsára þegar talsmáti eða samskipti um andfélagsleg málefni var til staðar (Shortt o.fl., 2003).

Þá hafa Beyers og Loeber (2003) sýnt fram á tengsl þunglyndis og andfélagslegrar hegðunar drengja á aldrinum 13,5-17,5 ára. Einkenni þunglyndis og andfélagslegrar hegðunar sýnast minnka lítillaga með hækkandi aldri og þessi einkenni virðast fylgjast að þótt aðeins sterkari orsakatengsl séu á milli þunglyndis og andfélagslegrar hegðunar en að andfélagsleg hegðun leiði til þunglyndis. Benda þeir á að samfara einkennum þunglyndis sé einstaklingurinn upptekinn af sjálfum sér, hafi óraunhæft, neikvætt mat á eigin getu og takmarkaða hæfni til að setja sig í spor annarra. Þessir þættir eru mikilvægir í uppbyggingu sektarkenndar sem tengist óhlýðni og öðrum birtingaformum hegðunarerfiðleika (Beyer og Loeber, 2003). Í niðurstöðum sínum benda Beyers og Loeber (2003) á að fyrirbyggjandi aðgerðir, sem oft beinast að árásgjörnum hegðunarvanda unglunga, ættu jafnframt að beinast að unglungum sem sýna einkenni depurðar eða þunglyndis og óhlýðni.

Yoshikawa (1995) fjallar í yfirlitsgrein sinni um langtímaáhrif fyrirbyggjandi aðgerða á félagslega þætti og óhlýðni eða afbrotahneigð. Þetta eru aðgerðir sem beinast að mörgum áhættuþáttum, aðstæðum og uppeldi, meðal annars stuðningi við fjölskyldur og snemmtækri aðstoð í námi. Samkvæmt niðurstöðum hans er aukin hætta á andfélagslegri hegðun barna samfara félagslegum erfiðleikum foreldra, ótryggjum tengslum foreldris og barns, foreldrum, sem stunda afbrot, og skorti á virku uppeldi foreldra eða ofbeldisfullum foreldrum.

Íslenskar rannsóknir um líðan, hegðunarerfiðleika og andfélagslega hegðun barna

Fáar rannsóknir eru til á sviði barnaverndar hér á landi þótt ýmsar rannsóknir hafi verið gerðar um börn, hegðun þeirra og fjölskyldumál (Anni G. Haugen, 2004).

Rannsókn Júlíusar Björnssonar árið 1974 er talin fyrsta faraldsfræðilega rannsóknin hér á landi og var niðurstaðan þá að á milli 11,8-30,8% barna og unglunga væru með einhvers konar geðraskanir og þyrftu að leita sérfræðilegrar aðstoðar vegna líðan og/eða hegðunar (sjá í Helga Hannesdóttir, 2002). Á síðari árum hafa faraldsfræðilegar rannsóknir hér á landi og víðar, þar sem meðal annars hefur verið stuðst við matslista Achenbach's, sýnt fram á tiltölulega stöðuga tíðni eins eða fleiri vandamála hjá börnum, eða um 20%. Algengustu sjúklegu einkennin innan þessa hóps hér á landi eru reiðitilfinningar sem leiða til hegðunarvandkvæða og kvíða- og þunglyndiseinkenna (Achenbach og Rescorla, 2005; Helga Hannesdóttir, 2002, 2004).

Samanburðarrannsóknir milli landa hafa sýnt tíðni frá 17,6% til 26% (Helga Hannesdóttir, 2002) og að tíðni er svipuð hér á landi (19,5%) og í nágrennalöndum. Athyglisvandi, með eða án ofvirkni eða hvatvísi, er ein algengasta meðhöndlaða geðröskun barna og er talið að 3-5% barna séu í þeim hópi sem einnig er talinn áhættuhópur varðandi félagslega einangrun, frammistöðu í skóla og lágt sjálfsmat (Helga Hannesdóttir, 2004). Tíðni helstu raskana hjá börnum sem höfðu leitað meðferðar hjá Landspítala-Háskólasjúkrahúsi, eru samkvæmt rannsókn Helgu Hannesdóttur (2002, 2004) hegðunarvandamál (36%), þunglyndi (23%) og áfallaröskun (9%) auk þess sem fleiri en ein geðræn röskun var algeng meðal unglunga sem misnotuðu áfengi og fíkniefni.

Samanburðarrannsókn á hegðunarvanda tveggja og þriggja ára barna í Finnlandi og Íslandi sýndi að hegðunar- og tilfinningaraskanir eru jafnalgengar hjá finnskum og íslenskum leikskólabörnum. Drengir sýndu lítils háttar meiri hegðunarvanda og reiðitilfinningar í báðum löndum umfram stúlkur og í báðum löndum var tiltölulega há tíðni beggja kynja á eirðarleysi og þörf fyrir athygli (Helga Hannesdóttir, 2002, 2004).

Í skýrslu starfshóps landlæknis á geðrænum vandkvæðum barna og ungmenna kemur fram að reikna megi með að 20% barna hafi fyrir 18 ára aldur leitað aðstoðar vegna geðræns vanda. Bent er á að ætla megi að 12% barna séu með klínískar raskanir og helmingur þeirra með verulega truflun/fötlun. Þá kemur fram í skýrslunni að hjá 5% barna spili líffræðilegir þættir stórt hlutverk (Páll Tryggvason og félagar, 2000). Bandarískar kannanir benda til að 5-10% barna eigi við slík vandamál að stríða (Helga Hannesdóttir, 2002). Mjög áþekkt hlutföll (5-10,5%) komu fram í yfirstandandi rannsókn Barnarannsókna varðandi geðheilsu og þroska 5 ára barna (Ólafur Guðmundsson, 2005).

Hegðunarvandkvæði barna á grunnskólaaldri er talin vera eitt helsta umfjöllunarefnið og jafnvel stærsta vandamálið innan skólakerfisins hér á landi (Morgunblaðið 12. janúar 2001). Fræðslumiðstöð Reykjavíkur kannaði fjölda nemenda og ástæður og framkvæmd sérkennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Niðurstöður sýndu að um 20% nemenda voru í sérkennslu eða sérúrræðum á ári hverju. Um 15% nemenda í sérkennslu og um 37% nemenda í sérdeildum voru þar vegna félags- og tilfinningalegra örðugleika eða hegðunarvanda (Gerður G. Óskarsdóttir, 2000).

Mjög nýleg skýrsla starfshóps um málefni barna með langvinnan heilsuvanda greinir frá að tæplega 20% barna í grunnskólum eigi við slíkan vanda að etja og að stærsti einstaki hópurinn (6%) séu börn með athyglisbrest með ofvirkni (Miðstöð heilsuverndar barna, 2005).

Afbrot barna og ungmenna eru vandamál hér á landi líkt og í öðrum löndum. Nýleg skýrsla nefndar um tilraunaverkefnið Hringinn og ný úrræði vegna afbrota ungmenna, inniheldur samantekt á fjölda einstaklinga 18 ára og yngri sem kærðir voru vegna hegningar- og sérrefsilagabrota árin 2001 ($N=1777$) og 2002 ($N=1722$). Um 66-71% barnanna voru kærð einu sinni og 15-18% kærð tvisvar. Ótalin eru þá umferðarlagabrot (Jón Þór Ólason, Egill Stephensen, Ingibjörg Sigurþórsdóttir, Erna Sigfúsdóttir og Ragnheiður Harðardóttir, 2004). Árið 1998 voru 21% mála, sem lokið var með niðurfellingu saksóknar, vegna sakborninga undir 18 ára aldri. Einstaklingar undir 18 ára aldri, sem dæmdir voru í skilorðsbundið eða óskilorðsbundið fangelsi,

voru 44 árið 1996, 76 árið 1997 og 144 árið 1998, sem bendir til þess að alvarlegum brotum barna sé að fjölga (Dóms- og Kirkjumálaráðuneytið, 2004)

Norræn rannsókn á færni, áhyggjum og lausnum 10 ára barna sýndi að þó svo flest börn standi vel að vígi sé hlutfall barna í áhættuhópi um það bil 10-20% heildarfjöldans. Með áhættu er vísað til barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður, eru veik, seinþroska eða með hegðunar- eða námserfiðleika. Um 5% barnanna eru talin eiga við mikla erfiðleika að stríða (Guðrún Kristinsdóttir, 2000).

Athyglisvert er hversu hlutfallstölur úr rannsóknum hér á landi og erlendis eru svipaðar og einnig er vert að hafa í huga aukningu hlutfalls barna sem afskipti voru af á vegum barnaverndarnefnda hér á landi. Hlutfallið hefur verið um 5% en er 5,4% árið 2002 og 5,7% árið 2003 (Barnaverndarstofa, 2003, 2004).

Spurninga- og matslistar Achenbach's

Í raun eru spurninga- og matslistar Achenbach's heildstætt kerfi matslista fyrir marga aldurshópa frá eins og hálfis árs aldri og upp úr. Hægt er að nota matslistana í ýmsum tilgangi, hvern lista fyrir sig, til viðbótar öðru eða til samanburðar á niðurstöðum úr öðrum matstækjum. Í þessari umfjöllun er aðeins fjallað um þann hluta spurningalistakerfisins sem varðar börn 11-18 ára að aldri.

Matslistar Achenbach's, sem notaðir voru í þessari rannsókn, eru stöðluð matstæki (Guðrún Pálmadóttir, 2003) og ætlaðir til að meta og gefa vísbendingar um hegðun og líðan, styrkleika og veikleika barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára. Matslistar Achenbach's ganga undir heitinu ASEBA kerfið (*Achenbach System of Empirically Based Assessment*). Matslistarnir eru þróaðir til notkunar fyrir fjóra aldurshópa, það er barna á leikskólaaldri (1,5-5 ára), barna á skólaaldri (6-18 ára), matslistar ætlaðir fullorðnum (18-59 ára) og að síðustu matslistar fyrir fullorðna, 60 ára og eldri. Á Íslandi hafa allir matslistarnir verið þýddir en á árinu 2004 voru gefnir út matslistar fyrir fullorðna, 18-59 ára, og fyrir aldurshópinn 60-90+ ára í byrjun árs 2005.

ASEBA matslistarnir eru verkfæri sem eiga sér um þrjátíu ára sögu og hafa verið ítarlega rannsakaðir. Hér á landi hafa matslistar fyrir börn á skólaaldri, 6-18 ára,

verið þýddir af Helgu Hannesdóttur, barna- og unglingageðlækni og fleirum, og verið í töluverðri notkun í yfir tuttugu ár (Helga Hannesdóttir, 2002). Íslensk endurútgáfa matslistanna var gerð á vordögum 2004 vegna breytinga sem höfundar gerðu árið 2001 á nokkrum spurningum á grundvelli nýrra rannsókna á viðmiðunarhópi mælitækisins (Achenbach og Rescorla, 2001).

Matslistar ASEBA fyrir börn á aldrinum 6-18 ára eru þrjár (Achenbach og Rescorla, 2001); **foreldralisti** 6-18 ára, CBCL (*Child Behavior Checklist*), **kennaralisti** 6-18 ára, TRF (*Teacher Report Form*) og **sjálfsmatslisti** barna og unglunga 11-18 ára, YSR (*Youth Self Report*). Á matslistunum þremur eru spurningar um félagslega þætti og samskipti, skólatengda þætti auk opinna spurninga um áhyggjur og styrkleika barns. Síðan eru 113 fullyrðingar sem svara þarf með því að merkja við 0 (ekki rétt svo þú vitir til), 1 (að einhverju leyti eða stundum rétt), eða 2 (á mjög vel við eða er oft rétt). Hver spurningalisti er staðlaður og hægt að bera saman svör eins við svör annars. Áreiðanleika og réttmæti þessara mælitækja hefur verið lýst í fjölda rannsókna auk ítarlegrar umfjöllunar um áreiðanleika og réttmæti, tölfræðilega uppbyggingu þeirra og fylgni innbyrðis og við önnur mælitæki sem er að finna í handbókum um listana (Achenbach og Rescorla, 2001).

Hægt er að vinna úr spurningalistunum hvort heldur er í sérstöku tölvuforriti ADM (*Assessment Data Manager*) eða handvirkt. Niðurstöður birtast sem línurit og gefa notandanum á auðveldan og fljótvirkan hátt mögulegt að sjá vísbendingar um styrkleika og veikleika viðkomandi barns og bera saman milli upplýsingagjafa. Spurningalistarnir eru alþjóðlegir og hafa verið þýddir á yfir 60 tungumál. Viðmiðunarmörk mælitækja Achenbach's eru grundvölluð á bandarískum rannsóknum. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið á Norðurlöndum og víðar í Evrópu hafa sýnt að viðmiðunarmörk, svokölluð „cut off“ mörk eðlilegra og sjúklegra einkenna, hafa reynst nokkru lægri en hin bandarísku. Tilraun til skýringar er að það kunni að vera vegna sveigðar (bias) sem liggja í mun lægra svarhlutfalli í þeim rannsóknum en í viðmiðunarhópi Achenbach's í Bandaríkjunum. Önnur möguleg skýring er sú að ástæðan kunni að vera menningarlegs eðlis og liggja í meira umburðarlyndi gagnvart frávikum í hegðun barna sem kemur fram sem lægri skorun af hálfu svaraanda (Helga Hannesdóttir, 2002). Dreifing (spönn) heildarhráskorana

mælitækisins er frá 0-32/35 stig á færniþáttum, þar sem fleiri stig þýða betri stöðu, en á vandapáttum 0-240 stig og fleiri stig þýða verri stöðu.

Líðan og hegðun – þáttgreining Achenbach-matslistanna

Hver matslisti er fjórar blaðsíður. Á foreldralista (CBCL) og sjálfsmatslista barns (YSR) er á fyrstu síðu spurt um áhugamál, tómstundir, íþróttaiðkun og önnur störf barnsins. Síðan er spurt um samskipti við vini, fjölskyldu, námslega stöðu og bornar fram opnar spurningar um áhyggjuefni og helstu kosti barnsins. Á kennaralistanum (TRF) svarar kennari spurningum um nemandann og námslega stöðu hans. Á næstu síðu er leitað eftir mati kennarans varðandi vinnusemi og hegðun auk opinna spurninga um áhyggjuefni og hæfileika. Á öllum þremur spurningalistunum eru samtals 113 fullyrðingar. Á CBCL og TRF listunum eru 97 fullyrðingar sambærilegar, 105 á CBCL og YSR og 93 á TRF og YSR.

Fullyrðingarnar 113 mynda átta flokka einkenna sem saman mynda þættina líðan (*internalizing*), hegðun (*externalizing*) og heildarvanda (*total problems*). Þættirnir átta ganga undir heitinu ASEBA-flokkun (*Syndrome Scale*) og eru byggðir á endurteknum rannsóknum og aðferðafræðilegum útreikningum þar sem niðurstaðan var að tiltekna fullyrðingar raðist saman og myndi einkenni eða vanda. Myndræn framsetning á einkennaflokkum og hvernig þeir raðast saman, má sjá í fylgiskjali 4. Einkennaþættirnir eru:

1. Kvíði/þunglyndi (*anxious/depressed*)
2. Hlédrægni/tilhneiging til að draga sig í hlé (*withdrawn/depressed*)
3. Líkamlegar kvartanir (*somatic complaints*)
4. Félagslegur vandi (*social problems*)
5. Hugsanaferli/hugsanaþættir/-vandi (*thought problems*)
6. Athyglis-/einbeitingarvandi (*attention problems*) –
7. Óhlýðni/brjóta boð og bönn/andfélagsleg hegðun (*rule-breaking behavior*) og
8. Reiði-/árásartengd hegðun (*aggressive behavior*).

Yfirflokkurinn líðan samanstendur af undirþáttunum þremur, kvíða/þunglyndi, hlédrægni og líkamlegum kvörtunum. Hegðun samanstendur af

tveimur þáttum, óhlýðni/andfélagslegri hegðun og reiðitengdri hegðun.

Undirþættirnir félagslegur vandi, hugsanaferli og athyglisvandi standa sjálfstætt en reiknast með í *heildarvanda* barnsins (*total problem*). Önnur flokkun er einnig unnin út úr niðurstöðum matslistanna en það er svokölluð DSM-flokkun (*DSM Oriented scale*), sbr. DSM-IV greiningar/sjúkdómsflokkunarkerfið (*Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders*). Fylgni hefur sýnt sig vera á milli þessara tveggja flokkunarkerfa (Achenbach, Dumenci, Rescorla og Collage 2001). Einn helsti munurinn á þessum flokkunarkerfum, er að DSM gengur út frá að ákveðinn fjöldi tiltekinna einkenna þurfi að vera til staðar (já-nei) svo greiningarskilyrði teljist uppfyllt. ASEBA flokkun gerir hins vegar ráð fyrir annarri vídd, lítið-mikið af hverju einkenni, og því meira sem sé af einkennum því meira hamlandi er það fyrir einstaklinginn. Í viðauka B í handbók matslista fyrir 6-18 ára er listi yfir fullyrðingar sem mynda einstaka þætti á hverjum matslista sbr. fylgiskjal 5 (Achenbach og Rescorla, 2001).

Samantekt

Í þessum kafla hefur verið farið yfir þá hugmyndafræðilegu nálgun sem stuðst er við í þessari rannsókn. Megininntak barnaverndarstarfs er hægt að líta á sem fyrirbyggjandi starf og ljóst að í hverju máli þarf að skoða fjölskylduna og barnið út frá heildarsýn.

Einkenni barna, sem upplifa misbrest í uppeldi, eru margháttuð og birtast með ólíkum hætti og mat þeirra sem þekkingu til barnanna og fjölskyldna þeirra getur verið mismunandi. Líkan Patterson's (Patterson o.fl., 1989) sýnir að hegðunarerfiðleikar og andfélagsleg hegðun barna á sér aðdraganda í löngu þróunarferli sem hefst snemma á ævinni. Erlendar og íslenskar rannsóknir styðja þróunarlíkanið. Rannsóknarniðurstöður sem reifaðar eru í kaflanum, gefa vísbendingu um að tilefni sé til að hafa áhyggjur af fjölgun barnaverndarmála hér á landi. Þær áhyggjur gefa tilefni til að skoða og rannsaka nánar hegðun og líðan þess aldurshóps barna innan barnaverndar sem hvað mest hefur stækkað hér á landi. Á þann hátt er helst að vænta upplýstrar og gagnrýnnar umræðu um vanda barnanna og fjölskyldna þeirra. Takist

barnaverndinni að leysa úr þeim vanda gæti það leitt til breytinga, börnum og samfélaginu til heilla.

Eins og fram kom í inngangi er í rannsókninni leitað svara við þessum rannsóknarspurningum og tilgátum:

- 1) Hvernig er hegðun og líðan barna á aldrinum 11 til 18 ára sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af?
 - a. Að hegðun, líðan og heildarvandi 11-18 ára barna innan barnaverndar mælist að minnsta kosti í helmingi tilvika, yfir klínískum mörkum.
 - b. Að gera megri ráð fyrir að drengir séu oftari og í meiri vanda en stúlkur.
 - c. Að erfiðleikar drengja séu meiri varðandi hegðun eða ytri þætti svo sem andfélagslega hegðun, árásarhneigð og óhlýðni.
 - d. Að erfiðleikar stúlkna séu meiri varðandi líðan eða innri þætti svo sem kvíði, depurð og líkamleg vanlíðan.
 - e. Að námsleg staða beggja kynja sé slök eða undir meðallagi.
 - f. Að erfiðleikar barnanna séu álíka eða sambærilegir heildarvanda barna t.d. innan geðheilbrigðisþjónustunnar?
 - g. Að fram komi vísbendingar um samsvörun við einstaka þætti í líkani Patterson's varðandi líðan og hegðun barnanna?

- 2) Hverjar eru fjölskylduaðstæður þessara barna?
 - a. Að félagsleg staða fjölskyldna barnanna einkennist af álagsþáttum eins og skertri starfsgetu, lágri menntun og lágum tekjum.

- 3) Hver er þátttaka, samskipti og mat foreldra á samstarfi við barnaverndaryfirvöld um málefni barnsins?
 - a. Að meirihluti foreldra hafi óljósar hugmyndir um tilefni afskipta barnaverndar og séu ekki virkur samstarfsaðili varðandi áætlanagerð í barnaverndarmálunum.
 - b. Að munur sé á vanda og styrkleikum barnanna að mati upplýsingagjafa?

3. Kafli Aðferð

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir sniði rannsóknarinnar sem er meginleg. Fjallað verður um framkvæmd gagnasöfnunar og þá siðferðilegu þætti sem tengjast gagnasöfnun og meðferð upplýsinga frá einstaklingum og fjölskyldum. Þá verður lýst mælitækjum og úrvinnsluaðferðum sem notaðar voru við rannsóknina.

Rannsóknarsnið

*„Áður en ég veit, hvað ég ætla að rannsaka,
get ég ekki vitað, hvernig ég ætla að gera það“*

(Jette Fog, 1979, sjá í Holme og Solvang, 1991 bls. 73)

Í rannsóknum stendur valið á milli meginlegra- og eigindlegra aðferða eða samblandi af báðum. Mikilvægt er að velja þá rannsóknaraðferð sem ætla má að henti best fyrir rannsóknarefnið og rannsóknarspurningarnar sem notaðar eru, sbr. hvernig Holme og Solvang (1991) og Sigurlína Davíðsdóttir (2003) stilla upp nokkrum mikilvægum einkennum þessara tveggja nálgunaraðferða.

Með hliðsjón af viðfangsefninu í þessari rannsókn má ætla að meginleg rannsóknaraðferð henti þar sem um er að ræða rannsókn þar sem leitað er kerfisbundið eftir upplýsingum um hegðun og líðan barna sem barnaverndarnefndir fjalla um á vissu tímabili og upplýsinga aflað frá mörgum aðilum. Áhugavert er að fá fram sem besta mynd af hegðun og líðan barnanna og bakgrunni fjölskyldna þeirra með það fyrir augum að geta sagt til um hið sameiginlega og almenna út frá gögnunum sem aflað er.

Meginlegar rannsóknaraðferðir fela í sér margar ólíkar aðferðir þó að þekktustu aðferðirnar séu staðlaðir spurningalistar með ákveðnum svarmöguleikum. Meginleg aðferð er fólgin í því að skoða magn, fjöldatölur, tíðni, útbreiðslu, munstur og samhengi. Einnig einkennist meginleg aðferð af ákveðinni fjarlægð við það sem rannsakað er og óbeinum samskiptum rannsakanda við hið rannsakaða og aðstæður þess. Tilgangurinn er að ná fram upplýsingum um sem flesta þátttakendur og geta sagt sem nákvæmast til um stöðu fjöldans. Þannig verður rannsakandinn allan tímann

að reyna að vera hlutlaus og draga fram breytileika einstakra breytna. Hér er einnig að finna helstu hættuna við notkun meginlegrar rannsóknaraðferðar við rannsóknir á mannlegu samfélagi, það er aðgerðabinding kenninga og hvaða ályktanir eru í raun byggðar á gögnunum (Home og Solvang, 1991; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Áreiðanleiki í rannsóknum segir til um hvernig mæling er framkvæmd og hversu nákvæmlega er farið með og unnið úr gögnum. Réttmæti rannsóknar segir hins vegar til um hvort mældir séu þeir eiginleikar sem rannsóknarspurningin miðast við. Hár áreiðanleiki rannsókna telst þegar aðrar óháðar mælingar á sama fyrirbæri gefa sömu eða svipaðar niðurstöður (Holme og Solvang, 1991).

Styrkur meginlegra rannsókna liggur í tiltrú á sannleiksgildi tölulegra upplýsinga. Þessi styrkur meginlegra aðferða er jafnframt stærsti veikleiki þeirra, sem er misnotkun á tölum og framsetning ályktana sem taldar eru eiga grundvöll í gögnum. Afstaða rannsakandans, gildismat hans, fordómar og fyrirframgerðar hugmyndir hafa á einhvern hátt áhrif á alla þætti rannsóknarferlisins. Því er mikilvægt að rannsakandinn geri sem skýrast grein fyrir forsendum sínum og vandi til framsetningar á tölulegum upplýsingum og ályktunum út frá gögnum sem safnað er (Holme og Solvang, 1991; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Lögð er áhersla á að rannsókn þessi um hegðun og líðan barna og félagslegar aðstæður þeirra hafi hagnýtt gildi. Leitast er við að ná fram tölfræðilegum staðreyndum úr félagslegum veruleika og sýna fram á tengsl milli breyta; með því sé hægt að notast við þekktar tilgátur, kenningar eða líkön sem skýringargögn eða móta slíkt upp úr gögnum. Rannsóknin byggist því á afleiðslu. Ályktanaferlið byggist á gögnum sem aflað er í rannsókninni (Holme og Solvang, 1991; Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Aðferðafræði þessarar rannsóknar er að nokkru bæði meginleg og eigindleg, það er sambland beggja aðferða. Kveikjan að rannsókninni á uppruna sinn í rannsóknum og kenningum á sviðinu og athugun rannsakanda á ársskýrslum barnaverndarnefnda á liðnum tæpum áratug. Með rannsókninni er verið að leita eftir innra sjónarhorni margra aðila á hvert barn. Stuðst er við almenna dómgreind þeirra sem svara matslistum og þannig reynt að gera sér grein fyrir hugmyndum þeirra um félagslegan veruleika og síðan borið saman. Leitað er eftir mati þátttakendanna sjálfra

á líðan og hegðun og hugsanlegum frávikum þar sem áhugi er á samhengi og skipulagi, þar sem öll sjónarhorn eru jafnmikilvæg. (Home og Solvang, 1991, Sigurlína Davíðsdóttir, 2003).

Niðurstöður verða síðan skoðaðar í samanburði við aðrar rannsóknarniðurstöður og leitast við að túlka þær.

Framkvæmd

Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd á vormánuðum 2004. Í upphafi voru valdar barnaverndarnefndir, sem höfðu hæstu íbúatölu að baki, eftir að umdæmi barnaverndarnefnda í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Reykjanesbæ, Sandgerði, Vogum, Gerðahreppi og Mosfellsbæ höfðu verið tekin út. Ástæða þess var að í gangi var þróunarverkefni hjá ofangreindum nefndum í byrjun árs 2004 og talið að óheppilegt gæti verið að fleiri verkefni væru í gangi á sama tíma. Þá var einnig undanskilið umdæmi barnaverndarnefndar við utanverðan Eyjafjörð sem var við upphaf rannsóknarinnar starfssvæði rannsakanda.

Í febrúar 2004 var leitað samstarfs við 11 barnaverndarnefndir og starfsmenn á vegum þeirra þar sem börn í umdæmi voru yfir 1000. Þetta voru umdæmin Þingeyjarsýsla, Árborg, Vestmannaeyjar, Seltjarnarnes, Garðabær, Akranes, Borgarbyggð, Snæfellsbyggð, Ísafjörður, Skagafjörður og Akureyri. Eftir að fengist höfðu jákvæð viðbrögð starfsmanna og barnaverndarnefnda í þessum umdæmum féllu brott þrjú barnaverndarumdæmi vegna þess að ekkert mál uppfyllti skilyrði eða þau féllu frá þátttöku vegna anna. Þessi sveitarfélög voru Borgarbyggð, Árborg og Garðabær. Í framhaldi af því var leitað til barnaverndarumdæma í Reykjavík og á Reykjanesi þar sem fram hafði komið áhugi á þátttöku þó svo að unnið væri að áðurnefndu þróunarverkefni. Þátttökuumdæmin í upphafi rannsóknarinnar voru því alls tíu.

Innan þessara tíu barnaverndarumdæma voru árið 2002 um 61% allra barna á Íslandi og 2483 barnaverndarmál skráð það ár eða 50 mál á hver 1000 börn að meðaltali. Tíðni mála pr./1.000 börn í þessum sveitarfélögum var á bilinu 10,1-60 mál. Meðaltalið 50 mál pr./1.000 börn er nokkru lægra en á landinu öllu árið 2002

sem var 54 börn (sem jafngildir 5,4% af öllum börnum). Ofangreind tíu umdæmi höfðu um 56% allra barnaverndarmála ársins 2002 (Barnaverndarstofa, 2003; Hagstofa Íslands, 2004).

Úrtakið

Úrtakið var líkindaúrtak og valið á einfaldan hátt með útdrætti (*simple random sample*). Lagt var upp með úrtak 80 barna eða mála. Fjöldi mála í úrtaki hjá hverju umdæmi var í upphafi ákvarðaður sem hlutfall af fjölda mála viðkomandi umdæmis í heildarfjölda skráðra mála árið 2002. Sem dæmi má nefna Þingeyjarsýslu sem hafði 56 mál árið 2002 og þurfti því 4,3 mál til að það endurspeglaði hlutdeild umdæmisins. Fjöldi mála í Reykjavík hins vegar ákvarðast út frá því að verða um 40% viðbót við fjölda frá umdæmunum níu í samræmi við hlut Reykjavíkur í heildarfjölda allra mála. Vegna brottfalls umdæma og slakrar heimtu var úrtakið stækkað upp í 90 börn/mál.

Barnaverndarumdæmunum var sent bréf þar sem áréttuð var samstarfsbeiðni (fylgiskjal 6) um rannsóknina og óskað eftir upplýsingum um fjölda barna eða mála sem uppfylltu eftirfarandi skilyrði: 1) opið barnaverndarmál frá 31. mars 2004 eða eldra og 2) varðar barn á aldrinum 11 til 18 ára. Þýðið var því öll börn sem uppfylltu ofangreind skilyrði hjá umdæmunum tíu og reyndust þau vera 656.

Barnaverndarskrifstofa hvers umdæmis útbjóg svo númeraðan lista yfir fjölda mála (opin mál 11 til 18 ára barna hjá viðkomandi umdæmi) og var sá fjöldi gefinn upp til rannsakanda sem framkvæmdi lottó-útdrátt sem gaf til kynna númer/sæti þess máls eða barns á lista barnaverndarskrifstofunnar sem valdist í úrtakið. Þar með hafði viðkomandi barn/mál fengið úthlutað rannsóknarnúmeri sem notað var í stað nafna eða annarra persónugreinanlegra upplýsinga á spurningalistum. Rannsóknarnúmerið samanstóð af fyrstu einum til tveimur bókstöfum í nafni sveitarfélagsins og raðnúmeri. Þar með var tryggt að lykillinn til að rekja upplýsingar frá rannsóknarnúmeri til barns var í höndum barnaverndarnefnda á hverjum stað.

Fyrirlögn

Eftir að barnaverndarumdæmi hafði fengið send númer mála sem völdust í úrtakið voru spurningalistar ásamt svarumslögum merktum rannsakanda, póstagðir til tengiliða hjá viðkomandi barnaverndarumdæmum. Eyðublað fyrir upplýst samþykki og leiðbeiningar um fyrirlögn voru sendar til tengiliðs barnaverndarumdæmis með tölvupósti (fylgiskjal 7 og 8).

Starfsmaður viðkomandi barnaverndarumdæmis hafði samband við foreldra, kynnti rannsóknina og lagði kynningarbréf fyrir foreldra ásamt eyðublaði fyrir upplýst samþykki (fylgiskjal 7 og 8). Samþykktu foreldrar þátttöku átti viðkomandi að svara matslista um hegðun og líðan barns og spurningalista um bakgrunnsþætti og samstarf. Í leiðbeiningabréfi var lagt til að starfsmaður barnaverndar fyllti út sinn matslista samtímis foreldri/foreldrum og barni til að nýta tímann sem best. Foreldri eða starfsmaður kom matslista til umsjónarkennara, sjálfsmatslista til barnsins og matslista til hins foreldrisins, ef um það var að ræða, þar sem óskað var eftir að báðir foreldrar svöruðu sitt hvorum matslistanum. Fyrir hvern einstakan svaranda var merkt og frímerkt svarumslag sem setja skyldi matslistann í og senda rannsakanda. Rannsakandi útbjó sérstakt eyðublað um brottfall sem skyldi fyllt út ef foreldri neitaði þátttöku eða málsnúmer félli út af öðrum ástæðum, svo sem vegna tungumálaerfiðleika (fylgiskjal 9).

Gagnasöfnun

Spurningalistar voru sendir út síðari hluta marsmánaðar og í byrjun apríl 2004. Svör bárust frá því í maí 2004 og varð síðan nokkurt hlé á fyrirlögn og skilum vegna sumarleyfa.

Í október 2004 höfðu borist 72 svarlistar er vörðuðu 23 börn. Rannsakandi hafði þá samband og ítrekaði skil við starfsmenn barnaverndarnefnda bæði í síma og með tölvupósti. Bætti það skil að nokkru leyti og höfðu 112 svarlistar borist um áramót 2004/2005. Þá var sent út bréf með hvatningu, lýsingu á vísbendingum, sem hægt væri að sjá úr gögnum, og tilkynningu um lokafrest á skilum. Skilaði það

óverulegri viðbót og í lok janúar 2005 hafði skilað sér 121 svarlisti (þar með taldar brottfallstilkynningar) vegna 41 barns. Þessi staða kallaði á endurmat.

Niðurstaða rannsakanda var að leita eftir samstarfi við þrjú sveitarfélög til viðbótar, Kópavog, Hafnarfjörð og Mosfellsbæ, og að hvert þeirra tæki þátt í að leggja rannsóknina fyrir fimm börn, valin á sama hátt með tilviljunarúrtaki úr málaskrá opinna mála 11-18 ára barna.

Siðferðilegir þættir

Rannsóknin var tilkynnt Persónuvernd í febrúar 2004 og hlaut skráningarnúmerið S1971/2004. Þegar starfsmenn barnaverndarnefnda höfðu samband við foreldra kynntu þeir rannsóknina og afhentu kynningarbréf (fylgiskjal 7) þar sem var að finna upplýsingar um rannsakanda og rannsóknina. Kynntur var réttur foreldra til að neita þátttöku eða hætta hvenær sem var. Foreldrum var sérstaklega skýrt frá að þátttaka þeirra eða neitun þátttöku, myndi ekki hafa nein áhrif á athugun eða meðferð málefna barns þeirra hjá barnaverndaryfirvöldum. Upplýst var hvernig nafnleynd og trúnaður yrði tryggður fyrir svör þeirra og að lykilinn að persónugreinanlegum upplýsingum yrði í vörslu barnaverndarnefnda og eytt að rannsókn lokinni. Ef foreldrar ákváðu að taka þátt í rannsókninni að þessu gerðu, skrifuðu þeir undir upplýst samþykki sem varðveitt skyldi hjá barnaverndarnefndinni (fylgiskjal 7).

Að lokinni útfyllingu spurningarlistanna settu foreldrar svörin í merkt umslag en héldu eftir eintaki af kynningarbréfi og upplýstu samþykki. Með því var tryggt að starfsmenn hefðu takmarkaðan aðgang að svörum foreldra og að foreldrar gætu að lokinni þátttöku haft undir höndum upplýsingar um rannsakanda, rannsóknina og réttindi sín.

Mælitæki

Í rannsókninni var notuð íslensk útgáfa spurningalista Achenbach's, sem ætlaðir eru foreldrum barna á aldrinum 6-18 ára (CBCL) (fylgiskjal 10), sjálfsmatslisti barna á aldrinum 11-18 ára (YSR) (fylgiskjal 11) og matslisti fyrir kennara (TRF) (fylgiskjal 12). Matslistarnir, sem notaðir voru, hafa útgáfunúmerið 6-1-01. Starfsmenn svöruðu

einnig svokölluðum foreldralista (CBCL). Hér á undan er fjallað nánar um spurningalista Achenbach's. Sérstakur spurningalisti var útbúinn fyrir foreldra vegna rannsóknarspurninga um bakgrunnsupplýsingar fjölskyldna barnanna og reynslu foreldra af samstarfi við barnaverndaryfirvöld (fylgiskjal 13).

Í þessari rannsókn voru svör foreldra, kennara, starfsmanna og barna slegin inn í sérstakt úrvinnsluforrit (ADM) sem hannað er til úrvinnslu matslistanna. Þaðan voru upplýsingarnar fluttar yfir í SPSS tölfræðiforrit til frekari úrvinnslu.

Spurningalisti varðandi bakgrunn og samstarf

Rannsakandi útbjó sérstakan spurningalista sem lagður var fyrir foreldra (fylgiskjal 13). Á listanum eru 29 spurningar í þremur köflum. Í fyrsta kafla eru lýðfræðilegar breytur; kyn, aldur, menntun og atvinnuhagir svaranda. Annar kafla er um fjölskylduhagi, svo sem fjölskyldustöðu, tekjur, fjölda barna, húsnæði og flutninga. Þriðji kaflinn er svo um samskipti og samstarf við barnaverndaryfirvöld og form stuðnings barnaverndaryfirvalda. Svarkostir eru bæði lokaðir og hálflokaðir.

Forprófun

Gerð var forprófun varðandi notkun spurningalista ASEBA fyrir starfsfólk barnaverndar til að svara spurningunni um hvort ætti betur við að nota CBCL eða TRF matslista fyrir barnaverndarstarfsmanninn. Niðurstaða þeirrar prófunar var að nota foreldralistann CBCL þar sem TRF listinn þótti spyrja um atriði sem vörðuðu árangur, hegðun og framkomu í skólabekk sem óvíst væri að starfsfólk barnaverndar gæti svarað eða að slíkar spurningar gætu virkað fráhrindandi eða óviðeigandi fyrir viðkomandi. Margar erlendar rannsóknir um börn innan barnaverndar þar á meðal varðandi fósturbörn hafa notað mælitæki Achenbach's (Nygren, 2000; Heflinger, Simpkins og Combs-Orme, 2000; Shore, Sim, Le Prohn og Keller, 2002; Berson, Vargo, Roggenbaum og Baker, 2002).

Ekki var gerð forprófun á spurningalistanum um lýðfræðilegar breytur og samstarf en hann saminn með hliðsjón af öðrum sambærilegum spurningalistum sem notaðir hafa verið við aðrar rannsóknir.

Úrvinnsla gagna

Við úrvinnslu ganga var notast við tölfræðiforritið SPSS. Aðallega var notuð lýsandi tölfræði auk þess að skoða tengsl milli breyta og hópa með útreikningi á fylgni og með aðhvarfsgreiningu og marktektarprófun. Alpha stuðullinn 0,05 var notaður við alla tölfræðilega úrvinnslu, það er 95% víska um að munur sé til staðar í þýðinu.

Hverri rannsóknarspurningu var svarað út frá lýsandi tölfræði með því að draga fram það sem dæmigert er fyrir gögnin og hversu miklu munar á einstaklingum og hópum. Notast var við mælingar á miðsækni og dreifingu út frá aldri og kyni barna og út frá mati/sjónarhorni hvers hóps upplýsingagjafa.

Einnig var gerður samanburður milli kynja og hópa upplýsingagjafa með marktektarprófun (*t-próf*) og dreifigreiningu (*one-way ANOVA*). Með þessum aðferðum var leitast við að draga fram hvort líklegt sé að álykta um þýðið út frá gögnum.

Notast var við ***t-gildi*** matslista ASEBA í tölfræðilegri úrvinnslu þar sem það veitir upplýsingar um niðurstöður samanborið við bandarísk viðmiðunarmörk mælitækisins og staðalfrávik. Hins vegar voru notuð hrágildi þegar tilefni þótti til, einkum vegna þess að þau endurspeglar meiri dreifingu þegar unnið var með einstaka þætti. Þess er sérstaklega getið í texta þegar notuð eru hrágildi í stað t-gilda.

4. Kafli Niðurstöður

Í þessum kafla er lýst niðurstöðum rannsóknarinnar. Fyrst er gerð grein fyrir skilum, gagnasafninu og helstu einkennum svarendahópsins og félagslegum aðstæðum. Því næst eru kynntar niðurstöður við spurningalistanum um þátttöku, samskipti og mat foreldra á samstarfi við barnaverndaryfirvöld.

Til einföldunar eru niðurstöðum skipt í kafla sem taka mið af hverri rannsóknarspurningu. Niðurstöðum við fyrstu rannsóknarspurningu eru ennfremur aðgreindar í undirkafla eftir svarendahópum það er eftir niðurstöðu sjálfsmats barns, foreldra, kennara og starfsfólks barnaverndarnefnda.

Almennt um svarendahópin og gögnin

Þátttökuumdæmin voru 13 sveitarfélög eða umdæmi barnaverndarnefnda. Uppgefin málafjöldi (þýði) í þessum umdæmum voru 822 mál og voru 90 börn í úrtakinu. Svör bárust varðandi 48 börn eða 53,3% úrtaksins. Brottfall var því samtals 42 börn/mál (46,7%), þar með talið foreldrar 12 (13,3%) barna sem neituðu þátttöku.

Svarhlutfallið í rannsókninni er því lágt og veikir það niðurstöðurnar og þar með ályktanferlið út frá niðurstöðum.

Af börnunum 48 voru 29 drengir (60%) og 19 stúlkur (40%). Fjöldi ASEBA svarlista voru 144 svarlistar varðandi áðurgreind 48 börn (tafla 1), það er einn eða fleiri matslistar um hvert barn. Í málum tíu barna barst einn matslisti en að meðaltali eru þrjár ASEBA matslistar um hvert barn.

Gagnasafnið er í tveimur hlutum, það er safn sem byggir á matslistum ASEBA og safn sem byggir á svörum foreldra um félagslegar aðstæður, samskipti og samstarf. Í gagnasafninu sem byggir á ASEBA matslistum eru 57 matslistar um stúlkur og 87 listar um drengi. Þessi skipting svarlista eftir kyni barns er eins og fram kemur í töflu 1 og fylgiskjali 1 hin sama og skipting barna eftir kyni í ársskýrslum Barnaverndarnefnda á síðustu árum.

| | | Svarlistar ASEBA | | | | | | | | Svarlistar eftir kyni | |
|------------------|---------|--------------------|-------|---------------------|-------|------------------|-------|----------------------|-------|-----------------------|-------|
| | | CBCL-foreldralisti | | YSR-sjálfsmatslisti | | TRF-kennaralisti | | CBCL-starfsf.barnav. | | Fjöldi | % |
| | | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | | |
| Kynbarns | Stúlka | 21 | 42,9 | 11 | 37,9 | 10 | 33,3 | 15 | 41,7 | 57 | 39,6 |
| | Drengur | 28 | 57,1 | 18 | 62,1 | 20 | 66,7 | 21 | 58,3 | 87 | 60,4 |
| Fjöldi svarlista | | 49 | 100,0 | 29 | 100,0 | 30 | 100,0 | 36 | 100,0 | 144 | 100,0 |

N=48, Drengir n=29, Stúlkur n=19

Tafla 1: Fjöldi og hlutfall svarlista ASEBA sem bárust um drengi og stúlkur eftir upplýsingagjöfum.

Gagnasafnið varðar 48 börn á aldrinum 11-18 ára. Meðalaldur barnanna er 14 ár. Meðalaldur drengja er 13,7 ár en stúlkna 14,4 ár. Börnin svöruðu 29 YSR matslistum (32% úrtaksins). Foreldrar svöruðu alls 49 CBCL matslistum um 32 börn (36% úrtaksins). Tengsl foreldra við börnin eru þannig að 36 listar eru frá kynforeldrum, einn frá foreldri sem hafði ættleitt barn, fjórir frá stjúpförelldrum og átta frá fósturförelldrum. Foreldri sem svarar er í 61,2% (n=30) tilvika kona og 38,8% (n=19) tilvika karl. Kennari eða annað starfsfólk skóla svaraði TRF matslista varðandi 30 börn. Í 76% tilvika var viðkomandi upplýsingagjafi kona, en í 24% tilvika karl. Starfsfólk barnaverndar (CBCL) svaraði CBCL matslistum varðandi 36 börn (40% úrtaksins). Brott féll einn matslisti vegna ófullnægjandi svara/útfyllingar. Starfsfólkið sem svaraði er í 83% tilvika kona og í 17% tilvika karl.

Alls bárust svör frá 27 forsjáraðilum við spurningalista um félagslegar aðstæður, samstarf og samskipti við barnavernd eða frá fjölskyldum 56% barnanna 48. Svörin við spurningalistanum fylgja 93 ASEBA matslistum (einn eða fleiri) eða um 65% þeirra (N=144).

Svarandi sérstaka spurningalistans er í 30% tilvika karl og 70% tilvika kona. Meðalaldur foreldra sem svaraði er 41 ár og 63% þeirra hefur lokið grunnskólanámi, 11% lokið stúdentsprófi, 18,5% lokið iðnskólanámi og rúm 7% hafa aðra menntun.

Félagslegar aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar

Svör við spurningalista varðandi lýðfræðilegar breytur, félagslegar aðstæður, samstarf og samskipti við barnavernd, bárust frá foreldrum 25 barnanna 48. Alls bárust þær upplýsingar því um 52% þeirra barna þar sem svarað er ASEBA matslistum. Uppruni allra svarenda er íslenskur, 64% foreldranna eru giftir eða í sambúð og meðallengd sambúðar er 14,8 ár ($n=21$, $Sd=6,3$). Einstæðir foreldrar eru 24% foreldra hópsins og 12% fráskildir eða maki látinn.

Svör foreldra þessara 25 barna voru í 76% tilvika frá konum og 24% tilvika frá körlum. Foreldrar eru á aldrinum 31-53 ára og meðalaldur þeirra 41 ár. Foreldri hefur í 60% tilvika lokið grunnskólaprófi, 12% lokið stúdentsprófi og 20% lokið iðnskólaprófi.

Svörum varðandi atvinnu voru flokkuð út frá íslenskri starfsflokkun Hagstofu Íslands. Flestir foreldrar gefa upp örorku sem núverandi stöðu eða 32% þeirra. Næstflestar eða 24% er ósérhæft starfsfólk og aðrir starfaflokkar minna. Svör bárust varðandi atvinnustöðu maka frá 17 foreldrum og eru 29% þeirra þjónustu-/afgreiðslufólk, 23 % ósérhæft starfsfólk og 12% þeirra eru öryrkjar. Foreldrar starfa ekki utan heimilis í 40% tilvika, 16% eru í hlutastarfi, 32 % eru í fullu starfi og 12% í fullu starfi á einum stað og vinnur aðra vinnu. Makar ($n = 17$) voru oftast eða í 76,5% tilvika í fullu starfi.

Að meðaltali er heildarfjöldi barna á heimili ($n = 27$) 3,48 börn ($Sd=1,8$). Flestir svarenda eða 71% bjó í eigin húsnæði og 29% í leiguhúsnæði. Um 75% foreldrahópsins höfðu ekki flutt milli byggðalaga eða skipt um húsnæði á síðustu tveimur árum en 24% höfðu gert slíkt.

Meðaltekjur fjölskyldu (heildarlaun beggja foreldra-atvinnutekjur) eru 201 – 250 þúsund krónur en 36% ($n=8$) gefa upp að tekjur fjölskyldunnar sé undir 200 þúsund krónur á mánuði.

Þátttaka, samskipti og mat foreldra á samstarfi við barnaverndaryfirvöld um málefni barnsins

Mál barnanna hófust á síðustu 4 – 144 mánuðum. Að meðaltali eru 44,6 (miðgildi, $Mg=24$, tíðasta gildi, $Mb=24$) ($n = 24$, $Sd 40,2$) mánuðir frá því barnaverndarmálin hófust. Um 60% ($n = 13$) málanna hófust á síðustu 24 mánuðum. Mál 30% barnanna hafa áður verið til skoðunar hjá barnaverndarnefndum en 70% hafa ekki verið áður til skoðunar.

Foreldrum var í 83% tilvika kunnugt um ástæður eða tilefni þess að tilkynning varðandi barnið barst til barnaverndar. Í 32% tilvika hafði foreldrum borist skrifleg tilkynning um að málefni barnsins væru til könnunar á grundvelli barnaverndarlaga, í 22% tilvika með símtali og boðun og í 45% tilvika með öðrum hætti en þá tilgreindu foreldrar oftast að þeir hafi sjálfir leitað eftir aðstoð.

Helmingur ($n = 20$) foreldranna hafði farið yfir niðurstöður könnunar, 15% höfðu ekki gert það og í 35% tilvika var könnun ekki lokið. Um 75% foreldrahópsins höfðu tekið þátt í að útbúa áætlun um stuðningsaðgerðir og um 21% höfðu ekki verið með í því. Börnin höfðu í 84% tilvika verið boðuð til viðtals hjá starfsmanni barnaverndar og í 80% tilvika tekið þátt í slíku viðtali hjá starfsmanni eða hjá öðrum ráðgefandi aðila. Um 16-20% barnanna höfðu hvorki verið boðuð né tekið þátt í slíkum viðtölum.

Þau þjónustuúrræði sem algengast var að foreldrar ($n=23$) gæfu upp voru: í 39% tilvika var stuðlað að samvinnu og úrræðum á öðrum sviðum (t.d. skóla), í 26% tilvika var barni útvegaður stuðningur eða meðferð og í 17% tilvika var tekið við forsjá eða umsjá barns og því ráðstafað í fóstur.

Um 84% foreldranna ($n = 24$) töldu samstarfið við barnavernd vera gott eða mjög gott.

Hegðun og líðan barna á aldrinum 11 til 18 ára sem barnaverndarnefndir hafa afskipti af?

Niðurstöðum þessa hluta rannsóknarinnar er til aðgreiningar skipt upp eftir hverjum hópi svarenda ASEBA matslistanna. Niðurstöður eru kynntar út frá hverju sjónarhorni og svo er sérstaklega greint frá samanburði milli svarendahópa.

Sjálfsmat barnanna

Heildarvandi 11-18 ára barna innan barnaverndar er að eigin mati að meðaltali 58 t-gildi (tafla 2), það er rétt innan við eitt staðalfrávik¹ frá meðaltali, samkvæmt YSR matslistum. Líðan sína (það er depurð, kvíða, líkamlega vanlíðan) meta börnin að meðaltali 56 t-gildi og hegðun (það er reiði/árásargjörn hegðun og brjóta boð og bönn) að meðaltali 60,5 t-gildi.

| Kyn barns | | Líðan (internalizing) | Hegðun (externalizing) | Heildarvandi (tot.problems) |
|----------------|----|--------------------------|---------------------------|--------------------------------|
| Drengir (n=18) | M | 54,9 | 60,8 | 57,6 |
| | Sd | 9,9 | 10,0 | 10,1 |
| Stúlkur (n=11) | M | 57,7 | 60,0 | 58,7 |
| | Sd | 12,3 | 11,9 | 10,5 |
| Samtals (n=29) | M | 56,0 | 60,5 | 58,0 |
| | Sd | 10,7 | 10,5 | 10,1 |


Tafla 2: Meðaltal t-gilda á sjálfsmatslista drengja og stúlkna varðandi líðan, hegðun og heildarvanda (YSR).

Bæði drengir og stúlkur meta hegðunarerfiðleika sína sem nemur einu staðalfrávik frá meðaltali ASEBA og að vandi þeirra sé meira hegðunarerfiðleikar en vandi með líðan. Meðaltal heildarvanda drengja er aðeins lægra en stúlkna. Líðan stúlkna samkvæmt matslistanum er að meðaltali hærri (verri) en drengja en hegðunarerfiðleikar eru álíka. Þessi munur er ekki marktækur, $p > 0,05$.

¹ Meðaltalið á t-kvarða er 50 og eitt staðalfrávik (*Sd*) er 10.

Niðurstaða sjálfsmatlista stúlkna (YSR) reiknast í 45% tilvika yfir viðmiðum² varðandi alla þrjá þættina, líðan, hegðun og heildarvanda. Mat drengja á líðan sinni reiknast í 33% tilvika yfir viðmiði, í 50% tilvika varðandi hegðun og 39% tilvika varðandi heildarvanda.

Hve oft einstakir einkennaþættir eru yfir viðmiðunarmörkum hjá drengjum og stúlkum kemur fram á mynd 1. Nokkur munur virðist á hvaða þættir skora hæst og einnig virðast drengir sjaldnar en stúlkur, eiga við vanda varðandi hlédrægni/depurð, félagslegan vanda og hugsanavanda. Niðurstaða *t*-prófs á hrágildum undirþáttanna er að marktækur munur er á milli kynjanna varðandi *hlédrægni/depurð* þar sem drengir meta þennan þátt í líðan sinni lægri en stúlkur (drengir, hrágildi: $M = 3,3$, stúlkur, hrágildi: $M = 5,6$), $t(27) = -1,8$, $p < 0,05$ en munur var ekki varðandi aðra þætti.



Mynd 1: Hlutfall sem er yfir 65 t-gildum á einstökum þáttum eftir kyni, að mati barna (YSR).

² Með viðmiði varðandi líðan, hegðun og heildarvanda er vísað til $t=60$ eða 1 *Sd* ofan við meðaltal, sbr. Achenbach og Rescorla, 2001

Þrjú undirþátta ASEBA sem ekki reiknast með í líðan og hegðun en teljast með heildarvanda, eru félagslegur vandi, hugsanavandi og athyglis-/einbetingarvandi. Að meðaltali er félagslegur vandi drengja að eigin mati $M = 56,7$ ($Sd=6,9$) og stúlkna $M = 57,5$ ($Sd=7,6$). Hugsanavandi að mati drengja er $M = 55,2$ t-gildi ($Sd=5$) og stúlkna $M = 56,5$ t-gildi ($Sd=7,4$). Meðaltal athyglis-/einbetingarvanda beggja kynja reynist einnig áþekkur, drengir $M = 60,5$ ($Sd = 12$) og stúlkna $M = 59,6$ ($Sd = 10,2$), að mati barnanna sjálfra. Munur á þessum þremur þáttur er ekki marktækur, $p > 0,05$.

Heildarfærni eða lífsleikni er samsett af virkni, félagsfærni og skóla/námslegri stöðu (tafla 3). T-gildi varðandi námslega stöðu eru ekki reiknuð sérstaklega þar sem niðurstöður sjálfsmatslistanna gefa ekki svör við spurningum um sérkennslu, endurtekinn bekk eða annan skóla-/námslegan vanda. Mat barnsins á skóla-/námslegri stöðu sinni er þó reiknað með í heildarfærni (Achenbach og Rescorla, 2001). Félagsfærni- eða lífsleikni sína meta drengir og stúlkur misjafnlega eins og sýnt er í töflu 1. Að meðaltali telja stúlkur heildarfærni sína heldur hærri en þau mörk sem sett eru í mælitækinu sem mörk fyrir viðunandi getu (viðmiðunarmörk³) en heildarfærni drengja er undir þeim mörkum. Virkni- eða athafnasemi meta drengir á viðmiðunarmörkum en félagsfærni sína meta þeir yfir mörkunum.

| Kyn barns | T-gildi | Virkni (Activities) | Félagsl.færni (Social) | Skóla/ námsl. færni (School) | Lífsleikni - heildarfærni (Total Competence) |
|----------------|----------|---------------------|------------------------|------------------------------|--|
| Drengir (n=18) | Meðaltal | 33,9 | 41,7 | ,0 | 33,8 |
| | Sd | 7,6 | 8,3 | ,0 | 9,3 |
| Stúlkur (n=11) | Meðaltal | 40,4 | 44,5 | ,0 | 41,0 |
| | Sd | 10,5 | 10,7 | ,0 | 13,3 |
| Samtals (n=29) | Meðaltal | 36,4 | 42,7 | ,0 | 36,3 |
| | Sd | 9,2 | 9,2 | ,0 | 11,1 |

Tafla 3: Meðaltal t-gilda (t-score) eftir kyni að mati barna (YSR) varðandi virkni, félagslega færni og lífsleiki-/heildarfærni.

³ Viðmiðunarmörk eða „borderline“ svæði færniþátta er sett á milli 31-35 t-gildi en 37-40 t-gildi varðandi heildarfærni, því hærri sem gildin eru því meiri færni. Sé mælitæla undir þessum mörkum er talin ástæða til að skoða betur stöðu barnins.

Til að fá fram mat barnanna varðandi skóla-/námslega stöðu gerði rannsakandi athugun á niðurstöðum hrágilda við spurningum I-VII á YSR matslistanum. Niðurstaðan er að drengir og stúlkur meta stöðu sína svipað (tafla 4) nema að börnin meta námslega stöðu sína undir meðallagi borið saman við jafningja sína. Munur milli kynja er ekki marktækur nema varðandi fjölda starfa/vinnu/verkefni sem þau stunda (drengir: $M=1$, stúlkur: $M=2,2$), $t(26,76) = -3,37, p < 0,05$ og hafa stúlkur fleiri störf/verkefni en drengir. Marktækur munur er hversu samviskusöm þau eru (drengir: $M=0,6$, stúlkur: $M=1$), $t(22,1) = -2,3, p = 0,03$, það er að stúlkur telji sig sinna störfum sínum betur en drengir telja sig gera.

| | Kyn barns | | | | | | | | |
|---|-----------|----|-----|---------|----|-----|---------|----|-----|
| | Drengir | | | Stúlkur | | | Samtals | | |
| | M | N | Sd | M | N | Sd | M | N | Sd |
| Fjöldi íþrótt _a | 1,7 | 18 | 1,1 | 1,8 | 11 | 1,5 | 1,8 | 29 | 1,2 |
| M-tími/þátttaka í íþróttum _a | ,7 | 18 | ,6 | ,6 | 11 | ,5 | ,7 | 29 | ,6 |
| M- tíma eytt í tómsundur _a | ,9 | 18 | ,5 | ,8 | 11 | ,6 | ,9 | 29 | ,5 |
| Fjöldi verkefna/vinnu _a | 1,0 | 18 | 1,1 | 2,2 | 11 | ,8 | 1,4 | 29 | 1,2 |
| M-hve vel sinnir starf _a | ,6 | 18 | ,8 | 1,0 | 11 | ,2 | ,8 | 29 | ,6 |
| Fjöldi önnur áhugamál _a | 1,7 | 18 | 1,0 | 2,0 | 11 | 1,3 | 1,8 | 29 | 1,1 |
| Fjöldi félaga _a | ,3 | 18 | ,6 | ,7 | 11 | ,9 | ,4 | 29 | ,7 |
| M-þátttaka í félögum/hópum _a | ,4 | 18 | ,7 | ,4 | 11 | ,5 | ,4 | 29 | ,6 |
| Fjöldi náinna vinir _b | 2,5 | 18 | ,9 | 2,6 | 11 | ,9 | 2,6 | 29 | ,9 |
| Hve oft barnið hittir vini _j | 1,7 | 18 | ,7 | 1,5 | 11 | ,8 | 1,6 | 29 | ,7 |
| Semur við aðra _b | 1,2 | 18 | ,4 | 1,2 | 11 | ,4 | 1,2 | 29 | ,4 |
| Unir með sjálfum sér _b | 1,1 | 18 | ,6 | 1,2 | 11 | ,6 | 1,1 | 29 | ,6 |
| Skóla/námsfærni -M frammistaða _c | 1,5 | 17 | ,8 | 1,4 | 9 | ,6 | 1,5 | 26 | ,7 |

a. Mælikvarði (1-3), 1=minna en í meðallagi, 2=í meðallagi, 3=meira en í meðallagi, 0=veit ekki.
 b. Mælikvarði (0-2), 0=illa, 1=svipað, 2=betur.
 c. Mælikvarði (0-3), 0=illa, 1=fyrir neðan meðallag, 2=í meðallagi, 3= fyrir ofan meðallag.

Tafla 4: Meðaltal hrágilda á færniþáttum drengja og stúlkna að mati barnanna (YSR).


Mat foreldra

Líðan, hegðun og heildarvandi 11-18 ára barna innan barnaverndar, reyndist að mati foreldra/forráðamanna vera eins og fram kemur í töflu 5 og er að meðaltali rúmu einu staðalfráviki hærra en meðaltal viðmiðunarhóps ASEBA. Nokkuð breytilegt er hversu oft foreldrar telja að vandi barnanna sé yfir viðmiðum CBCL matslistans á erfiðleikapáttunum (líðan, hegðun, heildarvandi) eins og sjá má á mynd 2 eða í 57-75% tilvika. Að meðaltali meta foreldra heildarvanda stúlkna meiri en þeir meta heildarvanda drengja. Foreldrar meta hegðunarerfiðleika drengja hærra en stúlkna og vanlíðan stúlkna hærra en drengja en þessi munur er ekki marktækur ($p > 0,05$). Martækur munur er heldur ekki á mati feðra ($M = 62,5$) og mæðra ($M = 64,1$), $p > 0,05$.

| <i>t-gildi</i> | <i>Líðan</i> | <i>Sd</i> | <i>Hegðun</i> | <i>Sd</i> | <i>Heildarvandi</i> | <i>Sd</i> |
|----------------|--------------|-----------|---------------|-----------|---------------------|-----------|
| | <i>M</i> | | <i>M</i> | | <i>M</i> | |
| Drengir (n=28) | 60,8 | 11,7 | 64,3 | 11,4 | 62,6 | 13,2 |
| Stúlkur (n=21) | 64,3 | 11,1 | 62,8 | 8,5 | 64,7 | 8,6 |
| Alls (N=49) | 62,3 | 11,5 | 63,7 | 10,2 | 63,5 | 11,4 |

Tafla 5: Mat foreldra/forráðamanna (CBCL) á líðan, hegðun og heildarvanda drengja og stúlkna.


Innan hóps foreldra/forráðamanna voru fósturforeldrar næstflestir svarenda eða átta svarlistar. Fósturforeldrar meta líðan, hegðun og heildarvanda barnanna minni en kynforeldrar gera. Nánar er gerð grein fyrir þessum mun í kaflanum um samanburð milli upplýsingagjafa hér á eftir.



Mynd 2: Hlutfall barna sem skora yfir 60 t-stigum á líðan, hegðun og heildarvanda að mati foreldra/forráðamanna (CBCL).

Af þremur undirþáttum í vanlíðan (kvíði/depurð, hlédrægni/depurð, líkamleg vanlíðan) eiga bæði stúlkur og drengir oftast við hlédrægni/depurð að stríða að mati foreldra (mynd 3). Af undirþáttunum hegðunarerfiðleika voru bæði kynin oftast yfir viðmiðunarmörkum⁴ á reiði/árásargjörnum hegðun en varðandi þáttinn brjóta boð og bönn, að mati foreldra. Athygli-/einbeitingarvandi (drengir: $M=63,1$, $Sd=8,5$, stúlkur: $M=66,2$, $Sd=7,8$) og erfiðleikar með hugsanir (drengir: $M=58,4$, $Sd=7,4$, stúlkur: $M=61,5$, $Sd=8,3$) var hjá stúlkum oftast en drengjum yfir viðmiðunarmörkum. Þessi munur milli kynja að mati foreldra er þó ekki marktækur ($p > 0,05$), eins og áður hefur komið fram.

⁴ Viðmiðunarmörk einstakra undirþátta ASEBA eru sett við 65 t-gildi



Mynd 3: Hlutfall sem er yfir 65 t-gildum á einstökum þáttum, skipt eftir kyni, að mati forráðamanna (CBCL).

Mat foreldra á virkni barnsins, félagslegri- og námslegri stöðu mynda saman þáttinn lífsleikni eða heildarfærni barnsins (tafla 6). Eins og fyrr eru viðmiðunarmörk CBCL sett á 31-35 t-gildi varðandi einstaka þætti, en 37-40 t-gildi varðandi heildarfærni. Skor undir þessum mörkum flokkast sem vísbending um vanda (klínískt) og því hærri sem stigin eru því meiri er færni barnsins.

| | Kyn barns | | | | | | | | |
|--|-------------|------|----|-------------|------|----|-------------|------|----|
| | Drengir | | | Stúlkur | | | Samtals | | |
| | M | Sd | N | M | Sd | N | M | Sd | N |
| Virkni (Activities) | 34,2 | 9,7 | 28 | 32,4 | 11,5 | 21 | 33,4 | 10,4 | 49 |
| Félagsl.færni (Social) | 38,2 | 8,0 | 28 | 38,4 | 9,1 | 19 | 38,3 | 8,4 | 47 |
| Skóla/ námsl. færni (School) | 35,6 | 9,2 | 23 | 36,9 | 6,6 | 19 | 36,2 | 8,0 | 42 |
| Lífsleikni - heildarfærni (Total Competence) | 29,7 | 10,0 | 23 | 31,7 | 12,2 | 17 | 30,5 | 10,9 | 40 |

Tafla 6: Meðaltal virkni, félagslegrar færni, skóla-/námslegrar færni og heildarlífsleikni drengja og stúlkna að mati foreldra (CBCL).

Að meðaltali meta forráðamenn félagslega færni og skóla-/námslega stöðu drengja og stúlkna rétt ofan viðmiðunarmarka þessara tveggja þátta. Virkni og heildarfærni/lífsleikni drengja og stúlkna er hins vegar undir viðmiðunarmörkum að mati þeirra. Níu forráðamenn falla brott við úrvinnslu vegna þess að þeir svara ekki eða hafa ekki upplýsingar til að svara spurningum sem mynda heildarfærni barnanna. Brott falla svör sjö forráðamanna af sömu ástæðum varðandi skóla-/námslegra stöðu sbr. töflu 4. Marktækur munur er ekki á milli drengja og stúlkna á þessum þáttum að mati foreldra, $p > 0,05$, sem gæti skýrst af því hve svarendur eru fáir.

Frekari athugun á hrágildum spurninga I-VII á CBCL sýndi að munur er á kynjum að mati forráðamanna varðandi **tíma sem eitt er í tómsundur** (drengir: $M=1,1$, $Sd=0,6$, stúlkur: $M=0,6$, $Sd=0,6$), $t(45) = 2,6$, $p < 0,05$, **fjölda verkefna/starfa sem barnið stundar** (drengir: $M=1,0$, $Sd=1,2$, stúlkur: $M=1,7$, $Sd=1,0$), $t(47) = -2,13$, $p < 0,05$, **hversu vel barnið sinnir verkefni/starfi** (drengir: $M=0,52$, $Sd=1,7$, stúlkur: $M=1,0$, $Sd=0,6$), $t(44) = -2,48$, $p < 0,05$, og **fjölda áhugamála annarra en íþróttá** (drengir: $M=1,8$, $Sd=0,9$, stúlkur: $M=1,2$, $Sd=1,1$), $t(46) = 2,1$, $p < 0,05$.

Mat kennara / starfsmanna skóla

Í töflu 7 koma fram niðurstöður varðandi þættina líðan, hegðun og heildarvandi 11-18 ára barna innan barnaverndar að mati kennara. Meðaltalið er á öllum þremur þáttum yfir viðmiðunarmörkum ASEBA matslistanna. Drengir eru í 65% tilvika og stúlkur í 70% tilvika, yfir viðmiðunarmörkum á heildarvanda að mati kennara/starfsmanna skóla. Ekki er marktækur munur á líðan, hegðun og heildarvanda milli kynja að mati kennara, $p > 0,05$.

| Kyn barns | | Líðan (internalizing) | Hegðun (externalizing) | Heildarvandi (tot.problems) |
|-----------------------|----------|--------------------------|---------------------------|--------------------------------|
| Drengir (n=20) | M | 63,0 | 63,5 | 63,7 |
| | Sd | 6,5 | 8,6 | 9,5 |
| Stúlkur (n=10) | M | 66,0 | 62,4 | 64,2 |
| | Sd | 10,8 | 7,9 | 8,5 |
| Samtals (n=30) | M | 64,0 | 63,1 | 63,8 |
| | Sd | 8,1 | 8,3 | 9,1 |

Tafla 7: Niðurstöður samkvæmt mati kennara/starfsmanna skóla (TRF) á líðan, hegðun og heildarvanda drengja og stúlkna

Tveir undirþættir eru aðgreindir við úrvinnslu úr svörum TRF matslistanna en ekki annarra matslista. Þetta eru einbeitingarvandi og ofvirkni / hvatvísi. Niðurstöður sýna að vandi drengja nær í 20% tilvika yfir viðmiðunarmörk (*prósenturöð 93%, það er 93% barna séu í betri stöðu*) á báðum þáttum, sem gefur sterka vísbendingu um að þeir uppfylli greiningarskilyrði þessara raskana. Stúlkur reynast hins vegar í 50% tilvika vera á og yfir sömu mörkum varðandi einbeitingarvanda. Að mati kennara voru félagslegur vandi og andfélagsleg hegðun þeir þættir sem voru oftast eða í 45-50% tilvika yfir viðmiðunarmörkum ($t < 60$) og var svo hjá báðum kynjum. Ekki reyndist marktækur munur milli kynja samkvæmt mati kennara/starfsmanna skóla, $p < 0,05$.

Mat kennara og annarra starfsmanna skóla á námslegri frammistöðu drengja og stúlkna er $M = 41,7$ t-gildi (tafla 8). Heildaraðlögun (total adaptive) barna er hin sama hjá báðum kynjum. Viðmiðunarmörk við úrvinnslu TRF-matslistans eru sett við 37-40 t-gildi varðandi þessa tvo þætti en eru ekki gefin upp varðandi aðra þætti. Sem fyrr táknar herra gildi betri stöðu viðkomandi þáttar hjá barninu. Skorun varðandi vinnusemi, framkomu, tileinkun námsefnis og ánægju barnanna má sjá af töflu 7. Einnig að drengir skora lægra en stúlkur á einstökum þáttum þó heildaraðlögun drengja og stúlkna sé nánast hin sama að mati svarenda.

| | Kyn barns | | | | | |
|---------------------|----------------|-----|----------------|-----|----------------|-----|
| | Drengir (n=20) | | Stúlkur (n=10) | | Samtals (n=30) | |
| | M | Sd | M | Sd | M | Sd |
| Námsl. frammistaða | 41,7 | 6,2 | 41,8 | 7,3 | 41,7 | 6,4 |
| Vinnusemi | 40,8 | 6,7 | 43,4 | 7,6 | 41,7 | 7,0 |
| Framkoma/hegðun | 42,8 | 8,4 | 43,0 | 8,6 | 42,8 | 8,3 |
| Tileinkun námsefnis | 38,8 | 5,6 | 41,2 | 7,9 | 39,6 | 6,4 |
| Ánægja/gleði | 38,4 | 5,1 | 42,2 | 6,6 | 39,6 | 5,8 |
| Heildar aðlögun | 39,3 | 5,1 | 39,4 | 5,7 | 39,3 | 5,2 |

Tafla 8: Mat kennara og starfsmanna skóla á þáttum er varða aðlögun barnsins (TRF).

Ekki reyndist munur á drengjum og stúlkum að mati kennara varðandi þessa færniþætti en kynjamunur nálægt því að vera marktækur á vinnusemi (drengir: $M=2,2$, stúlkur: $M=3,2$), $t(28) = -1,9$, $p = 0,065$) og heildaraðlögun (drengir: $M=9,8$, stúlkur: $M=13,2$), $t(28) = -1,96$, $p = 0,06$), það er tilhneiging til að stúlkur standi betur en strákar.

Mat starfsfólks barnaverndar

Niðurstöður í töflu 9 sýna að starfsfólk barnaverndarnefnda metur heildarvanda 11-18 ára barna innan barnaverndar að meðaltali 60 t-gildi eða sem nemur einu staðalfráviki frá meðaltali mælitækisins. Mat starfsfólksins er að erfiðleikar drengja séu meiri varðandi líðan en hegðun. Þessu er öfugt farið með stúlkur og lítill munur á heildarvanda drengja og stúlkna að mati starfsfólksins.

| | Kyn barns | | | | | |
|---------------------------|----------------|------|----------------|------|---------|------|
| | Drengir (n=20) | | Stúlkur (n=15) | | Samtals | |
| | M | Sd | M | Sd | M | Sd |
| Líðan (internalizing) | 62,0 | 8,4 | 55,0 | 11,3 | 59,0 | 10,2 |
| Hegðun (externalizing) | 59,1 | 10,8 | 60,5 | 8,3 | 59,7 | 9,7 |
| Heildarvandi (tot.probl.) | 60,8 | 8,9 | 58,9 | 8,2 | 60,0 | 8,5 |

Tafla 9: Mat starfsmanna barnaverndar á líðan, hegðun og heildarvanda eftir kyni barns (CBCL).

Starfsfólk barnaverndarnefnda metur 46% barnanna ($n=35$) yfir viðmiðum mælitækisins, það er einu staðalfráviki eða meira yfir meðaltali viðmiðunarhóps ASEBA (drengir í 55% tilvika og stúlkur í 33% tilvika). Þessi munur milli kynja að mati starfsfólksins, er marktækur (drengir: $M=62$, stúlkur: $M=55$). $t(33) = 2,09$, $p < 0,05$, strákum líður verr en stúlkum að mati starfsfólks barnaverndar. Hegðun 56% barnanna mælist yfir viðmiðunarmörkum (drengir 50% og stúlkur 60%) að mati starfsfólksins og heildarvandi er í hjá helmingi barnanna yfir viðmiðunarmörkum hjá báðum kynjum (drengir 50% og stúlkur 47% tilvika).

Starfsfólk barnaverndarnefnda metur þáttinn lífsleikni eða heildarfærni barnsins að meðaltali undir viðmiðunarmörkum eins og fram kemur í töflu 10 ($t=37-40$ þar sem hærri gildi tákna betri stöðu). Í 88-90% tilvika ($n = 26$) reyndist heildarfærnin vera undir mörkum. Virkni, félagslega færni og skóla-/námslega færni barnanna metur starfsfólkið sem slaka eða undir viðmiðunarmörkum ($t=31-35$). Stúlkur skora þó að meðaltali aðeins hærra en drengir varðandi heildarfærni að mati barnaverndarstarfsfólksins en ekki er marktækur munur á milli kynja ($p < 0,05$) varðandi neinn af færniþáttum.

Fleiri drengir en stúlkur reyndust undir viðmiðunarmörkum ($t=31$) á virkni (69% drengja, 30% stúlkna) og skóla-/námslegum erfiðleikum (44 % drengja, 30% stúlkna). Stúlkur voru hins vegar oftár en drengir undir viðmiðunarmörkum varðandi félagslega færni (40% stúlkna, 19% drengja).

| | Kyn barns | | | | | | | | |
|--|-----------|-----|----|---------|------|----|---------|------|----|
| | Drengir | | | Stúlkur | | | Samtals | | |
| | M | Sd | N | M | Sd | N | M | Sd | N |
| Virgkni (Activities) | 30,9 | 8,6 | 19 | 30,4 | 13,3 | 14 | 30,7 | 10,7 | 33 |
| Félagsl.færni (Social) | 36,2 | 7,4 | 18 | 36,0 | 8,3 | 14 | 36,1 | 7,6 | 32 |
| Skóla/ námsl. færni (School) | 34,3 | 8,0 | 18 | 35,4 | 7,9 | 12 | 34,8 | 7,8 | 30 |
| Lífsleikni - heildarfærni (Total Competence) | 27,1 | 6,8 | 16 | 28,9 | 8,8 | 10 | 27,8 | 7,5 | 26 |

Tafla 10: Virkni, félagsleg færni, skóla-/námsleg færni og heildarlífsleikni drengja og stúlkna að mati starfsfólks barnaverndar (CBCL).

Af 36 matslistum sem bárust frá starfsfólki barnaverndarnefnda féllu 10 þeirra brott þar sem spurningum um styrkleikabætti / færniþætti barnanna var ekki svarað.

Samanburður á mati upplýsingagjafa

Hafa þarf í huga að í mælitækjum ASEBA er gert ráð fyrir að munur sé á mati aðila þegar verið er að meta hvert barn. Að meðaltali meta allir upplýsingagjafar heildarvanda rúmlega einu staðalfráviki yfir meðaltali viðmiðunarhóps ASEBA (drengir: $M = 61,4$, stúlkur: $M = 61,9$, alls: $M = 61,6$). Nokkur munur er á mati milli upplýsingagjafa eins og sýnt er á mynd 4. Almennt virðist sem tilhneiging sé til að forráðamenn og kennarar meti erfiðleika barnanna meiri en starfsmaður barnaverndarnefndar og barnið sjálft.


Tölfræðilegur munur er á mati upplýsingagjafa varðandi líðan. Munurinn liggur í lægra sjálfsmati barns (YSR) ($M = 56$) og hærra mati kennara (TRF) ($M = 64$) á líðan $F(3,142) = 2,38$, $p < 0,05$ en er ekki marktækur milli annarra upplýsingagjafa. Ekki er munur á mati upplýsingagjafa varðandi hegðun ($p > 0,05$) en ekki fjarri því að vera marktækur varðandi heildarvanda $F(3,142) = 2,62$, $p = 0,053$. Þar sem um tilhneigingu er að ræða varðandi heildarvanda er ekki hægt að segja til um hvar munurinn liggur en þó er mestur munur á milli sjálfsmats barns og foreldra annars vegar og sjálfsmats barns og mats kennara hins vegar.

Rannsakandi gerði sérstaka flokkun á foreldrahópnum til að athuga hvort munur væri á mati upplýsingagjafa ef hópur fósturforeldrar væri skoðaður sérstaklega, eins og kynnt var í kafla um niðurstöður að mati forsjáraðila. Fram kom marktækur munur á líðan að mati fósturforeldra ($M=46,9$) og annarra upplýsingagjafa nema sjálfsmats barns. Þessi munur er á milli fósturforeldra og kynforeldra ($M=65,3$), fósturforeldra og kennara ($M=64$) og fósturforeldra og starfsfólks barnaverndar ($M=59$), $F(4,142) = 9,37$, $p < 0.05$.

Munur er líka á mati upplýsingagjafa varðandi hegðun þegar unnið er með fósturforeldra sem aðgreindan hóp forsjáraðila. Munur er á mati fósturforeldra ($M=49,5$) og kynforeldra ($M=66,4$) og milli fósturforeldra og kennara ($M=63,1$). Einnig er munur á mati kynforeldra ($M=66,4$) og starfsfólks barnaverndar ($M=59,7$),


$F(4,142) = 7,06, p < 0,005$. Munurinn er í þá átt að fósturforeldrar og starfsfólk barnaverndarnefnda meta erfiðleika barnanna minni en aðrir upplýsingagjafar.

Þessi munur kemur einnig fram þegar mat fósturforeldra og annarra upplýsingagjafa á heildarvanda er skoðað, þar sem fósturforeldrar meta erfiðleika barnsins minni en aðrir gera. Einnig er munur á mati kynforeldra ($M=66,6$) og sjálfsmati barns ($M=58$) og mati kynforeldra og starfsfólks barnaverndar ($M=60$), $F(4,142) = 9,72, p < 0,005$.



Mynd 4: Meðaltal t-gilda á líðan, hegðun og heildarvanda eftir upplýsingagjöfum.

Hlutfallslegur fjöldi matslista sem hver hópur upplýsingagjafa metur yfir viðmiðunarmörkum ASEBA (60 t-gildi) kemur fram á mynd 5. Foreldrar og kennarar meta heildarvanda 67% barnanna yfir mörkunum, 41% barnanna meta erfiðleikana sína yfir mörkum og starfsfólk barnaverndar metur heildarerfiðleika 49% barnanna yfir mörkum.




Mynd 5: Hlutfall matslista sem eru yfir viðmiðunarmörkum (yfir 60 t-gildi).

Félagslegur vandi, hugsanaferli og athygli-/einbeitingarvandi eru þrír undirþættir sem ekki reiknast með í líðan eða hegðun, en teljast með í heildarvanda. Marktækur munur er á sjálfsmati barns og mati foreldra varðandi félagslegan vanda (sjálfsmat; $M = 57$, foreldri; $M = 63,9$), $F(3,142) = 3,55$, $p < 0,05$ og nær marktækum munur á milli sjálfsmats barns ($M = 57$) og mats kennara ($M = 64,1$) $p = 0,058$. Munur á mati foreldra og mati starfsfólks barnaverndar varðandi hugsanaferli/ vanda (foreldri; $M = 59,7$, starfsfólk barnaverndarnefnda; $M = 54,6$), $F(3,142) = 3,64$, $p < 0,05$ er marktækur en ekki munur á milli upplýsingagjafa varðandi athygli-/einbeitingarerfiðleika.

Samanburður á mati foreldra, barna og starfsfólks barnaverndar á færniþáttum kemur fram á mynd 6. Viðmiðunarmörk ASEBA (heildarfærni = 37 og aðrir færniþættir = 31) eru sett inn til frekari skýringar. Allir þrír hópar upplýsingagjafa eru að meta heildarfærni barnanna á eða undir viðmiðunarmörkum.

Þar sem hrágildi endurspeglar dreifinguna betur en t-gildin, eru hrágildin notuð hér við ANOVA greiningu. Marktækur munur er á mati starfsfólks barnaverndar

($M=5,2$) og mati barnanna ($M=7,2$), mati foreldra ($M=5,8$) og sjálfsmats barna varðandi þættina félagsleg færni, $F(3,137) = 3,8$, $p < 0,05$ og einnig varðandi skóla-/námsleg færni (starfsfólk barnaverndar: $M=2,7$, YSR: $M=1,5$, foreldri: $M=3,0$), $F(3,127) = 1,1$, $p < 0,05$. Foreldrar og starfsfólk barnaverndar meta þessa þætti lægra en börnin gera. Ekki er munur milli upplýsingagjafa á öðrum færniþáttum ($p > 0,05$)




Mynd 6: Meðaltal færniþátta að mati foreldra, barna og starfsfólks barnaverndar.

Þegar niðurstöður rannsóknarinnar eru skoðaðar út frá DSM flokkun og hlutfalli barna sem reynast yfir viðmiðunarmörkum um sjúkleg einkenni ($t=65$), má sjá á mynd 7 álíka munstur og áður hefur verið gerð grein fyrir sbr. myndir 4 og 5. Það er því líklegt er að stór hluti barnanna geti uppfyllt greiningarskilyrði einnar eða fleiri þeirra raskana sem tilgreindar eru. Til dæmis reynast allir upplýsingagjafar meta vanda barnanna sem andfélagsleg hegðun í 33-37% tilvika.


Marktækur munur er á mati upplýsingagjafa út frá DSM flokkunarkerfinu varðandi kvíðaröskun og ADHD-vanda (athyglisbrestur með ofvirkni). Munurinn varðandi kvíðaröskun er milli sjálfsmats barns ($M = 54,8$) og annarra upplýsingagjafa það er foreldra ($M = 63,6$), kennara ($M = 63,5$) og starfsfólks barnaverndar ($M = 62,5$) $F(3,142) = 9,57$, $p < 0,05$. Munur varðandi ADHD-vanda er milli sjálfsmats barns (M

= 57,4) og mats foreldra ($M = 62,9$), $F(3,142) = 3,76$, $p = 0,024$ en ekki annarra upplýsingagjafa. Börnin meta að þau hafi síður þessa vandapætti en aðrir upplýsingagjafar telja.

Samanburður milli upplýsingagjafa þar sem niðurstaða mats þeirra er yfir 65 t-gildum (einu og hálfu staðalfráviki yfir meðaltali ASEBA), sýnir ákveðna samsvörun við þessar niðurstöður og mismun í vandatíðni að mati annarra upplýsingagjafa en barnsins sjálfs, sbr. mynd 4.



Mynd 7: Hlutfall matslista upplýsingagjafa sem eru yfir 65 t-gildum samkvæmt DSM flokkunarkerfi.



Mynd 8: Hlutfall vandabátta einstakra barna sem skora hærra en 65 t-gildi, að mati upplýsingagjafanna (CBCL, TRF, YSR) – ASEBA flokkun.

Höfuðborgarsvæði – Landsbyggðin

Rannsakandi gerði flokkun á svarlistum eftir búsetusvæðum, innan og utan höfuðborgarsvæðis, til að kanna hvort munur væri á hegðun og líðan barnanna eftir búsetusvæðum. Innan höfuðborgarsvæðisins völdust barnaverndarumdæmin: Reykjavík, Kópavogur, Mosfellsbær, Hafnarfjörður og Seltjarnarnes. Utan höfuðborgarsvæðis voru umdæmin: Akranes, Akureyri, Ísafjörður, Reykjanesbær, Þingeyjarsýsla og Vestmannaeyjar. Samkvæmt þessari flokkun reyndust 40% matslista vera frá höfuðborgarsvæði og 60% vera utan höfuðborgarsvæðis.

Marktækur munur er á líðan barna eftir búsetu, þegar litið er á meðaltal allra upplýsingagjafa. Mun hærra gildi er hjá börnum utan höfuðborgarsvæðis ($M = 63,2$) en innan þess ($M = 56,4$) $t(141) = -3,93, p < 0,05$. Þessi munur eftir búsetu er ekki

varðandi hegðun (innan höfuðborgarsvæðis: $M = 61,8$, utan höfuðborgarsvæðis: $M = 62$), $p > 0,05$.

Heildarvandi barna á höfuðborgarsvæði er að meðaltali 59,2 t-gildi ($Sd\ 10,7$) en vandi barna utan höfuðborgarsvæðis er $M = 63,1$ t-gildi ($Sd\ 9,6$). Þessi munur á heildarvanda, sem líklega starfa af því að líðan er mun verri hjá börnum utan höfuðborgarsvæðisins, er marktækur $t(141) = -2,28$, $p < 0,05$.

Marktækur munur er ekki á færniþáttum eða heildarfærni (innan höfuðborgarsvæðis: $M = 25,8$, $Sd=16,6$, utan höfuðborgarsvæðis: $M = 22,2$, $Sd = 16,1$), $p > 0,05$.

Samanburður við íslensk börn - viðmiðunarhópur

Meðaltal heildarerfiðleika barna á aldrinum 4-16 ára á Íslandi að mati foreldra (CBCL) er 19,1 ($Sd\ 15,5$) hrágildi hjá drengjum og 15,8 ($Sd\ 13,4$) hrágildi hjá stúlkum. Mat samkvæmt sjálfsmatslista barna (YSR) var 32,3 ($Sd\ 21$) hjá drengjum og 30,7 ($Sd\ 18,9$) hjá stúlkum. Ofangreindar niðurstöður byggja á tilviljunarúrtaki úr þýði íslenskra barna (Helga Hannesdóttir, 2002). Niðurstaða rannsóknar meðal nemenda í áttunda og níunda bekk ($N = 701$) grunnskóla á Norðurlandi eystra og Vesturlandi árið 1996 þar sem notast var við YSR matslista, var $M = 35,6$ hrágildi ($Sd\ 18$) hjá stúlkum og $M = 34,1$ ($Sd\ 17,2$) hjá drengjum (Áspór Ragnarsson og Kristján Már Magnússon, 2001).

Samanburður á niðurstöðum hrágilda milli eldri og nýrri útgáfu af matslistum ASEBA (CBCL, YSR, TRF) á ekki að hafa áhrif varðandi þáttinn heildarvanda (Achenbach og Rescorla, 2001).

| Heildarvandi (tot.problems) | | | | |
|-----------------------------|-----------|------|------|-----|
| Upplýsingagjafi | Kyn barns | M | Sd | N |
| Sjálfsmat barns-YSR | Drengir | 49,1 | 23,7 | 18 |
| | Stúlkur | 59,1 | 28,6 | 11 |
| | Samtals | 52,9 | 25,7 | 29 |
| Foreldri/ forráðamaður-CBCL | Drengir | 57,5 | 32,2 | 28 |
| | Stúlkur | 58,6 | 30,0 | 21 |
| | Samtals | 58,0 | 30,9 | 49 |
| Kennari/ starfsm.skóla-TRF | Drengir | 61,5 | 34,6 | 20 |
| | Stúlkur | 51,0 | 29,0 | 10 |
| | Samtals | 58,0 | 32,7 | 30 |
| Starfsm.barnaverndar-CBCL | Drengir | 45,4 | 27,7 | 21 |
| | Stúlkur | 39,0 | 21,9 | 15 |
| | Samtals | 42,7 | 25,3 | 36 |
| Samtals | Drengir | 53,8 | 30,3 | 87 |
| | Stúlkur | 52,2 | 28,2 | 57 |
| | Samtals | 53,2 | 29,4 | 144 |

Tafla 11: Heildarvandi drengja og stúlkna í hrágildum (raw score), að mati upplýsingagjafa.

Niðurstöður rannsóknarinnar (tafla 11) sýna að meðalvandi 11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi er þrefalt til fjórfalt hærri en hjá íslenskum börnum almennt að mati foreldra eða forráðamanna (CBCL). Að mati barnanna sjálfra (YSR) er vandi barna innan barnaverndar meiri en annarra íslenskra barna og munar þar 38-92% eftir því við hvora rannsóknarniðurstöðu er miðað.

Samanburður á niðurstöðum rannsóknarinnar varðandi heildarfærni að mati foreldra (CBCL) og að mati barna (YSR) sýnir að færni barna innan barnaverndar er lakari en íslenskra barna almennt og mælist 84-95% af færni viðmiðunarhópsins. Mat stúlkna innan barnaverndar varðandi heildarfærni reyndist hins vegar vera um 1,2 sinnum hærra en viðmiðunarhópsins.

Samanburður við Íslensk börn innan geðheilbrigðiskerfisins

Rannsakandi framkvæmdi hópaskiptingu út frá aldri barnanna til að gera samanburð við niðurstöður mats foreldra 12-18 ára barna sem notið höfðu þjónustu barna- og unglingadeildar Landspítala-Háskólasjúkrahúss (Helga Hannesdóttir, 2002, 2005).

Heildarvandi 12-18 ára drengja innan barnaverndar er $M = 55,8$ hrágildi (*Sd* 33,6) en viðmiðunarhópsins $M = 53,6$ (*Sd* 25,8) hrágildi. Heildarvandi 12-18 ára stúlkna innan barnaverndar er $M = 60,5$ (*Sd* 30,9) en viðmiðunarhópsins 59 hrágildi (*Sd* 30,2).

Þessi niðurstaða sýnir að heildarvandi/ erfiðleikar 12-18 ára barna innan barnaverndar er álíka eða heldur meiri en barna á sama aldri innan geðheilbrigðisþjónustunnar.

Mat barna og barnaverndarstarfsfólks á Íslandi og Osló

Við undirbúning og kynningu rannsóknarinnar komu fram spurningar og óvissa um hvort nota ætti CBCL eða TRF matslista fyrir starfsfólk barnaverndar. Einnig komu fram áhyggjur starfsfólks varðandi forsendur til að svara eða að hafa upplýsingar til að geta svarað. Þessum spurningum og óvissu var svarað með forprófun og upplýsingum um að CBCL matslistar væru meðal annars ætlaðir til slíkra nota.

Rannsóknar- og þróunarverkefni á vegum barna- og fjölskyldustofnunar Osló borgar undir heitinu „Dobbelklíent-prosjektet“, framkvæmdi athugun með CBCL og YSR matslistum á öllum börnum innan barnaverndar sveitarfélagsins, einkarekinnar barnaverndar og skjólstæðingum barna- og unglingageðdeilda. Starfsfólk svaraði CBCL matslistunum (Nygren, 2000).

Samanburður á niðurstöðum rannsóknarinnar og niðurstöðum frá verkefninu í Osló er sýndur í töflu 11. Samræmi er milli mats starfsmanna innan barnaverndar á Íslandi og í Osló og íslensk börn innan barnaverndar meta vanda sinn meiri en börn innan barnaverndar í Osló. Munur er á sjálfmati á færniþáttum barnanna þar sem íslensku börnin og starfsfólk barnaverndar hér á landi meta heildarfærnina meiri.

| Hrágildi | Kyn | Heildarvandi (tot.problems) | | Heildarfærni | | | |
|---------------------------|---------|-----------------------------|------------------|----------------|------------------|------|------|
| | | Osló (kom.bv.) | Hlutfall af Osló | Osló (kom.bv.) | Hlutfall af Osló | | |
| Sjálfsmat-YSR | Drengur | 49,1 | 44 | 1,11 | 15,3 | 11,5 | 1,33 |
| | Stúlka | 59,1 | 51,5 | 1,15 | 18,2 | 11,2 | 1,63 |
| Starfsm.barnaverndar-CBCL | Drengur | 45,4 | 47 | 0,97 | 13,2 | 11,9 | 1,11 |
| | Stúlka | 39,0 | 39,7 | 0,98 | 14,1 | 11,5 | 1,23 |

Tafla 12: Samanburður heildarvanda og heildarfærni drengja og stúlkna innan barnaverndar á Íslandi og barnaverndar Osló.

Niðurstöður og samanburður á svörum frá starfsfólki barnaverndar á Íslandi og Osló sýnir að heildarvandi barna innan barnaverndar er að mati starfsfólksins nánast hinn sami (tafla 12). Það er umhugsunarvert í hverju liggur nokkru hærra (betra) mat starfsfólks barnaverndar á Íslandi á heildarfærni barna innan barnaverndar. Er það vegna þess að heildarfærni íslenskra barna sé meiri en barna í Osló eða er það tilkomið vegna ofmats á einstökum færniþáttum og í hverju liggur þá þessi munur?

Þessi niðurstaða gefur vísbendingar um vanda þessara tveggja hópa og ætti að vera hvatning til samvinnu milli landa og samanburðarrannsókna. Niðurstaðan gefur líka tilefni til að andmæla vangaveltum á borð við þær að barnavernd í öðrum löndum kunnir að vera að kljást við erfiðari mál en barnavernd á Íslandi. Niðurstöður gefa heldur ekki tilefni til að álykta að vandi barna á fámennari svæðum, sé minni eða einfaldari en vandi barna innan barnaverndar á fjölmennari svæðum.

Sú staðreynd að foreldrar og kennarar meta vanda barns meiri en bæði barnið sjálft og starfsfólk barnaverndar í þessari rannsókn, gefur ennfremur tilefni til að velta upp þeirri spurningu hvort sömu tilhneigingar og mismunur í mati sé í öðrum löndum. Ef svo er, gefur það tilefni til að álykta að vandi barnanna sé meiri en fram kemur í mæligildum þessa samburðar og að mikilvægt sé að fá fram sjónarmið og mat fleiri aðila.

Samanburður við klínískt úrtak bandarískra barna

Niðurstöður rannsóknarinnar varðandi heildarerfiðleika/vanda og heildarfærni voru bornar saman við niðurstöður Achenbach's (Achenbach og Rescorla, 2001) varðandi meðaltal hrágilda fyrir klínískt úrtak. Klíníska úrtakið hjá Achenbach voru börn sem vísað hafði verið til eða notið þjónustu göngudeildar geðdeildar eða fengið sérþjónustu í skóla.

Samanburðurinn náði til þriggja af fjórum hópum upplýsingagjafa, það er foreldra (CBCL), sjálfsmats barns (YSR) og mats kennara (TRF) og er sýndur í töflu 13.

| Hrágildi | | USA | |
|------------------------------------|------------|-----------------|-----------------|
| Heildarvandi (tot.problems) | | tilvísað | |
| Upplýsingagjafi | Kyn | Meðaltal | úrtak. |
| | | | Meðaltal |
| Sjálfsmat-YSR | Drengur | 49,1 | 54,0 |
| | Stúlka | 59,1 | 59,0 |
| Foreldri/ forráðamaður-CBCL | Drengur | 57,5 | 63,5 |
| | Stúlka | 58,6 | 63,4 |
| Kennari/ starfsm.skóla-TRF | Drengur | 61,5 | 60,3 |
| | Stúlka | 51,0 | 51,2 |

Tafla 13: Meðaltal heildarvanda drengja og stúlkna innan barnaverndar á Íslandi og tilvísaðs úrtaks (ref. sample) Achenbach's.

Börn 11-18 ára innan barnaverndar skora 8-9 prósentustigum lægra á heildarvanda að mati foreldra (minni vandi) en að mati foreldra hins klíníska úrtaks í Bandaríkjunum. Sama var um niðurstöðu sjálfsmats drengjanna. Stúlkurnar og kennarar mátu heildarerfiðleika barna innan barnaverndar jafn mikinn og viðmiðunarhópsins í klínísku/ tilvísuðu úrtaki Achenbach's í Bandaríkjunum. Færniþættir CBCL matslista foreldra og YSR sjálfsmatslista fyrir tilvísað úrtak Achenbach's sýndu að stigafjöldi íslenskra barna eru frá 85-107% af færnstigum viðmiðunarúrtaksins.

Samræmi milli þessara rannsókna vekur athygli rannsakanda. Kemur þar til ætla mætti að heildarvandi klínísku úrtaks í Bandaríkjunum væri meiri en hér á landi

og að heildarerfiðleikar barna innan barnaverndar hér á landi séu eins miklir og þessi samanburður gefur til kynna. Einnig er það óvænt og um leið ánægjuleg niðurstaða í þessum samanburði að sjá enn ein rök sem ýta undir réttmæti þess að gerður sé samanburður milli landa (Achenbach og Rescorla, 2001).

5. Kafli Umræða

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknarinnar ræddar í ljósi þekkingar sem niðurstöður annarra rannsókna hafa gefið og í tengslum við fræðilegan bakgrunn rannsóknarinnar. Byrjað er með stuttri samantekt á helstu niðurstöðum, svarhlutfalli og umfjöllun um áreiðanleika og réttmæti. Síðan er fjallað um niðurstöður úr frá rannsóknarspurningum og tilgátum. Að lokum verða takmarkanir rannsóknarinnar ræddar og síðast hagnýting niðurstaðna og settar fram tilögur að frekari rannsóknum á sviði barnaverndar.

Skil í rannsókninni

Óneitanlega vakti slakt svarhlutfall nokkur vonbrigði rannsakanda. Væntingar voru bundnar við að takast myndi að ná um 70% skilum og til þess horft við val aðferðar, á úrtaki og fyrirlögn. Vænst var að með samþykki og þátttöku starfsfólks barnaverndarnefnda væri grundvöllur til að ætla að heimtur yrðu með betra móti eða 60-75%. Svo varð ekki og hefur eftirgrennslan rannsakanda í leit að skýringum ekki borið árangur. Þó hafa komið fram ábendingar frá starfsfólki barnaverndarnefnda um að rannsóknin hafi þótt umfangsmikil, spurningalistar langir og sumarleyfi hafi truflað fyrirlögn og eftirfylgd. Jafnframt að viðtökur foreldra / upplýsingagjafa hafi almennt verið góðar en upplýsingagjafar borið við gleymsku og tímaskorti þegar starfsfólk barnaverndar ítrekaði skil. Lágtt svarhlutfall frá starfsfólki barnaverndar vekur líka athygli og kann að vera vísbending um að rannsóknarverkefninu hafi ekki verið fylgt eftir líkt og væntingar voru um.

Athugun á gögnum sem bárust sýndi eigi að síður að ekki væri munur á vanda þeirra barna þar sem einn eða fleiri en einn svarlisti bárust. Sama á við þegar athugað var hvort munur væri á heildarvanda þeirra barna þar sem svör bárust við sérstaka spurningalistanum um félagslegar aðstæður og þeirra barna þar sem ekki bárust svör við þeim spurningalista, það er í þeim tilvikum er aðeins bárust ASEBA matslistar. Af þessu er dregin sú ályktun að ekki sé tilefni til að ætla að skilin endurspegli sveigð (bias), það er skil hafi verið betri frá þeim aðilum þar sem minni vandi er og að þeir

sem ekki hafi svarað séu líklegri til að varða hóp barna sem eigi við meiri vanda að stríða.

Samanburður á niðurstöðum við niðurstöður annarra rannsókna og samanburður við ársskýrslur barnaverndarnefnda á síðustu árum, gaf heldur ekki tilefni til að ætla annað en að gagnasafnið endurspegladi með nokkuð góðum hætti hegðun, líðan og félagslegar aðstæður umrædds aldurshóps barna innan barnaverndar.

Mat á áreiðanleika og réttmæti niðurstaðna

Innra og ytra réttmæti, áreiðanleiki og hlutlægni eru skilgreind viðmið um gæði rannsókna (Sigurlína Davíðsdóttir, 2003). Með tilviljunarúrtaki af málaskrá barnaverndarumdæma og með því að leggja matslista fyrir foreldra/forsjáraðila, barn, kennara og starfsfólk barnaverndar, var í rannsókninni lögð áhersla á að fá fram fleiri sjónarhorn og auka þannig bæði innra og ytra réttmæti og áreiðanleika rannsóknarinnar. Með þessu megi halda því fram að niðurstöður svari spurningum varðandi hegðun, líðan og félagslegar aðstæður barnanna innan barnaverndar og að grundvöllur sé til að yfirfæra niðurstöður á hegðun, líðan og aðstæður 11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi.

Smæð úrtaksins og lágt svarhlutfall veikja niðurstöðurnar. Sérstaklega á það við um félagslegar aðstæður, lýðfræðilegar upplýsingar um hagi fjölskyldna og samstarf og samskipti við barnaverndina.

Spurningalisti um félagslegar aðstæður, samstarf og samskipti sem rannsakandi útbjó var ekki forprófaður sérstaklega og því ekki aðlagður eins og æskilegt hefði verið. Almennir veikleikar rannsókna þar sem leitað er eftir svörum við stöðluðum spurningalistum, eiga einnig við í þessu tilviki. Spurningar og flokkun við úrvinnslu á matslistum ASEBA er einn þeirra þátta sem geta valdið óvissu um niðurstöður og einnig sú staðreynd að ekki liggja fyrir rannsóknir og viðmið úr íslensku þýði. ASEBA matstækin eru enn ekki nægilega rannsökuð í íslensku þýði. CBCL og YSR voru rannsakaðir í íslensku þýði árið 1991, en síðan þá hafa átt sér stað breytingar og endurútgáfa á matslistum og því þörf á nýjum viðmiðum.

Styrkur rannsóknarinnar liggur að nokkru í að um er að ræða fyrstu rannsókn á hegðun og líðan barna innan barnaverndar hér á landi þar sem leitað er samræmdra upplýsinga frá mörgum aðilum og til þess notað alþjóðlega viðurkennt matstæki. Barnaverndarsviðið hér á landi og erlendis þarf frekari þekkingu sem byggir á slíkum raunvísindum. Matstæki ASEBA eru alþjóðlega viðurkennd og mikið notuð bæði í meðferðar-, greiningar- og rannsóknarskyni. Með samanburði helstu niðurstaðna ASEBA matslistanna við niðurstöður annarra rannsókna var leitast við að undirbyggja niðurstöður rannsóknarinnar og ályktanir.

Hlutfallsskipting kynjanna

Athygli vekur að rannsóknin endurspeglar hlutfallsskiptingu drengja og stúlkna í þeim málum sem barnaverndaryfirvöld hafa til skoðunar og meðferðar. Drengir reynast vera 60% hópsins og stúlkur 40% og er svo einnig í aldurshópi 11-18 ára barna. Í ársskýrslum barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2000, 2004) á síðustu árum hafa þessi hlutföll verið hin sömu frá árinu 1998 þegar horft er á allan aldurshópinn 0-18 ára eða einstaka aldursflokka innan heildarhóps barna. Þessi hlutfallsskipting kynja er hin sama og fram hefur komið í rannsóknum í Noregi og í Danmörku (Bache-Hansen og Havik, 1997; Christensen og Egelund, 2002).

Upplýsingagjafar í umhverfi barnanna meta erfiðleika barnanna meiri en börnin sjálf

Niðurstöður í þessari rannsókn sýna að foreldrar, kennarar og starfsfólk barnaverndar metur erfiðleika barnanna að jafnaði meiri en börnin sjálf gera. Undantekning frá þessu eru fósturforeldrar.

Meginregla er að gera má ráð fyrir mismun á mati aðila þegar notuð eru matstæki ASEBA og er það einn af styrkleikum mælitækisins að fá fram ólík sjónahorn og áherslur í stað þess að byggja á einum upplýsingagjafa. Sá mismunur sem fram kemur í rannsókninni á mati einstakra upplýsingagjafa á heildarvanda barnanna reyndist ekki tölfræðilega marktækur nema hvað varðaði mat fósturforeldra

og annarra upplýsingagjafa. Einnig eru vísabendingar um mun milli barns (YSR) annars vegar og foreldra (CBCL) og kennara (TRF) hins vegar.

Ofangreind niðurstaða gefur tilefni til að álykta að fylgni milli upplýsingagjafanna og mismunur þeirra í milli sé mikilvægt innlegg í heildarmyndina í máli hvers barns. Við úrvinnslu matslistanna vegna einstakra barna er hægt að framkvæma slíkan samanburð í hugbúnaði ASEBA kerfisins. Sá mismunur í mati upplýsingagjafa sem fram kemur í tölum og stöplaritum hér að framan, er því mikilvæg vísabending um nauðsyn þess að fá fram sjónarmið og samræmt mat fleiri aðila á hegðun og líðan barna innan barnaverndar. Þetta gildir líka um sjónarhorn og mat fósturforeldra.

Erfiðleikar barnanna falla að líkani Patterson's

Niðurstöður rannsóknarinnar gefa vísabendingar um að líkan Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar (Patterson o.fl, 1989, 1991) eigi á margan hátt við um íslensk börn innan barnaverndar. Þegar litið er á þann hluta líkansins sem á við um hóp 11-18 ára barna, eru tilgreindir fimm þættir sem líkanið gerir ráð fyrir. Þetta eru höfnun jafningja, lélegur námsárangur, tengsl við aðra í svipaðri stöðu, aukin hætta á depurð eða þunglyndi og afbrotahneigð og/eða vímuefnaneysla.

Við skoðun rannsakanda á einstökum þáttum í líkani Patterson's og samanburði við færni- og vanda-/erfiðleikaþætti ASEBA eru eftirfarandi forsendur hafðar til grundvallar: Að höfnun jafningja í líkaninu megi jafna við félagslegum vanda á mælikvarða ASEBA. Að tengsl við aðra í svipaðri stöðu megi jafna við félagslegum vanda og að brjóta boð og bönn. Að aukin hætta á depurð megi jafngilda hlédrægni/depurð, og afbrotahneigð og vímuefni í líkani Patterson's jafngildi andfélagslegri hegðun og reiði/árásargjarnri hegðun. Til nánari skoðunar má á fylgiskjali 5 sjá flokkun og fullyrðingar sem liggja að baki hverjum vandaþætti ASEBA og eru hafðar til samanburðar við líkan Patterson's. Þáttinn lélegur námsárangur í líkani Patterson's, má skoða út frá skóla-/námslegri færni á CBCL og YSR matslistum og námslegri frammistöðu á TRF matslistum.

Þróunin samkvæmt líkaninu er að höfnun af hálfu eðlilegra jafninga og lélegur námsárangur leiði til tengsla við aðra í svipaðri stöðu og auki hættu á depurð eða þunglyndi. Tengsl við aðra í svipaðri stöðu leiðir síðan til afbrotahneigðar og/eða vímuefnanotkunar. Aukin hætta á depurð og þunglyndi er í líkaninu meðvirkandi þáttur í þróun andfélagslegrar hegðunar (Patterson o.fl., 1989, 1991; Beyers og Loeber, 2003).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að námslegur árangur barnanna er slakur eða ófullnægjandi að mati allra upplýsingagjafa. Þessi þáttur er að mati foreldra, kennara og starfsfólks barnaverndar á efri hluta viðmiðunarmarkanna sem eru 31-35 t-gildi (CBCL) og 37-40 t-gildi (TRF). Börnin sjálf meta námslega stöðu sína mitt á milli meðallags og undir meðallagi samanborið við jafningja sína.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ótvírætt að þeir vandapættir sem börnin eiga við að etja og mælast oftast yfir viðmiðum, eru hlédrægni/depurð, félagslegur vandi, brjóta boð og bönn/ andfélagsleg hegðun auk athyglis-/einbeitingarvanda og reiði/árásargjarnri hegðun. Börnin standa höllum fæti námslega og því óhætt að fullyrða að þau eru að jafnaði að sýna slakan eða lélegan námsárangur. Þessir þættir eru allir tilgreindir í þróunarlíkani Patterson's og því er tilefni til að álykta að líkan hans eigi við um 11-18 ára börn innan barnaverndar á Íslandi.

Staða barnanna og tími afskipta barnaverndaryfirvalda

Það vekur athygli að foreldrar og kennarar/starfsfólk skóla meta heildarstöðu barnanna oftast erfiðari en barnið sjálft og starfsmaður barnaverndaryfirvalda. Á þessu kunna að vera nokkrar skýringar sem velja þarf upp.

Meira samræmis gætir milli sjálfsmats barnsins og barnaverndarstarfsfólksins en milli barnsins og foreldra og kennara. Niðurstöður sýna að börnin meta hegðun sína erfiðari en þau meta líðan sína og er meira samræmi varðandi hegðunarþáttinn í mati barnsins og annarra upplýsingagjafa. Mat barnaverndarstarfsfólksins hins vegar, hefur meira samræmi við líðan þættina að mati foreldra og kennara, en líðanina að mati barnsins. Af þessu má ætla að börnin eigi auðveldara með að gera sér grein fyrir hegðunarerfiðleikum sínum eða fái frekar viðbrögð umhverfisins við hegðuninni.

Jafnframt má ætla lágt mat barnanna á líðan þáttum, bendi til að börnin eigi erfiðara með að svara spurningum og gera sér grein fyrir líðan sinni eða að umhverfið bregðist síður við þeim einkennum þó svo áhyggjur upplýsingagjafa í umhverfi barnsins komi fram.

Tími afskipta virðist að jafnaði vera 24 til 44 mánuðir eða tvö til þrjú og hálf ár. Þessi tímalengd mála vekur spurningar um þau úrræði og áherslur sem valin eru í barnaverndarmálunum, því foreldrar og kennarar meta erfiðleika barnanna á annan hátt en barnið og starfsfólk barnaverndar gerir. Gera má ráð fyrir að starfsfólk barnaverndar hafi upplýsingar til að meta stöðu barnsins og viti um áhyggjur foreldra og kennara eftir að mál hefur verið til meðferðar í 24 - 44 mánuði. Eigi að síður má ætla að stuðningsaðgerðir hafi ekki skilað tilætluðum árangri þegar horft er til þess hversu miklir erfiðleikar barnanna eru að mati foreldra og kennara. Viðhorf foreldra og kennara gangvart vanda barnsins kann einnig að valda því að forsendur til árangurs stuðningsúrræða verði hæpnari, þar sem gert er ráð fyrir virkri aðild foreldra og kennara.

Almennt jákvæð afstaða foreldra barna innan barnaverndar til samstarfs og samvinnu við barnaverndina kann að vera mat foreldra á því hvernig þeir upplifa samstarfið og samskiptin við starfsfólk barnaverndar, frekar en að það tengist árangursmati stuðningsúrræða. Einnig kann að vera að áhersla starfsfólksins á vanda foreldranna (Christansen og Egelund, 2002) komi fram með þeim hætti að draga úr vanda barnsins og leggja áherslu á samstarfið við foreldrana í von um að þar skapist traust sem opni á frekari möguleika til að vinna með foreldrunum eða vanda foreldranna.

Túlka má samræmi í mati barns og starfsfólks barnaverndarnefnda á þá leið að þar sé að finna vísbendingu um að starfsfólkið standi meira með barninu eða horfi framhjá eða geri minna úr vanda þess. Þessa ályktun má styðja með því að vísa til niðurstöðu í rannsókn Anni G. Haugen (2004) um að starfsmenn höfðu ekki gátlista til að styðjast við þegar málin eru metin og að þeir nýta samstarfshópinn og meðferðarfundi til að fá fram sjónarmið og viðtækara mat. Foreldrar og kennarar eða barnið sjálf eru ekki þátttakendur á þeim fundum þó samstarfið sé gott (Anni G. Haugen, 2004; Sandbæk, 1995).

Hin ólíku sjónarmið og áherslur á styrkleika og veikleika sem fram koma í mati upplýsingagjafanna ásamt tímalengd málanna, undirstrikar mikilvægi þess að notaðar séu skýrslur og matslistar sem veitt geti skýra mynd og opnað á möguleika til að miðla ólíku mati og áherslum milli aðila málsins. Slíkt vinnulag og heildarsýn er grundvallarhugmynd í barnaverndarstarfi eins og fram kemur í rannsóknum og að baki ASEBA matslistunum (Achenbach og Rescorla, 2001; Christansen og Egelund, 2002; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2004b; Anni G. Haugen, 2004; Munro, 1999, 2000; Bache-Hansen, 1995). Með slíkum vinnuaðferðum opnast einnig leið til að endurmeta stöðu barnanna og árangur stuðningsúrræða.

Tiltölulega lítil áhersla starfsfólks barnaverndar á að taka viðtöl við börnin sjálf (Anni G. Haugen, 2004; Munro, 1999, 2000; Sandbæk, 1996) kemur hugsanlega fram í að mat starfsfólks barnaverndar á vanda barnanna, bendir til færri vandamála en mat foreldra og kennara. Þá kann að vera að starfsfólkið byggir á upplýsingum sem komnar eru frá öðrum aðilum eða að barnaverndarstarfsfólk hafi önnur viðmið til grundvallar mati sínu. Niðurstöður rannsóknarinnar um að 80-85% barnanna hafi verið boðuð og/eða tekið þátt í viðtölum hjá starfsmanni barnaverndar eða öðrum ráðgefandi aðila ganga gegn slíkri ályktun.

Önnur möguleg skýring á að mat starfsfólks barnaverndar er lægra en foreldra, kann að vera að starfsmaður barnaverndar sem svarar matslistanum hafi ekki átt viðtal við barnið sjálft, heldur annar starfsmaður eða mál verið flutt milli starfsmanna eða annar fagaðili fengin til (Sandbæk, 1996). Einnig gæti hér verið að koma fram takmörkuð/ónóg skráning í málskjölum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2005). Þessi skýring gæti staðið óhögguð þó svo foreldrar svari því til að barnið hafi átt viðtal við starfsmann barnaverndar.

Í ljósi þess að starfsfólk barnaverndar telur heildarvanda barnanna sem um ræðir einungis vera í 49% tilvika yfir klínískum mörkum, gefa vísbendingar um tilefni þess að skoða þurfi ástæðu afskipta og grundvöll stuðningsaðgerða í 51% málanna.

Hátt hlutfall foreldra eru öryrkjar og/eða heimavinnandi

Óvenjuhátt hlutfall foreldra 11-18 ára barna innan barnaverndar gefa upp örorku sem atvinnustöðu sína. Alls eru það 32% foreldranna og ef meðtalið er þegar annað foreldri gefur upp að vera heimavinnandi, eru foreldar sem eru öryrkjar og/eða heimavinnandi orðin 40% hópsins. Hlutfall 16-66 ára hér á landi sem njóta örorkustyrks- og örorkulífeyris er til samanburðar 5% karlar og 8% konur, samkvæmt upplýsingum á vefsíðu Hagstofu Íslands (Hagstofa Íslands, 2005). Þessi niðurstaða gefur tilefni til að skoða sérstaklega félagslega-, heilsufarslega og fjárhagslega stöðu fjölskyldna barna innan barnaverndar.

Gera má ráð fyrir að margir íþyngjandi þættir eða álagsþættir séu meðvirkandi í þeirri stöðu sem barnið og fjölskylda er í og jafnframt að stuðningsaðgerðir þurfi að vera margháttaðar. Einnig þarf að hafa í huga að sú staða að annað foreldra er öryrki og/eða heimavinnandi kann að vera auðlind sem finna þarf leiðir til að styðja og/eða virkja.

Það eru hægt að segja að vísbendingar í niðurstöðum þessarar rannsóknar gefa til kynna að huga þurfi á markvissan hátt að fyrirbyggjandi aðgerðum sem beinist að börnum þar sem fjölskylduaðstæður er íþyngjandi, örorka foreldris/a ásamt félaglegum-, náms- eða hegðunarvanda barns (Ackerman, Brown og Izard, 2003; Sandbæk, 1995; Killén, 2000; Patterson o.fl., 1989).

Álagsþættir fjölskyldna

Niðurstöður þessarar rannsóknar og árskýrslur barnaverndarnefnda (Barnaverndarstofa, 2000, 2004) sýna að helstu stuðningsaðgerðir barnaverndar lúta að stuðningi inn á heimili, við fjölskylduna eða einstaklinga innan hennar. Því má spyrja hvort þau úrræði geti haft raunveruleg áhrif og skilað árangri nema stuðningurinn innihaldi miklu fleiri þætti og þar með þætti sem fjölskyldur barna innan barnaverndar vantar til að ráða við verkefni sín (Andenæs, 2004).

Norrænar og breskar rannsóknir benda á að félagslegar aðstæður fjölskyldna innan barnaverndar séu erfiðari en almennt gerist. Bent hefur verið á lægra menntunarstig, minni atvinnuþátttöku og lægri tekjur en meðtaltekjur. Bent er á að

barnaverndin þurfi því í meira mæli að beina sjónum að „fátækt“ fjölskyldnanna samhliða stuðningsaðgerðum sem beinast að tilfinninga- og samskiptalegum stuðningi foreldra og barns (Andenæs, 2004).

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að foreldrar upplifa vanda barna sinna sem mikinn, fjölskyldurnar eru barnmargar, óvenjuhátt hlutfall foreldra eru öryrkjar, stærsti hluti foreldra hefur aðeins lokið grunnskólanámi og/eða vinnur við ósérhæfð störf, meðaltekjur fjölskyldna eru lágar og barnaverndarmálin hafa staðið yfir í alllangan tíma. Allt eru þetta þættir sem auka álag á foreldra/forsjáraðila barna. Hver einstakur þáttur einn og sér, kann að reynast fjölskyldum erfiður og íþyngjandi hvað þá þegar fleiri þættir raðast saman hjá einni fjölskyldu.

Það er því óhætt að fullyrða að upplýsingar um félagslegar aðstæður og fjármál fjölskyldna barna innan barnaverndar eru nauðsynlegar svo til verði heildarmynd sem geti orðið grundvöllur stuðningsaðgerða og þar með enn frekari árangurs í barnaverndarstarfinu.

Ólíkur vandi utan og innan höfuðborgarsvæðis

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að líðan og heildarvandi barna utan höfuðborgarsvæðisins er martækt verri en barna innan höfuðborgarsvæðis. Heildarfærni barna utan höfuðborgarsvæðis er líka metin aðeins minni þó sá munur sé ekki marktækur.

Þessi niðurstaða er að nokkru leyti óvænt þegar litið er til þess hve hátt hlutfall umsókna um fósturheimili (65%) og meðferðarúrræði (73%) á vegum Barnaverndarstofu koma frá höfuðborgarsvæðinu (Barnaverndarstofa, 2004). Velta má upp hvort hér sé að finna vísbendingu um að brugðist sé síður við vanda barna sem búa í fámennari byggðalögum. Getur verið að þolrými umhverfisins utan höfuðborgarsvæðisins sé meira fyrir vanlíðan og hegðunarfrávikum barna? Er hér að finna vísbendingu um vöntun á hefð fyrir stuðningi eða afskiptum samfélagsins af málefnum barna sem eiga í erfiðleikum? Eða er hér að finna vísbendingu um vöntun á úrræðum og aðgengi að úrræðum barnaverndaryfirvalda? Þessum spurningum þarf að svara með frekari rannsóknum.

Börn innan barnaverndar og sérþjónusta skóla og geðheilbrigðisþjónusta

Niðurstöður rannsóknarinnar og samanburður milli upplýsingagjafa og við aðrar rannsóknarniðurstöður, sýnir að rök eru til að álykta að vandi 11-18 ára barna innan barnaverndar sé álíka mikill og vandi barna sem vísað er til geðheilbrigðisþjónustunnar. Niðurstöður um hlutfall þeirra barna sem skora yfir viðmiðum ASEBA mælitækisins og DSM-sjúkdómsflokkunarkerfis, benda ákveðið til að börn innan barnaverndar eigi oft við geðræna erfiðleika að etja (sbr. mynd 7).

Þessi niðurstaða vekur upp spurningu um hvernig samstarfi þessara tveggja þjónustukerfa er háttáð og hversu mörg börn innan barnaverndar njóti þjónustu geðheilbrigðiskerfisins. Rannsóknarniðurstöður Pär Nygren (2000) benda til að hátt hlutfall barna innan barnaverndarkerfisins eigi einnig við geðrænan vanda að etja og að stórt hlutfall þeirra barna njóti ekki geðheilbrigðisþjónustu. Niðurstöður hans benda einnig til að börnin hafi þörf fyrir þjónustu beggja þessara þjónustukerfa.

Foreldrar eru í því hlutverki að hafa yfirlit um þjónustu við börn sín (Sandbæk, 1996) og niðurstöður hér gefa tilefni til að ætla að foreldrar meti vanda barna sinna það mikinn að þau leiti til annarra þjónustukerfa. Eftir stendur spurningin um hvort barnaverndin aðstoði eða eigi frumkvæði til að leita þeirrar þjónustu. Hlutskipti foreldra sem þurfa að leita á marga staði til að sækja aðstoð og þjónustu fyrir börn sín, hafa takmarkaðri mörguleika til atvinnuþátttöku vegna umönnunar barna. Í þessu samhengi verður óneitanlega áleitin hugmyndin um að margþættur vandi (multi-problem) barna og fjölskyldna og að einnig sé hugsanlega til orðin „marg-stofnana-vandi“ eða samhæfingarvandi stofnana, í að veita börnum aðstoð og þjónustu.

Niðurstöður á mati upplýsingagjafa varðandi félagslega- og námslega færni sýna að börn innan barnaverndar standa höllum fæti á flestum færniþáttum. Þörf barnanna fyrir námslegan- og félagslegan stuðning kemur skýrt fram. Rannsóknin veitir hins vegar ekki svör við því hvort börnin njóti slíks stuðning. Mat kennara/starfsfólks skóla á vandapáttum og færniþáttum bendir til að svarendur upplifi vanda barnanna að jafnaði mjög mikinn.

Hversu viðeigandi má ætla að stuðningsaðgerðir séu miðað við vanda barnsins/anna?

Heildarvanda barnanna er hægt að skoða út frá einstökum þáttum eins og þau eru flokkuð í ASEBA kerfinu og út frá DSM-sjúkdómsflokkunarkerfinu. Samkvæmt ASEBA flokkun skora börnin á einstaka vandaþætti að meðaltali 56,6-64,2 t-gildi. Vandandi stúlkna er oftast en drengja, hlédrægni-/depurðareinkenni og athyglis-/einbeitingarvandi. Vandandi beggja kynja er hins vegar álíka oft reiði eða árásargjörn hegðun.

Munur er á mati upplýsingagjafanna varðandi vanda barnanna. Af þeirri ástæðu má vera ljóst að sjónarhorn og áherslur eru mismunandi. Foreldrar og kennarar meta oftast eða hjá 69% barna að heildarvandinn sé það mikill að hann mælist yfir viðmiðum mælistækisins. Starfsfólk barnaverndar og börnin sjálf meta hins vegar heildarvandann yfir mörkum í 41-47% tilvika. Foreldrar meta hegðunarvanda oftast yfir mörkum, kennarar meta vanlíðan oftast yfir mörkum og starfsmennirnir og börnin meta hegðunarvanda oftast yfir mörkum. Séu einstakir þættir skoðaðir kemur fram enn fjölbreyttari mynd þar sem áherslur upplýsingagjafanna eru brotnar niður á einstaka þætti eins og sjá má á mynd 8.

Meginúrræði í stuðningsaðgerðum barnaverndar samkvæmt ársskýrslum, er aðstoð inn á heimili. Sú aðstoð felst í: 1) að foreldri og barni er leiðbeint, tilsjón, 2) persónulegur ráðgjafi eða stuðningsfjölskylda, 3) barni útvegaður viðeigandi stuðningur (t.d. sumardvöl) og 4) foreldrar aðstoðaðir við að leita sér meðferðar.

Samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar er vandandi/þörf barnanna fyrir aðstoð margháttuð, varðandi líðan, hegðun og félagslega stöðu. Sá munur sem fram kemur á mati upplýsingagjafanna er mikilvægur, vegna þess að slíkt mat er mikilvæg forsenda þess að greina vandann og velja viðeigandi stuðningsúrræði.

Foreldrar meta samvinnu við barnaverndaryfirvöld oftast (84%) sem góða. Það er athyglisvert í ljósi þess að munur er á mati starfsfólks barnaverndar og foreldra á þeim vanda sem við er að etja. Foreldrar meta vanda barnanna oftast yfir viðmiðum, það er að um verulegan vanda sé að ræða þó svo barnaverndarmálið hafi verið til meðferðar um alllangan tíma. Sama niðurstaða er hjá starfsfólki skóla, sem í 65-70% tilvika metur vanda barnanna meiri en sem nemur einu staðalfráviki frá meðaltali,

sem bendir til að vandi barnanna sé töluverður. Að nokkru leyti styður það ályktanir Anni G. Haugen (2004) um tilhneingingu starfsfólks barnaverndar til að styðjast við önnur viðmið, horfa á vandamál foreldranna eða horfa fram hjá vanda barnsins og þar með mikilvægi þess að hafa raunsæja mynd af þörfum barnsins. Niðurstöður rannsóknarinnar veita ekki svör við því hvort viðeigandi úrræði hafi verið valin eða hvernig þau hafi virkað. Mat foreldranna á að samstarfið sé gott kann að gefa tilefni til að álykta að svo sé, sem þó er ekki það sem spurt var um.

Niðurstaðan um hversu viðeigandi stuðningsúrræði séu, er ekki skýr og ljóst að þörf er frekari rannsókna á greiningum og úrræðum barnaverndarnefnda og árangri þeirra aðgerða.

Hagnýting niðurstaðna og ábendingar

Þrátt fyrir takmarkanir rannsóknarinnar má draga nokkra þekkingu af niðurstöðum, þar sem ætla má að úrtakið geti endurspeglað þýðið, 11-18 ára börn innan barnaverndar.

Félagsráðgjafar og annað starfsfólk sem starfar við barnavernd þarf að takast á við erfið, flókin og krefjandi verkefni. Barnaverndarmál eru margbreytileg og fáir þættir fastir í hendi. Í slíkum aðstæðum sem einkennast af óvissu, viðkvæmni og mörgum upplýsingagjöfum, er mikilvægt að starfsfólkið noti vinnuáferðir sem beri með sér festu, skipulag og virðingu fyrir aðilum málsins og ólíkum sjónarmiðum. Samstarf við foreldra, barnið og annað fagfólk er stór og mikilvægur hluti barnaverndarstarfsins. Markviss vinnubrögð, samræmi í upplýsingaöflun og samstarf ásamt þekkingu á afleiðingum misbrests í uppeldi, geta skipt sköpum í því starfi og árangri af stuðningi barnaverndaryfirvalda.

Með samræmdum matslistum er hægt að ná fram mismunandi sjónarmiðum og mati þeirra sem best þekkja til barna. Slík tæki gefa einnig möguleika til meira samráðs og samstarfs milli allra aðila og mynda grunn að sameiginlegum skilningi og markmiðum sem eru grundvöllur árangurs í barnavernd (Achenbach og Rescorla, 2001; Achenbach, Pecora og Wherherbee, 2003; Guðrún Árnadóttir, 2003).

Rannsóknin sýnir að eitt þeirra matstækja sem hægt er að nota í þessu skyni innan barnaverndar eru matstæki ASEBA.

Rannsóknin hefur einnig leitt í ljós að sá aldurshópur barna sem hvað mest hefur fjölgað í, á undanförunum árum, glímir við margháttaðan vanda sem fellur vel að skýringarlíkani Patterson's um þróun andfélagslegrar hegðunar. Líkanið og rannsóknir á því hafa ítrekað sýnt fram á að snemmtæk íhlutun þarf að koma til svo hægt sé að fyrirbyggja þróun vandans. Íhlutunin þarf að beinast að börnum á leikskólaaldri út frá áhættuþáttum, aðstæðum og uppeldi og aðgerðirnar að lúta að stuðningi við fjölskyldur og snemmtækri aðstoð í námi. Tillögur Patterson's (1989) eru þriðættar, foreldrafærniþjálfun, félagsþjálfun barnsins og námsleg aðstoð.

Ársskýrslur barnaverndarnefnda sýna að óveruleg aukning hefur orðið á mannafla sem vinnur við barnavernd, samhliða auknum málafjölda. Það er því nokkuð ljóst að aukin verkefni verða tæplega sett á það starfsfólk sem fyrir er ef leggja á aukna áherslu á stuðning og fyrirbyggjandi aðgerðir vegna yngri barna. Ef fylgja á eftir niðurstöðum rannsóknarinnar er því líklegt að gera þurfi sérstakt átak í barnavernd hér á landi varðandi fyrirbyggjandi starf þar sem ætla má að samtímis þurfi að sinna vanda eldri barna. Hluti af slíku átaksverkefni þarf að lúta að auknu samstarfi milli faghópa og stofnana og heildrænni þjónustu.

Með hliðsjón af framanrituðu vill höfundur að lokum draga fram niðurstöður og vísbendingar sem hans mati þarfnast enn frekari umræðu og rannsókna.

Ætla má að tíðni sjúklegra einkenna varðandi hegðun, líðan, heildarvanda og slök félags-, náms- og aðlögunarfærni 11-18 ára barna innan barnaverndar, sé tvisvar til fjórum sinnum meiri en meðal barna almennt. Samstarf milli þjónustukerfa þarfnist hugsanlega samræmingar vegna skjólstæðinga sem samtímis eru í báðum og/eða fleiri þjónustukerfum.

Tilfni virðist til að skoða hvernig sinnt er þörfum skjólstæðinga barnaverndar fyrir geðheilbrigðisþjónustu og séraðstoð í skóla.

Tilfni virðist til að hvetja starfsfólk barnaverndarnefnda til að nýta sér skrifleg gögn og stöðluð skimunar- og matstæki í barnaverndarstarfi til að fá fram mat fleiri aðila og aukið samstarf.

Skóða þarf enn frekar hvernig háttað er áætlanagerð og endurmati og árangursmati í barnaverndarmálum meðal annars vegna vinnslutíma mála.

Tilgangur þessa rannsóknarverkefnis var að beina sjónum að líðan hegðun og félagslegum aðstæðum 11-18 ára barna innan barnaverndar á Íslandi.

Fræðilega umfjöllunin og niðurstöðurnar sýna skýrlega að mjög mikilvægt og vandasamt starf fer fram hjá barnaverndarnefndum og starfsfólki þeirra. Stuðningsaðgerðir og árangur af starfi barnaverndaryfirvalda hvílir á þátttöku fjölskyldunnar og samvinnu. Jákvæður árangur er talinn líklegri ef foreldrar og börn upplifa sig sem virka þátttakendur og vita hvað um er að vera. Slíkt samstarf og þátttaka fjölskyldna getur aukið gæði barnaverndarstarfsins á fleiri sviðum, svo sem við skilgreiningu erfiðleikanna og þar með haft áhrif á þátttöku aðila í stuðningsaðgerðum.

Það er von höfundar að rannsóknin og verkefnið í heild auki skilning á stöðu barna innan barnaverndar og verði grundvöllur frekari rannsókna og úrræða sem bæti aðstæður barna innan barnaverndar hér á landi.

Heimildaskrá

- Achenbach, T. M., & Rescorla, L. A. (2001). *Manual for the ASEBA School-Age Forms & Profiles: Child Behavior Checklist for Ages 6-18, Teacher's Report Form, Youth Self-Report*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, & Families.
- Achenbach, T. M., & Rescorla, L. A. (2005, september). *Multicultural Challenges to Child and Adolescent Mental health – Research Findings and Practical Solutions*. Fyrirlestur fluttur á ráðstefnu Samtaka evrópskra sérfræðilækna í barna- og unglingageðlækningum (UEMS), Reykjavík, Ísland.
- Achenbach, T. M., Dumenci, L., Rescorla, L. A., & Collage, B. M. (2001): *Ratings of Relations Between DSM-IV Diagnostic Categories and Items of the CBCL/6-18, TRF, and YSR*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, & Families. Aðgengilegt á www.ASEBA.org.
- Achenbach, T. M., Pecora, P. J., & Wetherbee, K. M. (2003). *Child and Family Service Workers' Guide for the Achenbach System of Empirically Based Assessment (ASEBA)(3rd ed.)*. Burlington, VT: University of Vermont, Research Center for Children, Youth, & Families.
- Ackerman, B. P., Brown, E., & Izard, C. E., (2003). Continuity and change in levels of externalizing behavior in school of children from economically disadvantaged families. *Child Development*, 74 (3), 694-709.
- Andenæs, A. (2002, 10. janúar). Barnevernbarna lever i fattigdom. *Dagsavisen*.
